

SEÐLABANKI ÍSLANDS

ÁRSSKÝRSLA 1986
REYKJAVÍK 1987

Setning, prentun, bókband:
ÍSAFOLDARPRENTSMÍÐJA HF.

EFNISYFIRLIT

Yfirlit yfir þróun efnahagsmála	5
Framleiðsla, tekjur og verðlag	11
Utanríkisviðskipti og greiðslujöfnuður	18
Fjármál ríkissjóðs	30
Peningamál	38
Lánamarkaðurinn	46
Gengismál	55
Erlend mál og samningar	59
Umsjá sjóða og ýmis starfsemi fyrir ríkissjóð	62
Ýmsir þættir í starfsemi bankans og lagabreytingar	69
Annáll peninga- og gjaldeyrismála 1986	83
Töflur (sjá yfirlit á næstu síðu)	87
Efnahagur 31. desember 1986	112
Rekstrarreikningur árið 1986	114
Skýringar við ársreikning Seðlabankans 1986	116
Skýringar við ársreikning Ríkisábyrgðasjóðs 1986	119
Efnahagsreikningur Ríkisábyrgðasjóðs 31. des. 1986	120
Efnahagsreikningur Seðlabankans 1980–1986	122
Stjórn bankans og starfslið og fleira	124

TÖFLUYFIRLIT

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun	88
2. tafla. Framlag atvinnugreina til landsframleiðslunnar	89
3. tafla. Þjóðarauðurinn	89
4. tafla. Fjármunamyndun	90
5. tafla. Vísitölur verðlags	91
6. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd	92
7. tafla. Greiðslujöfnuður við útlönd – Ársfjórðungsfirlit	93
8. tafla. Löng erlend lán	93
9. tafla. Staða þjóðarbúsins út á við	94
10. tafla. Gjaldeyrisstaða Seðlabankans og erl. skammtíamast. innl.st. .	94
11. tafla. Skipting innflutnings eftir notkun	95
12. tafla. Útflutningur. Skipting á helstu vöruflokka	95
13. tafla. Viðskiptakjör	96
14. tafla. Vísitala meðalgengis erlendra gjaldmiðla	96
15. tafla. Verðmæti inn- og útflutnings eftir löndum	97
16. tafla. Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs	98
17. tafla. Skipting ríkistekna eftir tekjustofnum	98
18. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir málefnaflokkum	99
19. tafla. Skipting ríkisútgjalda eftir tegundum	99
20. tafla. Seðlar og mynt	99
21. tafla. Skipting seðla og myntar eftir stærð í árslok	100
22. tafla. Ávísanavelta	100
23. tafla. Úr peningamálum	101
24. tafla. Úr reikningum Seðlabankans	102
25. tafla. Innlán og útlán innlánsstofnana	103
26. tafla. Lánaflokkun innlánsstofnana	104
27. tafla. Samandregið efnahagsyfirlit fjárfestingarlánasjóða	104
28. tafla. Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða	105
29. tafla. Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða	105
30. tafla. Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða	106
31. tafla. Úr reikningum lánastofnana	106
32. tafla. Gengi erlendra gjaldmiðla skv. skráningu Seðlabanka Íslands	107
33. tafla. Helstu vextir hjá bönkum og sparissjóðum	108
34. tafla. Bindiskyldu- og endurkaupahlutföll	109
35. tafla. Vextir við Seðlabanka í % á ári	110


SKÝRSLA BANKASTJÓRNAR

I. YFIRLIT YFIR ÞRÓUN EFNAHAGSMÁLA

Megindrættir

Efnahagsþróunin á árinu 1986 var einmuna hagstæð. Hagvöxtur varð um tvöfalt meiri en hvort næstu tveggja ára á undan og einn hinn mesti í vestrænum ríkjum. Landsframleiðsla jókst um 6,3%, hið mesta frá árinu 1978. Viðskiptakjör bötnuðu verulega, svo að þjóðartekjur jukust um 8,7%, hið mesta frá 1977. Afgangur náðist í utanríkisviðskiptum fyrsta sinni frá 1978. Kjarasamningar tóku nánara mið af möguleikum þjóðarbúsins en oftast áður, svo að verðbólga hjaðnaði um meira en helming frá fyrra ári. Samningarnir leiddu þó jafnframt til verulegs tekjuhalla á ríkissjóði og skipulagsbreytinga í húsnæðismálum með stórauðni fjármagni til þeirra. Aukinni fjárþörf var mætt með lánveitingum lífeyrissjóða og bankakerfis. Enda þótt erlendar lántökur reyndust enn mjög miklar og erlendar skuldir ykjust, lækkaði hlutfall þeirra um 4% í 51% af landsframleiðslu.


Efnahagsþróun umheimsins



Prennt var fyrirferðarmest í efnahagsframvindu umheimsins á liðnu ári. Gífurlegt verðfall varð á olfu á fyrri hluta ársins, en gekk þó að hluta til baka á síðasta ársfjórðungi. Áframhald varð á öru gengisfalli Bandaríkjadollars, um 16% yfir árið eða alls um 31% frá hámarkinu í mars 1985. Þrátt fyrir breytt gengishlutföll ágerðist viðskiptahalli Bandaríkjaanna fremur á árinu í heild, 3,3% af þjóðarframleiðslu á móti 2,9% árið áður, og á hinn bóginn jókst viðskiptaafgangur Japans úr 3,7% í 4,2% og V-Pýskalands úr 2,1 í 3,6% af þjóðarframleiðslu.

Raunverð hráolíu að tiltölu við útflutningsverð iðnríkja féll um 42% frá árinu áður, en um nærfellt helming frá 1982. Vægi olíuverðs í heimsviðskiptum má marka af því, að olíuinnflutningur OECD-svæðis lækkaði úr 264 milljörðum dollara nettó árið 1980 í 157 milljarða 1985 og tæpa 100 milljarða 1986.

Árin 1983 og 1984 var dollar orðinn ljóslega ofmetinn með tilliti til jafnvægis í utanríkisviðskiptum, en meðalgengi hans var þá á bilinu 30-50%




hærra en árið 1980. Þetta gengi stóð hins vegar í rökrænu samhengi við viðskiptahallann, sem mótsvaraði fjárlagahallanum ásamt slökum einkasparnaði. Fall dollars frá mars 1985 var því almennt talið óhjákvæmilegt skilyrði þess að koma viðskiptajöfnuði helstu ríkja heims í heilbriggt horf. Í árslok 1986 var meðalgengi dollars aftur orðið svipað og 1981 og þar áður 1975-77, en árin 1978-80 var dollar mun veikari, en þar á móti sterkari árin 1982-85. Virðist dollar og þar með gengisafstöður helstu gjaldmiðla komnar nálægt því í jafnvægishorf, að tilskildu viðunandi samræmi í ríkisfjármálum og öðrum eftirspurnarþáttum milli helstu ríkjanna.

Hagvöxtur hélt áfram fjórða árið í röð frá stöðnuninni 1981-82, en hægðist nokkuð og varð 2,4% í iðnríkjunum, nokkru minni en spáð hafði verið. Vöxturinn varð jafnari en oftast áður, 2,3% bæði í Japan og í Evrópu og 2,5% í Bandaríkjunum. Breyttar afstöður þarna á milli spegla í og með breytta samkeppnisstöðu, jafnframt því sem þensluáhrif frá ríkissjóðshalla Bandaríkjanna eru enn til staðar. Á fjögurra ára tímabiliinu frá 1982 hefur framleiðsla OECD-svæðis aukist um 13,4%, nánast hið sama og héraendis á þriggja ára bataskeiði frá 1983.

Viðskiptajöfnuður


Sökum öndverðra viðskiptakjaraáhrifa í fyrstu umferð gengisaðlögunar tekur það viðskiptajöfnuð þróaðra iðnríkja verulegan tíma, jafnvel 2-3 ár, að laga sig til fulls að breyttum gengisafstöðum. Þessi regla kemur heim við enn aukinn viðskiptahalla Bandaríkjanna upp í 140 milljarða dollara á árinu 1986, jafnframt því sem viðskiptaafgangur Japans hækkaði í 86 og Þýskalands í 36 milljarða. Olíuframleiðsluríkin hafa einning sætt stórauðnum viðskiptahalla, upp í 36 milljarða dollara 1986.



Hagþróun síðustu ára hefur annars vegar skilað slökum árangri atvinnubata, en hins vegar góðum árangri stöðugra verðlags, og er ótvírætt nokkurt samhengi þar á milli. Atvinnuleysi rénaði lítið eitt í Bandaríkjunum, Þýskalandi og Kanada, en jókst fremur víðast í öðrum iðnríkjum, svo að heildarbatinn varð hverfandi. Að vísu varð víðast sæmileg aukning atvinnuástands, um 1,6% á heildina lítið, en mannfjölgun og aukin atvinnuþátttaka á móti kom í veg fyrir að nokkurt verulegt skarð væri höggvið í atvinnuleysið, sem nam um 7% af mannafla í Bandaríkjunum og 11% í Evrópulöndunum til samans, en ekki nema 2,8% í Japan. Á heildina lítið hefur atvinnuleysi verið lítt breytt frá árinu 1982.

Verðlag og vextir

Slíkt langvarandi atvinnuástand hefur að vonum sett mark sitt á kjarasamninga og þróun launatekna. Kauphækkningar á vinnustund og á framleidda einingu hafa því fremur farið lækkandi að undanfögnu. Verðbólga hefur hjaðnað nokkuð jafnt og þétt allt frá 1980 og varð



Grundvallarskilyrði þjóðarbúsins

aðeins 2,3% á kvarða neysluverðlags OECD-svæðis. Þarf að leita rúma tvo áratugi aftur eða allt til 1964 til þess að finna svo litla verðbólgu á alþjóðavettvangi.

Hjaðnandi verðbólga hefur gefið tilefni til lækkandi vaxta á fjármagnsmarkaði, og hafa stjórnvöld víða séð ástæðu til að stuðla að þeirri þróun í því skyni að örva atvinnu og hagvöxt. Vextir bæði langra og stuttra skuldabréfa lækkuðu því í helstu iðnríkjunum yfir árið 1986 og sömuleiðis milli ársmeðaltala. Raunvextir lækkuðu þó sýnu minna sökum minnkandi verðbólgu.

Þær ytri aðstæður, sem mestu máli skiptu fyrir íslenskan þjóðarbúskap á árinu, voru hinar almennu og áður nefndu: gengislækkun dollars, olíuverðlækkunin og vaxtalækkun á alþjóðlegum fjármagnsmarkaði, en ekki síður hin sérstöku markaðsskilyrði fyrir sjávarafurðir, sem hafa mótast annars vegar af langtímaþróun fiskneyslu og hins vegar af tregum sjávarafra samkeppnisþjóða. Grundvallarskilyrði hagþróunar af innlendum toga eru einkum fiskveiðistefna síðustu ára ásamt hagstæðum lífsskilyrðum á íslensku hafsvæði, verðlags- og gengisstefna stjórnvalda frá miðju ári 1983, kjarasamningar heildarsamtaka vinnumarkaðarins í samstillingu við verðlags- og fjármálastefnu og loks skipulagsumbætur peningamála og bankakerfis til aukins frjálsræðis og beitingar markaðsstjórntækja.

Framleiðsla

Botnfiskafli jókst annað árið í röð frá lægðinni 1984, en loðnuafli minnkaði um 9% frá hámarkinu árið 1985. Afli annarra tegunda jókst talsvert. Heildarafli varð næstum eins mikill að magni og metárið á undan, en 13% meiri á föstu verði, og nam þá heildaraukningin þannig reiknuð 42,6% á þrem árum frá 1983. Framleiðsla sjávarafurða í heild jókst um tæp 10% frá árinu áður, svo að meðalvinnslustig mun hafa lækkað nokkuð, enda varð mikill útflutningur á ferskum fiski. Sökum birgðaminnkunar yfir árið jókst útflutningur sjávarafurða þó nokkru meira en framleiðslan eða um 11-12% á föstu verði. Gengi annarra útflutningsgreina var mjög misjafnt. Ullar- og skinnaiðnaður áttu í markaðsörðugleikum, svo að útflutningur þeirra sem og sumra annarra greina dróst töluvert saman, en á móti jókst framleiðsla áls og kísiljárns. Útflutningsframleiðslan í heild jókst þannig um 7%.

Framleiðsluaukning í fiskveiðum og fiskvinnslu, metin á kvarða vinnsluvirðis, er talin hafa numið 11,1%, landbúnaði 3,5% og öðrum iðnaði um 4,5%. Mikil aukning varð í verslun og veitingarekstri, 6,5%, og samgöngum o. a. þjónustu, 5,8%. Var afkoma almennt góð í þessum greinum, en örðug í verslun á landsbyggðinni. Starfsemi hins opinbera jókst um tæp 4%, en byggingarstarfsemi mun hafa

staðið í stað. Alls jókst landsframleiðsla um 6,3% og þjóðarframleiðsla um nánast hið sama, 6,2%. Áhrif bættra viðskiptakjara komu svo raunaukningu þjóðartekna upp í 8,7%.

Ráðstöfun verðmæta

Á ráðstöfunarhlið þjóðarbúsins hefur mikil aukning neyslunnar verið fyrirferðarmest. Einkaneysla hefur þar farið fyrir, jókst um 6,5% á árinu og alls um rúm 15% síðustu þrjú árin, en árið þar á undan varð samdráttur um rúm 8%. Samneyslan jókst um tæp 4% á árinu, en árið áður og yfir allan lengri tíma litið hefur hún aukist örar en einkaneyslan, enda aldrei dregist saman svo áratugum skiptir. Fjármunamyndun er hins vegar talin hafa staðið í stað eftir aðeins 1% aukningu árið áður og allmiklar sveiflur þar á undan. Fjárfesting atvinnuvega hefur þó haft drjúgan framgang á móti samdrætti eða stöðnun í opinberum framkvæmdum og íbúðabyggingum.

Viðskiptakjör

Viðskiptakjör út á við snerust fremur óvænt til mikils bata, sem nam 5% á vöruviðskiptum eða um 4,5% á heildarviðskiptum vöru og þjónustu. Veigamest varð verðlækkun olíu, sem olli því, að olíureikningur þjóðarbúsins lækkaði um 2,4 milljarða króna eða 39% á föstu gengi. Á móti því hefði mátt vænta lækkunar raunvirðis útflutnings, sem seldur er fyrir dollara, einkum frystiafurða. Hagstæð markaðsskilyrði sjávarafurða báðum megin hafs gáfu hins vegar færi á verðhækkun til meira en fulls mótvægis og á sveigjanlegri aðlögun afurðasamsetningar og markaðsleiða til þess að nýta bestu tækifærin. Útflutningsaukningin, 15,7% reiknuð á föstu gengi, varð leiðandi aflið í þjóðarbúskapnum. Aukinn peningalegur sparnaður hindraði, að tekjuaukningin kæmi með fullum þunga fram í innflutningi, sem jókst um 5,4% á föstu gengi. Vöruskiptajöfnuðurinn varð þannig jákvæður um 4 milljarða kr. Þjónustujöfnuðurinn varð einnig til muna hagstæðari en áður. Útflutningur vöru og þjónustu jókst að magni um 6,2%, en innflutningur um aðeins 0,3%, og auka viðskiptakjörin enn á þann mun. Við þetta varð viðskiptajöfnuður jákvæður fyrsta sinni frá árinu 1978 og þar á undan 1969 og 1970, en þessi þrjú ár varð viðskiptaafgangur á bilinu 1,1-1,5% af landsframleiðslu. Eru þetta mikil umskipti frá árinu áður, 1985, er hallinn nam 4,8 milljörðum eða 4,3% af landsframleiðslu, og á það einnig við, þótt leiðrétt sé fyrir birgðabreytingum og sérstökum innflutnings-sveiflum.

Kjara- og verðlagsmál

Bati viðskiptakjara og annarra raunskilyrða í upphafi ársins veitti kærkomið tækifæri til þess að brjótast úr sjálfheldu gagnstæðra krafna um raunlaun og raungengi. Almennir kjarasamningar náðust í febrúarlok um sem næst 14% kauphækkun í fjórum áföngum og var ætlað, að gengi krónunnar gæti staðist þá raun. Lækkun opinberra

gjalda og þjónustuverðs nam 3,9% í framfærslukostnaði, og var á þeim grundvelli stefnt að því að þoka verðbólgu niður í 8% yfir árið. Sérkjarasamningar, kjaradómar og bætur fyrir verðlagshækkun umfram rauðu strikin bættu miklu við, svo að hækkun kauptaxta er metin 25% yfir árið. Af þessu ásamt falli dollars leiddi í fyrsta lagi gengissig krónu um 5,5% yfir árið, en um 13% milli ársmeðaltala, í öðru lagi 12,8% hækkun framfærslukostnaðar yfir árið eða um 21% milli ársmeðaltala, og í þriðja lagi fádæma mikla aukningu kaupmáttar, bæði taxta og tekna. Atvinnutekjur á mann hækkuðu milli ára um 35% og kaupmáttur þeirra um 11%. Þrátt fyrir tilætlaða hófstillingu í upphaflegum, almennum kjarasamningum varð hækkun bæði kauptaxta og launatekna þannig í reynd mjög mikil, svo að hjöðnun verðbólgunnar reyndist mjög háð auknu burðarþoli atvinnuveganna og þar með því, að ekki kom til verulegra víxlhækkana í krafti rauðu strikanna í samningunum, en þau eru eins konar óformleg endurvakning vísitölutengingar launa.

Ríkisfjármál

Upphafleg fjárlög ársins 1986 voru við það miðuð að koma á jöfnuði tekna og útgjalda eftir mikinn halla árið á undan í því skyni að greiða upp lausaskuldir og stuðla að bættu efnahagslegu jafnvægi. Kom þá upp sú staða, að talið var unnt að ná ábyrgari kjarasamningum og draga verulega úr verðbólgu með nokkurri fórn þessara jafnvægismarkmiða. Var því ákveðin lækking opinberra gjalda og aukning niðurgreiðslna um 1.650 m.kr., en innlendar lántökur jafnframt auknar um nær 1.600 m.kr., þannig að stefnt var að 1,1% tekjuhalla ríkissjóðs á árinu. Til þess að mæta hallanum og viðhalda svipuðum greiðsluafgangi og í upphaflegum áformum var samið um 850 m.kr. lán ríkissjóðs frá bankakerfinu og 625 m.kr. frá lífeyrissjóðum. Veigamesta breytingin til frambúðar var þó sú, að lífeyrissjóðirnir fjármagna útlán íbúðalánasjóða með 55% af ráðstöfunarfé sínu, og lánsréttur meðlima þeirra er háður því í stað beinna útlána sjóðanna til þeirra. Í þessu felst jafnframt veruleg meðgjöf í raunvöxtum. Samkvæmt bráðabirgðauppgjöri á greiðslugrunni reyndist tekjuhalli ríkissjóðs 1.876 m.kr. eða 1,3% af landsframleiðslu.

Peninga- og lánamál

Þróun peningamála réðst í senn af hækkandi rauntekjum og raunvöxtum sem og af þensluáhrifum frá ríkisbúskap og erlendum lántökum. Innlán jukust um 34,3%, langt umfram aukningu útlána, sem nam 20,9%, útlána og endurlána bankakerfisins um 17,8% eða hækkun lánskjaravísitölu um 14,7% yfir árið. Enda þótt spariinnlán í heild skiluðu aðeins eilítið jákvæðum raunvöxtum, gáfust margháttuð tækifæri til góðrar ávöxtunar innan banka sem utan. Raunvextir bankaútlána urðu um 7% á heildina litið, en nokkru hærri á almennum skuldabréfamarkaði. Þróun raunvaxta átti drjúgan hlut


að því, að ársmeðaltal heildarinnlána hækkaði í 31,1% af landsframleiðslu, úr 29,1% árið áður, en lægst varð hlutfallið 19,4% 1978. Verulegar breytingar urðu á bankalöggjöf með gildistöku laga um viðskiptabanka og sparisjóði í ársbyrjun og laga um Seðlabankann 1. nóvember. Breyting skipulags og starfshátta í anda nýju laganna var í deigluinni í árslok. Aukið vaxtafrelsi samkvæmt nýju lögnum leiddi aðeins til hægfara aðlögunar og þá einkum samræmingar milli mismunandi vaxta. Vaxtamunur innlánsstofnana jafnaðist milli verðtryggðra og óverðtryggðra lána, en breyttist lítið á heildina lítið. Raunvextir útlána voru fremur lægri en af hliðstæðum lánnum erlendis, svo að hvorki þeir né vaxtamunurinn gáfu tilefni til íhlutunar samkvæmt nýju lögnum. Heildarstaða innlánsstofnana gagnvart Seðlabanka ásamt lausafjárstöðu erlendis batnaði um tæpa 3 milljarða kr. á árinu, þar af lausafjárstaðan um 856 m.kr., og eru innstæðubréf vegna lántöku ríkissjóðs á árinu þá ekki meðtalin.

Samhliða öflugum vexti hins innlenda lánakerfis voru tekin ívið meiri erlend lán en árið áður, alls 12 milljarðar kr., en hrein lántaka varð 5,9 milljarðar. Mikil hækkun þjóðartekna samfara tiltölulega stöðugu gengi krónunnar og falli dollars og sterlingspunds sérstaklega olli þó því, að hlutfall langra erlendra lána af landsframleiðslu í árslok lækkaði í 51% úr 54,8% árið áður. Greiðslubyrði lánanna hélst þó lítið breytt og nam 19,2% af útflutningstekjum. Þróun innlends lánamarkaðar og erlendra lántöku leiddi til aukningar gjald-eyrisforðans um 3,6 í 12,5 milljarða kr. í árslok, og var hlutfall hans af innflutningi þá orðið með hæsta móti.


II. FRAMLEIÐSLA, TEKJUR OG VERÐLAG

Þjóðartekjur jukust mikið á árinu 1986, og varð vöxtur þeirra sá mesti síðan 1977. Hagvöxtur varð mun meiri en undangengin tvö ár, og viðskiptakjör bötnuðu verulega. Þjóðartekjur á mann voru 4,3% hærri en við lok síðasta hagvaxtarskeiðs. Ef tímabilið frá 1945 er skoðað, sést, að átta sinnum hafa þjóðartekjur á mann aukist meira en á árinu 1986. Rætur efnahagsbatans má rekja til 10% aukningar sjávarafurðaframleiðslu og meiri umsvifa í samgöngum og þjónustu. Einkaneysla jókst á milli ára til jafns við hagvöxt, en heildareftirspurn nokkru minna, þar eð fjárfesting stóð í stað og samneysla jókst mun minna en þjóðarframleiðsla. Heildareftirspurn jókst einnig mun minna en þjóðarframleiðsla, en það ásamt bötnun viðskiptakjara náði að mynda afgang á viðskiptajöfnuði í fyrsta skipti síðan 1978.


Þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur



Landsframleiðslan 1986 varð 6,3% meiri en árið á undan. Þjóðarframleiðsla jókst um 6,3% og þjóðartekjur um 8,7%. Munur landsframleiðslu og þjóðarframleiðslu felst í tekjuhreyfingum gagnvart útlöndum, en meginhluti þeirra eru vaxtagreiðslur af ertendum lánnum. Vöxtur þjóðartekna ræðst annars vegar af vexti þjóðarframleiðslu og hins vegar af breytingum viðskiptakjara. Þar sem viðskiptakjör bötnuðu talsvert á milli ára, jukust þjóðartekjur meira en þjóðarframleiðsla. Samkvæmt áætlun Þjóðhagsstofnunar má rekja rúmlega fjórðung aukningar þjóðarframleiðslunnar á sl. ári til fiskveiða og fiskvinnslu. Aukin umsvif á sviði samgangna og þjónustu skýra rúmlega þriðjung hagvaxtarins, verslun og veitingarekstur um sjöunda hluta og iðnaður rúmlega tíunda hluta. Tafla II.1. sýnir hagvöxt miðað við mismunandi mælikvarða framleiðslu og tekna á mismunandi tímabilum. Taflan sýnir, að hagvöxtur undanfarinna ára hefur að meðaltali verið minni en á árunum fyrir 1975. Árlegur hagvöxtur á mælikvarða þjóðarframleiðslu var að meðaltali 5,1% á árunum 1955 til 1974 í samanburði við 3,2% næstu 12 árin þar á eftir. Eins og sjá má jókst verg þjóðarframleiðsla á mann um 5,6% 1986, en meðaltal árlegs vaxtar þjóðarframleiðslu á mesta góðæriskeiði seinni tíma, árunum 1962 til 1966, er 6,9%.



Ráðstöfun þjóðarframleiðslunnar




Tafla II.1. Hagvöxtur.
(Árlegar breytingar í %)

	1955-84	1955-64	1965-74	1975-84	1985	1986
Verg landsframleiðsla	4,5	5,2	5,0	3,4	3,3	6,3
Verg þjóðarframleiðsla	4,3	5,3	4,9	2,9	3,0	6,3
Verg þjóðarfrl. á mann	2,8	3,2	3,5	1,8	2,2	5,6
Vergar þjóðartekjur	4,8	6,0	5,7	2,8	3,5	8,7
Vergar þjóðartekjur á mann	3,2	3,8	4,3	1,7	2,7	8,0

Einkaneysla jókst um 6,5% samanborið við 5% 1985 og 3% 1984 og er nú meiri en nokkru sinni fyrr. Einkaneysla sem hlutfall af þjóðarframleiðslu lækkaði úr 63,5% 1985 í 61,2% á liðnu ári, og er það nokkuð svipað hlutfall og á árunum 1981 til 1984, en um 3% hærra en 1977 til 1980. Samneysla jókst um 3,9% á liðnu ári samanborið við 6,2% aukningu 1985. Hlutdeild samneyslu í þjóðarframleiðslunni var nær óbreytt frá árinu á undan, 18,9%, og er það ívið hærra hlutfall en meðaltal árunum 1980-84 og um 2% hærra en meðaltöl árunum 1977 til 1980. Samanburður á einkaneyslu og samneyslu eftir 1977 við fyrri tíma er torveldur, vegna þess að hið nýja kerfi þjóðhagsreikninga mælir neyslu á nokkuð annan hátt en áður tíðkaðist.

Fjármunamyndun var svipuð 1986 og 1985, en þá jókst hún um 1%. Hlutfall fjármunamyndunar af þjóðarframleiðslu hefur lækkað á undanförunum árum og varð 21,0% 1986, sem er 3,4% lægra hlutfall en meðaltal næstu fimm ára þar á undan, og hefur þetta hlutfall ekki verið lægra síðan 1954. Þessi umskipti má að mestu rekja til breytinga á umfangi opinberra framkvæmda, sem á tveimur sl. árum drógust saman um nær 16%. Fjárfesting atvinnuveganna jókst þriðja árið í röð. Fjárfesting í landbúnaði jókst um 9,1%, en rúmlega öll aukningin átti rætur að rekja til 850 milljón króna fjárfestingar í fiskeldi. Án fiskeldis minnkar fjárfesting í landbúnaði um 10% annað árið í röð. Um það bil 13% af fjármunamynduninni sl. ár voru í sjávarútvegi, veiðum og vinnslu til samanburðar við 8,5% 1985. Fjármunamyndun í útgerð rúmlega tvöfaldaðist eftir fjögurra ára samdráttarskeið. Aftur á móti varð engin breyting á fjárfestingu í fiskvinnslu í kjölfar 33% aukningar frá árinu 1983 til 1985. Verulegur samdráttur er áætlaður í fjárfestingu í almennum iðnaði eða 9,8%, en þar á móti kemur 9,4% aukning fjármunamyndunar í verslun og skrifstofu- og gistihúsum. Í heild er áætlað, að fjárfesting atvinnuveganna hafi aukist um 4,5% milli 1985 og 1986, og er það aðeins tæpur þriðjungur aukningarinnar næstu tvö ár þar á undan. Sem hlutfall af þjóðarframleiðslu er fjárfesting atvinnuveganna 10,9% 1986, sem er ívið hærra en meðaltalið árinum 1980-85. Fjárfesting í íbúðabyggingum hélst óbreytt frá fyrra ári, en sem hlutfall af þjóðarframleiðslu lækkuðu íbúðabyggingar úr 5% 1985 í 4,6% 1986. Fjárfesting í íbúðarhúsnæði



var á liðnu ári 14% minni en þegar hún var mest árið 1980. Opinber fjárfesting dróst saman eins og áður er getið, og munaði þar mest um 22,3% minnkun framkvæmda við rafveitur og virkjanir, 13% minni fjárfestingu í hitaveitum og 8,7% samdrátt í byggingum hins opinbera.


Tafla II.2. Verðmætaráðstöfun.
(Árlegar breytingar í %)

	1955-84	1955-64	1965-74	1975-84	1985	1986
Einkaneysla	4,8	5,2	7,0	2,4	5,0	6,5
Samneysla	5,8	6,4	6,4	4,5	6,2	3,9
Fjármunamyndun	4,7	8,5	6,0	-0,2	1,0	0,0
Verg verðmætaráðstöfun ..	5,0	6,1	7,0	1,9	2,9	3,8

Af töflu II.2. sést, að verg verðmætaráðstöfun, þ.e. einkaneysla, samneysla, fjármunamyndun og birgðabreytingar, jókst um 3,8% frá fyrra ári. Þetta er nokkru minni aukning en vöxtur þjóðarframleiðslunnar, og þar sem viðskiptakjör bötnuðu einnig á milli ára, hafði þessi þróun verulega jákvæð áhrif á viðskiptajöfnuð. Í fyrsta sinn síðan 1978 varð viðskiptajöfnuður jákvæður. Þetta eru mikil umskipti, þegar haft er í huga, að viðskiptahallinn undanfarin 5 ár var að meðaltali 5,1% af þjóðarframleiðslu. Að meðtöldum birgðabreytingum var fjárfesting 19,6% af þjóðarframleiðslu, og er það hlutfall rúmlega 5% lægra en meðaltal árána 1981-85. Þjóðhagslegur sparnaður jókst nokkuð á liðnu ári og nam 20% af þjóðarframleiðslu samanborið við 17,4% 1985. Þetta er þó ekki hátt hlutfall, ef litið er nokkur ár aftur í tímann. Þjóðhagslegur sparnaður var á árunum 1970-79 að meðaltali 24,7% af þjóðarframleiðslu, en þetta hlutfall féll niður í 20,6% 1980-85. Bættur viðskiptajöfnuður verður því ekki nema að takmörkuðu leyti rakinn til meiri sparnaðarhneigðar.

Viðskiptakjör


Verð á helstu útflutningsafurðum í erlendum gjaldeyri, þ.e. miðað við meðalgengi, hækkaði á liðnu ári um 4,9%. Sjávarafurðaverð hækkaði um 7,5% í erlendri mynt, og á sú hækking einkum rætur að rekja til 7,8% hækkunar á verði fredfisks og 25% hækkunar á saltfisksverði. Mjöl og lýsi og saltsíld féllu lítillega í verði í erlendri mynt, miðað við meðalgengi, en hækkuðu í dollurum. Útfluttar iðnaðarvörur hækkuðu um 2% í erlendri mynt þrátt fyrir lækkandi afurðaverð álbræðslunnar (-3%) og kísiljárnverksmiðjunnar (-17%). Sútun og ullarvinnsla nutu 4% hækkunar útflutningsverðs í erlendri mynt, kísilgúrinn hækkaði um 3% og aðrar iðnaðarvörur um 4,2%. Ef stóriðja er undanskilin, hækkaði útflutningsverð í erlendri mynt um 6,7%.




Innflutningsverð á neysluvörum hækkaði um 8,9% í erlendri mynt, ef miðað er við meðalgengisvísitölu, en um 6,5% miðað við innflutningsvog gengis, sem er í betra samræmi við verðlagsbreytingar í helstu viðskiptalöndum landsins. Rekstrarvörur, sem fluttar voru til landsins, lækkuðu í verði um tæp 20% vegna mikils verðfalls á olíu. Verðlag á innfluttri fjárfestingarvöru hækkaði um 10% milli ára, en hins vegar lækkaði verð á innflutningi til stóriðju um 9%. Yfir heildina litið var innflutningsverð miðað við meðalverð erlendra gjaldmiðla það sama 1985 og 1986, en ef stóriðju og olíuinnflutningi er sleppt, hækkaði það um 8,5%.

Vöruskiptakjör bötnuðu um 4,9% á sl. ári, en versnuðu um 1,8%, ef olía og stóriðja eru ekki taldar með. Þegar tillit hefur verið tekið til breytinga á þjónustuviðskiptum og vaxtagreiðslum, er ljóst, að viðskiptakjör vöru og þjónustu í heild hafa batnað um 4,5% frá árinu áður, og hafa þau ekki verið betri síðan 1978. Lækkun olíuverðs réð mestu um bata viðskiptakjaranna á árinu. En jafnvel þótt olíuverð hefði staðið í stað, hefðu viðskiptakjörin batnað. Þetta er athyglisvert í ljósi þess, að lækkun gengis dollars ein útaf fyrir sig hafði neikvæð áhrif á viðskiptakjörin. Þetta sýnir, að aðstæður á erlendum fiskmörkuðum urðu til þess, að hækkun verðs sjávarafurða meira en vó upp áhrif lækkunar gengis Bandaríkjadollars á alþjóðlegum gjald-eyrismörkuðum. Vöruviðskiptakjörin eru áberandi betri seinni helming ársins, rúmlega 8% miðað við allt árið á undan og 6,5% betri en fyrri hluta ársins. Þetta er vegna þess, að olíuverðlækkunin er ekki að fullu komin fram fyrr en á seinni helmingi ársins, jafnframt því að útflutningsverð sjávarafurða hækkar verulega í lok ársins.

Framleiðsla og hagur atvinnuvega



Heildaraflinn 1986 var 1.620 þúsund tonn skv. bráðabirgðatölum Fiskifélags Íslands. Þetta er um 50 þúsund tonnum minni heildarafl en 1985, og orsakast það af 100 þúsund tonna minni loðnuafli. Botnfiskaflinn jókst um 4% á milli ára og hefur ekki verið meiri síðan 1982. Þorskaflinn var 347 þúsund tonn, sem er tæplega 25 þúsund tonnum meira en fékkst úr sjó 1985. Síldveiði var 64 þúsund tonn, sem er um 30% aukning á milli ára, og rækju- og humarveiðar skiluðu meiri afla en nokkru sinni fyrr. Aflaverðmæti á föstu verði er talið hafa aukist um rúmlega 13% á liðnu ári og var talsvert meira en áður eru dæmi um. Botnfiskverð var um 15% hærra að meðaltali 1986 en árið á undan og hækkaði því minna en verðlag almennt. Þrátt fyrir þetta batnaði hagur botnfiskútgerðar talsvert. Í lok sl. árs, eftir 8% hækkun fiskverðs í desember, var áætlað, að verg hlutdeild fjármagns af tekjum væri 20% hjá botnfiskútgerðinni til samanburðar við 12% 1985 og 7% 1984. Lækkun olíuverðs og góður afli á sóknar- einingu hafa þannig breytt hag botnfiskútgerðar til hins betra. Hagur rækju- og loðnuveiða var einnig talinn vænlegur á liðnu ári.



Sjávarafurðaframleiðslan er áætluð um 10% meiri 1986 en 1985 og var því meiri en nokkru sinni áður. Framleiðsla á ísfiski jókst um tæp 27%, saltfiskvinnslan um 16% og freðfiskvinnsla um 8%. Aftur á móti stóð framleiðsla á lýsi og mjöli í stað. Hagur botnfiskvinnslunnar í heild batnaði nokkuð á árinu. Afkoma frystingar var svipuð og árið á undan, en afkoma saltfiskvinnslu batnaði verulega.

Iðnaðarframleiðsla varð 4,4% meiri 1986 en 1985. Framleiðsla álversins jókst lítillega á árinu og kísiljárnframleiðslan um rúmlega 10%. Veltutölur skv. söluskattsskýrslum benda til þess, að heildarvelta iðnfyrirtækja hafi vaxið um 33% á sl. ári, og áætlað er, að almennar verðbreytingar á rekstrarvörum hafi verið 25%. Þetta vísar til þess, að hagur iðnaðar hafi batnað á sl. ári í kjölfar neikvæðrar þróunar árið áður. Gengisþróunin var hagstæð þeim iðnfyrirtækjum, sem keppa við framleiðslu Vestur-Evrópu, en andstæð þeim, sem keppa við vörur framleiddar í Bandaríkjunum. Áætlanir benda til, að vergar þáttatekjur iðnaðarins 1986, þ.e. rekstrartekjur að frádregnum aðföngum, hafi aukist um tæp 5% á föstu verði, sem er heldur meira en vöxtur framleiðslu, og vísar til batnandi afkomu iðnfyrirtækja. Framleiðsluaukning í landbúnaði varð um 1%, en vergar þáttatekjur á föstu verði eru taldar hafa minnkað. Afkoma bænda hefur því almennt versnað á árinu. Mjólkurframleiðsla minnkaði um rúm 5%, en kjötfremleiðsla jókst lítillega, þar eð gengið var á búfjárstofninn. Velta smásöluverslunar jókst um 33% á liðnu ári og áætlanir benda til, að brúttóhagnaður hafi hækkað úr 3% af tekjum árið 1985 í 4-5% á síðasta ári.

Kjarasamningar

Með kjarasamningunum milli ASÍ og VSÍ 26. febrúar hækkuðu laun strax um 5%, um 2,5% 1. júní, um 3% 1. september og 2,5% 1. desember. Auk þess fengu launþegar með mánaðarlaun undir 35 þúsund krónum tvisvar sinnum launauppbót á bilinu 1.500 til 3.000 krónur. Ríkisstjórnin hét samningsaðilum efnahagsaðgerðum, sem dygðu til að draga úr verðhækkunum og minnka skattbyrði, og er talið, að þær ráðstafanir hafi kostað ríkissjóð um 1,5 milljarða króna. Kjarasamningurinn var gerður í trausti þess, að framfærsluvísitalan hækkaði ekki meira frá áramótum en sem næmi 2,5% 1. maí, 4,4% 1. ágúst og 6,1% 1. september. Hækkanir umfram þessi mörk ollu alls 3% viðbótarhækkun launa. Í kjölfar samninga ASÍ og VSÍ gerðu BSRB og ríkið og SÍB og bankarnir sambærilegt samkomulag að því undanskildu, að 5% launahækkunin var afturvirk til 1. febrúar hjá BSRB og til 1. janúar hjá SÍB. Í júlí tryggði kjaradómur félögum BHMR launaflokkatilfærslur, sem jafngiltu 8% til 9% launahækkun umfram þær hækkanir, sem áður er getið. Alls hækkuðu almennir launataxtar landverkafólks í ASÍ um 17% á samningstímabilinu, en ekki 13,6% eins og áformað var í upphafi. ASÍ og VSÍ skrifuðu undir nýjan kjara-

Kaupmáttur og tekjur

samning 6. desember, þar sem samið var um 26.500 króna lágmarks-laun auk almennra hækkana á launatöxtum í áföngum á árinu 1987. Hækkun lágmarkslauna er metin til jafns við 3,16% almenna launa-hækkun. Áætlað er, að kauptaxtar allra launþega hafi hækkað um rúmlega 25% milli ára.


Kaupmáttur launataxta jókst um 3,3% milli ára, og er það fyrsta verulega aukningin síðan 1978 og kemur í kjölfar um fjórðungs kaupmáttarrýrnunar á árunum 1983 og 1984. Greitt dagvinnutímakaup landverkafólks í ASÍ hækkaði um 32,4% á milli ára, og kaupmáttur þess varð 9,16% hærri að meðaltali 1986 en 1985. Atvinnutekjur launafólks, sjómanna og bænda jukust í heild um 36,5% á milli ára, en um 33,7% á hvern vinnandi mann. Heildartekjur, þ.e. atvinnutekjur að meðtöldum eigna- og tilfærslutekjum, virðast hafa vaxið að sama skapi og atvinnutekjur, en ráðstöfunartekjur sýndu um 1% minni aukningu, þar eð skattbyrði jókst lítillega á liðnu ári.

Tafla II.3. Tekjuþróun.

(1980 = 100)

	1981	1982	1983	1984	1985	1986 ¹⁾
Kaupmáttur kauptaxta ²⁾	98,6	98,2	79,5	73,6	73,7	76,2
Kaupmáttur greidds tímakaups ³⁾ ..	101,1	101,1	84,8	81,3	83,5	91,1
Kaupmáttur atvinnutekna á vinnandi mann ⁴⁾	100,2	98,8	85,7	84,6	88,4	97,5
Kaupm. heildartekna á v.m. ⁵⁾	101,7	101,7	89,4	88,6	93,9	103,5
Kaupm. ráðstöfunartekna á vinnandi mann ⁶⁾	102,2	101,7	90,0	89,0	95,9	105,0
Þjódartekjur á vinnandi mann	97,8	94,2	89,5	90,8	90,8	96,6

- 1) Bráðabirgðatölur.
- 2) Miðað við vísitölu framfærslukostnaðar.
- 3) Hreint tímakaup og bónus í dagvinnu hjá landverkafólki í ASÍ skv. gögnum Kjararannsóknarnefndar. Kaupmáttur miðaður við vísitölu framfærslukostnaðar.
- 4) Miðað við verðvísitölu einkaneyslu. Vinnuafslaukningin 1980–1984 miðast við slysatryggðar vinnuvikur skv. upplýsingum Hagstofunnar. Aukningin 1985 er byggð á uppl. Bygðastofnunar um vinnumarkaðinn, og aukningin 1986 er áætluð 2%.
- 5) Heildartekjur heimila af atvinnu og fjármunaeign.
- 6) Heildartekjur heimila af atvinnu og fjármunaeign að viðbættum lífeyrisgreiðslum og bótum trygginga, en að frádrögnum beinum sköttum.



Eins og sjá má á meðfylgjandi línuriti jókst kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann um 9,5%, og hefur hann ekki verið meiri áður. Í töflu II.3. kemur fram, að kaupmáttur atvinnutekna og heildartekna á vinnandi mann hefur þróast ólíkt. Þannig jókst kaupmáttur heildartekna um rúm 10% og varð 3,5% hærri en 1980, en kaupmáttur atvinnutekna á mann 1986 var enn nokkru minni en 1980. Þjódartekjur á mann voru rúmlega 5% hærri 1986 en 1980. Hins vegar eins og sést í töflu II.3. voru þjódartekjur á vinnandi mann rúmlega 3% lægri 1986 en 1980. Þessi þróun á bæði rætur að rekja til meiri fjölg-

Verðþróun


unar fólks á vinnufærum aldri en þjóðarinnar í heild og aukinnar atvinnuþátttöku. Það er athyglisvert, að þjóðartekjur á vinnandi mann skuli að meðaltali vera rúmlega 6% lægri á sl. 5 árum en næstu 5 árum þar á undan eins og sést í línuritinu um þróun þjóðartekna.

Verðbólguhraðinn skv. 4 mánaða miðsettri hækkun vísitölu framfærslukostnaðar var um 20% í upphafi ársins, lækkaði um mitt árið, en hækkaði síðan aftur undir lok þess. Framfærsluvísitalan hækkaði um 12,8% yfir árið, og hefur verðbólga ekki mælst minni á einu ári síðan 1971. Í kjölfar kjarasamninganna í febrúar og aðgerða ríkisstjórnarinnar stóðu vonir til þess, að verðbólgan kæmist niður í eins stafs tölu. Þar eð gengi krónunnar seig nokkuð, laun hækkðu umfram áætlanir og eftirspurnarþensla jókst, rættust þær vonir ekki. Meðfylgjandi línurit og tafla II.4. sýna þróun verðbólgu á mælikvarða framfærsluvísitölu.

Tafla II.4. Verðbólgustig.

(4 mánaða miðsett hækkun framfærslukostnaðar á ársgrundvelli í %)

	1983	1984	1985	1986
Janúar	105,7	11,6	56,9	20,3
Febrúar	113,2	12,3	43,1	13,5
Mars	116,0	12,8	34,2	9,5
Apríl	147,3	18,6	28,1	4,4
Mái	105,9	18,0	27,0	10,7
Júní	105,0	17,6	32,0	12,4
Júlí	83,2	18,5	34,0	10,7
Ágúst	52,4	13,4	35,4	9,9
September	47,3	14,6	34,6	15,3
Október	26,1	26,1	32,9	14,6
Nóvember	26,0	40,5	34,3	18,5
Desember	17,2	50,5	34,5	22,2



Hækkun framfærslukostnaðar á milli ára var 21,3% samanborið við 32,4% 1985, 29,2% 1984 og 84,3% 1983. Byggingarkostnaður hækkaði um 17,2% yfir árið, en um 26,1% á milli ára, til samanburðar var hækkunin á milli ára 22,1% 1984 og 31,5% 1985. Laun vega þungt í vísitölu byggingarkostnaðar, og það skýrir meiri hækkun byggingarkostnaðar en annarra mælikvarða á verðbólgu. Lánskjaravísitalan hækkaði um 14,7% yfir árið og var að meðaltali 24,6% hærri 1986 en 1985. Verðvísitala einkaneyslu er talin hafa hækkað til jafns við framfærsluvísitölu, en verðvísitala vergrar þjóðarframleiðslu hækkaði um tæp 26% á milli ára til samanburðar við 33% hækkun 1985. Þannig sýna allar mælingar minni verðbólgu 1986 en árið á undan, en þó jókst verðbólguhraðinn undir lok ársins.

**Þróun utanríkis-
viðskipta og greiðslu-
jafnaðar**


III. UTANRÍKISVIÐSKIPTI OG GREIÐSLUJÖFNUÐUR

Þróun utanríkisviðskipta og greiðslujafnaðar varð allmiklu hagstæðari á árinu 1986 en árið áður, og varð nú viðskiptajöfnuður hagstæður í fyrsta skipti síðan 1978. Hluti batans á þó rætur að rekja til meiri minnkunar útflutningsvörubirgða 1986 en árið áður, þar sem verðmæti útflutningsvörubirgða minnkaði um 2.021 m.kr. á árinu 1986 á móti 1.227 m.kr. minnkun 1985 reiknað á gengi ársins 1986. Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst um 15,7% miðað við árið áður, og verðmæti vöruinnflutnings jókst um 5,4%. Þetta hafði þau áhrif, að vöruskiptajöfnuður varð hagstæður um 3.980 m.kr., sem svarar til 2,7% af VLF (vegri landsframleiðslu) á árinu 1986 á móti því nær jöfnuði árið áður. Á þessi mikli bati á vöruskiptajöfnuði annars vegar rætur að rekja til aukins útflutnings og hins vegar til verðlækkunar á olíuvörum, að því er innflutningshliðina varðar. Halli á þjónustujöfnuði varð 2,3% af VLF á árinu 1986 samanborið við 4,3% árið áður, og er því um að ræða verulegan bata þjónustujafnaðar á árinu 1986. Viðskiptajöfnuður reyndist því hagstæður um 0,4% af VLF, en var óhagstæður um 4,3% árið áður. Miklu minna fjármagnsinnstreymi nettó varð nú á fjármagnsjöfnuði en árið áður, en það ásamt afgangi á viðskiptajöfnuði varð til þess að bæta gjaldeyrisstöðu Seðlabankans um 3.381 m.kr., sem svarar til 2,3% af VLF, en árið áður batnaði gjaldeyrisstaðan um 4,4% af VLF. Tafla III.1. sýnir

*Tafla III.1. Greiðslujafnaðaryfirlit.
(Í m.kr. á meðalgengi 1986)*

	1985	1986
Innfluttar vörur fob	-38.892	-40.988
Útfluttar vörur fob	38.880	44.968
Vöruskiptajöfnuður	-12	3.980
Þjónustujöfnuður	-5.536	-3.426
Viðskiptajöfnuður	-5.548	554
Framlög án endurgjalds	9	160
Fjármagnsjöfnuður	11.112	2.667
Heildargreiðslujöfnuður	5.573	3.381

Útflutningur



helstu þætti greiddslujafnaðar 1985 og 1986, þar sem tölur hafa verið umreiknaðar til meðalgengis 1986 samkvæmt gengisvísitölu viðskiptavogar.¹⁾

Útflutningsframléiðsla er talin hafa aukist um nálægt 7,2% að raunverulegu verðgildi. Gjaldeyrisverðmæti vöruútflutnings jókst miklu meira eða um 15,7% eins og áður er sagt, enda minnkuðu útflutningsvörubirgðir meira á árinu 1986 en árið áður, og viðskiptakjör bötnuðu. Mest varð aukning í gjaldeyrisverðmæti sjávarafurða, 19,2%. Af sjávarafurðum jókst gjaldeyrisverðmæti skreiðar hlutfallslega mest eða úr 206 m.kr. í 900 m.kr., þá skelfisks, saltfisks og mjöls, en samdráttur varð í útflutningsverðmæti lýsis og saltsíldar. Verðmæti álútflutnings jókst um 2,7%, en útflutningsverðmæti kísiljárns dróst saman um rúm 5%. Útflutningsverðmæti annarra iðnaðarvora dróst saman um tæplega 1%. Útflutningsverðmæti landbúnaðarafurða jókst um 6,6%.

Tafla III.2. Útflutningur helstu vörflokka.
(Fob-verð í m.kr. á meðalgengi ársins 1986)

						Breyting
	1982	1983	1984	1985	1986	í % 1985–86
Sjávarafurðir	20.716	21.801	23.368	29.060	34.627	19,2
Par af: Saltfiskur	5.136	3.796	3.375	4.283	5.784	35,0
Skreið	1.001	1.277	91	206	900	336,9
Frystur þorskafli	8.971	10.581	10.384	12.490	13.161	5,4
Lýsi	414	137	1.007	1.693	1.022	-39,6
Mjöl	788	667	2.284	2.328	2.671	14,7
Humar, rækja og hörpudiskur	1.112	1.927	2.208	3.088	4.853	57,2
Saltsíld	722	788	1.144	1.015	739	-27,2
Landbúnaðarafurðir	348	356	597	548	584	6,6
Iðnaðarvörur	6.147	9.394	9.748	8.726	8.873	1,7
Par af: Ál	2.775	5.633	5.056	3.848	4.125	7,2
Kísiljárn	791	1.057	1.500	1.405	1.334	-5,1
Aðrar iðnaðarvörur	2.582	2.704	3.192	3.472	3.444	-0,8
Aðrar vörur	400	500	1.052	546	884	61,7
Útflutningur alls	27.611	32.051	34.765	38.880	44.968	15,7

Tafla III.2. sýnir skiptingu útflutnings á helstu vörflokka sl. fimm ár, og hafa tölur fyrri ára verið umreiknaðar til gengis 1986 samkvæmt gengisvísitölu viðskiptavogar. Taflan sýnir einnig hlutfallslega breytingu á útflutningsverðmæti ársins 1986 miðað við árið 1985. Verðmæti sjávarafurða í heildarvöruútflutningi nam 77,0% árið 1986 á móti 74,7% árið áður.


¹⁾ Allur talnasamanburður árána 1985 og 1986 í þessum kafla er gerður á sambærilegu gengi, annaðhvort á meðalgengi eða árslokagengi 1986, eftir því sem við á, nema annað sé sérstaklega tekið fram.

Tafla III.3. Skipting inn- og útflutnings eftir löndum.
(Í prósentum af heildarinn- og útflutningi)

	1982	1983	1984	1985	1986
<i>Innflutningur:</i>					
EFTA	22,2	22,8	21,2	22,0	20,6
EBE	45,9	45,1	47,3	49,5	52,9
Austur-Evrópa	10,3	11,3	11,0	8,8	6,5
Norður-Ameríka	9,0	8,3	7,4	7,2	7,4
Önnur lönd	12,6	12,5	13,1	12,5	12,6
<i>Útflutningur:</i>					
EFTA	19,1	14,9	12,7	14,2	10,1
EBE	32,7	34,7	38,3	39,3	54,1
Austur-Evrópa	8,4	8,0	9,5	7,8	5,5
Norður-Ameríka	26,3	28,6	28,6	27,3	22,0
Önnur lönd	13,5	13,8	10,9	11,4	8,3

Skipting inn- og útflutnings eftir löndum

Tafla III.3. sýnir skiptingu vöruútflutnings eftir löndum. Helstu breytingar á skiptingu eftir markaðssvæðum urðu þær, að Portúgal og Spánn gengu í EBE í ársbyrjun 1986, en við það jókst hlutdeild EBE-landa um 2,1% af innflutningi og 10,0% af útflutningi. Þar sem Portúgal gekk samhliða úr EFTA, dróst hlutdeild EFTA-landa saman um 0,9% af innflutningi og 6,5% af útflutningi þeirra 1986. Á sama hátt minnkaði hlutdeild annarra landa um 1,2% af innflutningi og 3,5% af útflutningi 1986 vegna tilflutnings Spánnar til EBE. Þrátt fyrir mikinn samdrátt á útflutningi til Norður-Ameríku 1986 miðað



við 1985 er jöfnuðurinn við það svæði langhagstæðastur af einstökum markaðssvæðum.

Ef litið er á hlutdeild einstakra landa í vöruútflutningi á árinu 1986, eru Bandaríkin sem fyrr í fyrsta sæti með 21,7%, næst kemur Bretland með 20,4%, en þetta hlutfall var 14,3% 1981. Þriðja mikilvægasta útflutningslandið er Vestur-Pýskaland með 9,1% af vöruútflutningi, þá kemur Portúgal með 6,5% og síðan Frakkland og Japan, sem hvort um sig eru með 4,8% af vöruútflutningi. Athyglisvert er, að útflutningur til Frakklands og Japans hefur stöðugt farið vaxandi sl. fimm ár frá því að vera innan við 2% af vöruútflutningi á árinu 1981 í 4,8% 1986. Hlutdeild nokkurra helstu viðskiptalanda okkar í vöruinnflutningi var sem hér segir á árinu 1986: Vestur-Pýskaland 15,8%, Danmörk 10,4%, Svíþjóð 8,9%, Holland 8,6%, Bretland 8,2%, Bandaríkin 7% og Japan 6,5%.

Tafla III.4. Útflutningsvörubirgðir í árslok.
(Í m.kr. á gengi SDR í árslok 1986)


	1982	1983	1984	1985	1986
Freðfiskur	2.791	2.884	2.403	1.375	433
Til Bandaríkjanna	1.742	2.319	1.866	809	241
Til annarra landa	1.048	566	537	566	192
Saltfiskur	483	191	129	0	110
Skreið	3.615	1.390	2.123	2.016	459
Aðrar sjávarafurðir	1.490	1.809	1.992	1.801	1.525
Sjávarafurðir samtals	8.379	6.273	6.647	5.192	2.527
Landbúnaður	188	175	169	313	252
Ál	1.605	186	196	422	455
Kísiljárn	106	150	96	164	182
Kísilgúr	14	16	18	41	47
	10.292	6.800	7.126	6.132	3.463

Birgðir útflutningsvara

Tafla III.4. sýnir verðmæti útflutningvörubirgða í árslok sl. fimm ár miðað við verðlag í lok hvers árs, umreiknað til árslokagengis 1986 samkvæmt gengi á SDR. Á árinu var verðmæti skreiðarbirgða endurmetið, þannig að hluti þeirra var afskrifaður og verð lækkað á þeim birgðum, sem eftir stóðu. Alls nam lækkunin um 400 m.kr. af þessum sökum.

Þróun innflutnings

Tafla III.5. sýnir fob-verðmæti innflutnings 1985 og 1986, skipt á nokkra helstu liði, og hlutfallslegar breytingar á árinu 1986 miðað við árið áður. Sést þar, að verðmæti heildarvöruinnflutnings hefur aukist um 5,4% á árinu, en árið áður var aukningin 10,3%. Almennur vöruinnflutningur jókst um 5,6%, en verðmæti olíuvöruinnflutnings dróst saman um 39,3%, og varð því rúmlega 15% aukning á almennum innflutningi að frátöldum olíuvörum. Innflutningur sérstakra fjárfestingarvara jókst um 62,4%, aðallega vegna skipakaupa, sem juk-



Tafla III.5. Vöruinnflutningur.
(Fob-verð í m.kr. á meðalgengi 1986)

	1985	1986	Breyting í % 1985-86
Innflutningur alls, fob	-38.892	-40.988	5,4
Jérstakar fjárfestingarvörur	-1.232	-2.001	62,4
Skip og flugvélar	-1.105	-1.862	68,5
Vegna Landsvirkjunar	-52	-67	28,8
Vegna flugstöðvarbyggingar	-75	-72	-4,0
Rekstrarvörur v/álbræðslu	-2.401	-1.825	-24,0
Rekstrarvörur v/járnblverksm.	-563	-512	-9,1
Almennur innflutningur	-34.696	-36.650	5,6
(Par af olía)	(-6.085)	(-3.693)	(-39,3)

Tafla III.6. Almennur innflutningur.
(Cif-verð í m.kr. á mánaðarlegu meðalgengi 1986)

	1985			1986			Hlutfallsbreytingar %		
	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls	Olía	Annar	Alls
Janúar	343	2.356	2.699	458	2.318	2.776	33,5	-1,6	2,9
Febrúar	901	2.371	3.272	507	2.399	2.905	-43,7	1,2	-11,2
Mars	511	2.553	3.064	489	2.397	2.886	-4,3	-6,1	-5,8
Apríl	166	2.382	2.549	28	3.299	3.327	-83,1	38,5	30,5
Mái	345	2.958	3.304	390	3.220	3.609	13,0	8,9	9,2
Júní	728	2.836	3.565	320	3.076	3.396	-56,0	8,5	-4,7
Júlí	616	2.899	3.515	301	3.483	3.784	-51,1	20,1	7,7
Ágúst	487	2.530	3.017	257	2.738	2.994	-47,2	8,2	-0,8
Sept.	555	2.806	3.361	397	3.423	3.820	-28,5	22,0	13,7
Okt.	839	3.194	4.033	413	3.775	4.188	-50,8	18,2	3,8
Nóv.	401	2.855	3.257	104	3.549	3.652	-74,1	24,3	12,1
Des.	512	2.684	3.196	354	3.572	3.927	-30,8	33,1	22,9
	6.404	32.424	38.832	4.018	37.249	41.264	-37,3	14,9	6,3
I. ársfj.	1.755	7.280	9.035	1.454	7.114	8.567	-17,2	-2,3	-5,2
II. ársfj.	1.239	8.176	9.418	738	9.595	10.332	-40,4	17,4	9,7
III. ársfj.	1.658	8.235	9.893	955	9.644	10.598	-42,4	17,1	7,1
IV. ársfj.	1.752	8.733	10.486	871	10.896	11.767	-50,3	24,8	12,2

ust úr 615 m.kr. í 1.300 m.kr. eða um 111,5%. Innflutningur vegna álbræðslu dróst saman um 24% og innflutningur vegna járnblendiverksmiðju um 9,1%.

Tafla III.6. sýnir mánaðarlegan almennan innflutning 1985 og 1986, skipt á olúinnflutning og annan almennan innflutning á mánaðarlegu meðalgengi ársins 1986, þ. e. tölur fyrir hvern mánuð 1985 hafa verið umreiknaðar til sambærilegs meðalgengis viðkomandi mánaðar 1986. Tölur í þessari töflu eru á cif-verði, en í töflu III.5. eru innflutningstölur á fob-verði. Verður bæði þetta og munur á gengisumreikn-

ingi til þess að valda því misræmi, sem gætir milli talna í töflu III.5. og III.6. Eins og sjá má í töflu III.6. jókst almennur innflutningur um 6,3% á árinu 1986, en sé innflutningur olíu, sem dróst saman um 37,4%, undanskilinn, nam aukning annars almenns innflutnings 14,9%. Hlutfallslega jókst innflutningur mest á síðasta ársfjórðungi og þar næst á öðrum ársfjórðungi, en á fyrsta ársfjórðungi dróst innflutningur saman miðað við sama tímabil árið áður.

Vöruskiptajöfnuður

Vöruskiptajöfnuður 1986 varð hagstæður um 3.980 m.kr. samanborið við 12 m.kr. halla á árinu 1985 umreiknað til meðalgengis 1986 og batnaði því frá árinu áður um 3.992 m.kr. samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum. Sé vöruskiptajöfnuður árána 1985 og 1986 leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða, sem minnkuðu um 2.021 m.kr. 1986 á móti 1.227 m.kr. minnkun 1985, reynist vöruskiptajöfnuður þannig leiðréttur hagstæður um 1.959 m.kr. 1986 á móti 1.239 m.kr. halla 1985 eða 3.198 m.kr. hagstæðari 1986 en árið áður, og sé þar að auki sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvара jafnað milli ára með meðaltali síðustu þriggja ára, reynist vöruskiptajöfnuður 3.967 m.kr. hagstæðari 1986 en 1985.


Þjónustujöfnuður

Til þjónustujafnaðar teljast tekjur og gjöld af ferðalögum, samgöngum, tryggingum, vaxtagreiðslum, viðskiptum við varnarliðið o. fl.

Tafla III.7. sýnir samanburð á helstu liðum þjónustujafnaðar árin 1985 og 1986 ásamt hlutfallslegri breytingu. Þjónustutekjur námu í heild 18.970 m.kr., og er það samdráttur um 1,6% frá fyrra ári. Þjón-

Tafla III.7. Þjónustujöfnuður.
(Í m.kr. á meðalgengi 1986)

	1985	1986	Breyting í % 1985-86
Þjónustujöfnuður	-5.536	-3.426	
Innflutt þjónusta, alls	-24.821	-22.396	-9,8
Útflutt þjónusta, alls	19.285	18.970	-1,6
Útgjöld af ferða- og dvalarkostnaði	-4.511	-5.323	18,0
Tekjur af erlendum ferðamönnum	2.029	2.442	20,4
Útgjöld vegna samgangna	-10.017	-6.814	-32,0
(Par af v/flugfélaga)	(-5.027)	(-3.799)	(-24,4)
Tekjur af samgöngum	10.338	8.435	-18,4
(Par af v/flugfélaga)	(5.604)	(4.640)	(-17,2)
Vaxtagjöld	-7.148	-6.953	-2,7
Vaxtatekjur	691	727	5,2
Útgjöld vegna trygginga	-795	-940	18,2
Tekjur af tryggingum	564	430	-23,8
Tekjur af varnarliði, nettó	3.597	4.428	23,1
Ýmis útgjöld	-2.350	-2.366	0,7
(Par af v/álbræðslu)	(-569)	(-457)	(-19,7)
Ýmsar tekjur	2.006	2.508	21,4



Viðskiptajöfnuður


ustugjöld námu 22.396 m.kr., sem er samdráttur um 9,8% frá árinu áður. Þjónustujöfnuður varð því óhagstæður um 3.426 m.kr., sem svarar til 2,3% af VLF. Þetta er mun betri útkoma en árið áður, en þá reyndist þjónustujöfnuður óhagstæður um 5.536 m.kr., sem svarar til 4,3% af VLF.

Útgjöld vegna ferða- og dvalarkostnaðar jukust um 18% á móti 11,9% aukningu árið áður. Tekjur af erlendum ferðamönnum jukust um 20,4% á móti 25% aukningu árið áður. Útgjöld vegna samgangna drógust saman um 32%, en tekjur um 18,4%. Árið áður jukust útgjöld vegna samgangna um 37%, en tekjur um 34,6%. Nettótekjur af samgöngum námu 1.621 m.kr. 1986, en 321 m.kr. árið áður, þannig að útkoma samgönguliðarins varð miklu betri á sl. ári en 1985 eða sem nemur 1.300 m.kr. Í samgönguliðnum vega tekjur og gjöld flugfélaga þyngst. Nokkru meiri samdráttur varð á útgjöldum flugfélaga en tekjum þeirra á árinu 1986, þannig að nettótekjur urðu 264 m.kr. hærri en árið áður. Enn meiri munur varð þó á nettóafkomu skipafélaga, sem batnaði um 620 m.kr. miðað við árið áður og sýndi nú í fyrsta skipti um langt árabil hagstæðan jöfnuð. Hin mikla lækkun á heimsmarkaðsverði olíu á verulegan þátt í betri afkomu skipa- og flugfélaga á árinu 1986. Þrátt fyrir aukna skuldsetningu lækkuðu vaxtagjöld um 2,7% fyrir áhrif lakkandi vaxta erlendis, en vaxtatekjur hækkuðu um 5,2%, enda fór gjaldeyrisforðinn vaxandi á árinu. Á árinu 1986 námu vaxtagreiðslur nettó 6.226 m.kr., sem eru 9,7% af útflutningstekjum á móti 11,1% 1985 og 13,1% 1984. Þjónustujöfnuður án vaxta er því hagstæður um 2.800 m.kr. 1980 á móti 921 m.kr. árið áður. Tekjur af varnarliðinu jukust um 23,1% á móti 11,9% samdrætti árið áður.

Viðskiptajöfnuður (vöruskipta- og þjónustujöfnuður) reyndist samkvæmt beinum greiðslujafnaðartölum hagstæður á árinu 1986 um 554 m.kr., sem jafngildir 0,4% af VLF. Árið áður var viðskiptajöfnuður á sama hátt óhagstæður um 5.548 m.kr. eða 4,3% af VLF. Sé viðskiptajöfnuður árána 1985 og 1986 hins vegar leiðréttur fyrir breytingu útflutningsvörubirgða og sveiflum í innflutningi sérstakra fjárfestingarvara jafnað milli ára eins og nánar var útskýrt í sambandi við vöruskiptajöfnuð hér að framan, reynist viðskiptajöfnuður 1986 vera óhagstæður um 894 m.kr. eða 0,6% af VLF, en viðskiptajöfnuður 1985, leiðréttur á sama hátt, óhagstæður um 6.971 m.kr. eða 5,1% af VLF.

Framlög án endurgjalds

Framlög án endurgjalds, en til þeirra teljast eignayfirfærslur, rekstrarframlag til alþjóðastofnana og gjafafé, urðu hagstæð um 160 m.kr. á árinu 1986 á móti 9 m.kr. árið áður. Vegur þar þyngst hagstæðari jöfnuður eignayfirfærslu.



Fjármagnsjöfnuður


Fjármagnsjöfnuður er yfirlit yfir allar lántökur erlendis og afborganir af þeim svo og áhættufjármagn til fjárfestingar, sem annaðhvort kemur erlendis frá eða fer til annarra landa, og ýmsar aðrar fjármagnshreyfingar. Lánahreyfingum er annars vegar skipt í hreyfingar til lengri tíma en eins árs, og eru þær nefndar lánahreyfingar til langs tíma, og hins vegar skammtímalán. Alls varð fjármagnsjöfnuður hagstæður um 2.667 m.kr. á árinu 1986 á móti 11.112 m.kr. árið áður, og er þá liðurinn skekkjur og vantalið í báðum tilvikum talinn með í fjármagnsjöfnuði. Mikilvægustu liðir fjármagnsjafnaðar eru langar lántökur og afborganir af slíkum lánnum.

Tafla III.8. Hreyfing langra erlendra lána.
(Í m.kr. á meðalgengi 1986)

	Innkomið		Afborganir		Nettóaukning	
	1985	1986	1985	1986	1985	1986
Opinberir aðilar	5.514	5.704	1.798	2.480	3.716	3.224
Lánastofnanir	3.914	4.309	1.968	2.389	1.946	1.920
Einkaaðilar	996	2.023	1.139	1.068	-143	955
Samtals	10.424	12.036	4.905	5.937	5.519	6.099

Tafla III.8. sýnir bráðabirgðatölur um hreyfingar langra erlendra lána á árinu 1986 skipt á opinbera aðila, lánastofnanir og einkaaðila, eftir því hverjir af þessum aðilum eru frumlántakendur, þ. e. hafa tekið lánin hjá hinum erlendu aðilum. Til samanburðar eru sýndar tölur fyrir árið 1985, umreiknaðar til meðalgengis 1986. Samtals námu innkomin löng lán 12.036 m.kr., en afborganir 5.937 m.kr., þannig að lántökur til langs tíma námu 6.099 m.kr. nettó samanborið

við 5.519 m.kr. árið áður. Samkvæmt bráðabirgðatölum var heildarupphæð langra erlendra lána 75.946 m.kr. í árslok 1986 reiknað á gengi í árslok, en 75.076 m.kr. reiknað á meðalgengi ársins, og svarar það til 50,8% af VLF samanborið við 54,8% árið áður. Þessi lækkun skýrist að mestu leyti af vexti landsframleiðslunnar, en hækkun raungengis krónunnar og alþjóðlegar gengisbreytingar, einkum lækkun gengis Bandaríkjadollars og sterlingspunds, koma þar einnig við sögu, en á móti kom, að skuldir jukust nokkuð á föstu verðlagi. Greiðslubyrði af löngum lánum, það er afborganir og vextir, nam 18,9% af útflutningstekjum, þar af 9,6% vegna vaxtagreiðslna og 9,3% vegna afborgana. Þetta er aðeins lægra hlutfall en árið áður, en þá nam greiðslubyrðin 19,2%, þar af 10,4% vegna vaxta og 8,8% vegna afborgana. Heildargreiðslur vaxta af öllum skuldum við útlönd, þ. e. bæði langtíma- og skammtímaskuldum að frádregnum vaxtatekjum, sýna nettókostnað þjóðarþúsins af skuldastöðunni við útlönd. Á árinu 1986 námu nettógreiðslur vaxta 4,2% af VLF á móti 5% árið áður. Þetta hlutfall hefur farið hækkandi undanfarinn áratug. Á árinu 1977 var það 2,1%, en fór síðan stöðugt hækkandi og varð hæst 1984, 5,6%. Línurit hér til hliðar sýnir skuldastöðu langra



Tafla III.9. Löng erlend lán, flokkuð eftir gjaldmiðlum.

A. Staða í árslok í m.kr. á gengi í hver árslok.

	1982	1983	1984	1985	1986
Bandaríkjadollarar	12.084	20.715	28.145	34.543	38.737
Sterlingspund	684	1.961	3.177	3.924	3.893
Norskar krónur	435	764	741	864	649
V-þýsk mörk	2.517	3.635	4.744	6.435	8.026
Svissneskir frankar	1.016	2.222	4.256	5.767	6.940
Hollensk gyllini	180	806	1.037	1.734	1.811
Japönsk yen	1.434	4.401	8.052	10.307	12.066
EUA/ECU	706	794	855	1.106	2.242
Aðrir	810	1.038	1.237	1.432	1.582
Erlend lán, alls	19.866	36.336	52.244	66.112	75.946

B. Hlutfallsleg skipting lána í lok hvers árs.

	1982	1983	1984	1985	1986
Bandaríkjadollarar	60,8	57,0	53,9	52,3	51,0
Sterlingspund	3,4	5,4	6,1	5,9	5,1
Norskar krónur	2,2	2,1	1,4	1,3	0,8
V-þýsk mörk	12,7	10,0	9,1	9,7	10,6
Svissneskir frankar	5,1	6,1	8,1	8,7	9,1
Hollensk gyllini	0,9	2,2	2,0	2,6	2,4
Japönsk yen	7,2	12,1	15,4	15,6	15,9
EUA/ECU	3,6	2,2	1,6	1,7	3,0
Aðrir	4,1	2,9	2,4	2,2	2,1
Erlend lán, alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

erlendra lána á meðalgengi hvers árs í hlutfalli af VLF ásamt greiðslu- byrði slíkra lána í hlutfalli af útflutningstekjum sl. tíu ár. Tafla III.9. sýnir stöðu langra erlendra lána í árslok 1982-1986 skipt á gjaldmiðla. Endurlánuð skammtímalán innlánsstofnana drógust saman um 2.317 m.kr. reiknað á meðalgengi 1986, þar af voru 1.536 m.kr. vegna afurðalána. Erlend lausafjárstaða innlánsstofnana batnaði um 362 m.kr., þannig að í heild batnaði erlend skammtímastaða innlánsstofnana um 2.679 m.kr. Stutt vörukaupalán innflytjenda lækkuðu um 129 m.kr. reiknað á meðalgengi 1986, og ógreiddur útflutningur lækkaði um 118 m.kr. reiknað á sama hátt. Nettóinnstreymi á þessum mikilvægu liðum fjármagnsjafnaðarins, langtímalánunum, erlendri skammtímastöðu innlánsstofnana, stuttum vörukaupalánunum og ógreiddum útflutningi, nam 3.409 m.kr. Á öðrum liðum fjármagnsjafnaðarins, sem eru erlent einkafjármagn til atvinnurekstrar og ýmsar stuttar fjármagnshreyfingar að meðtöldum skekkjum og vantöldu nettó, var nettóúttstreymi 742 m.kr.

Tafla III.10. Staða þjóðarbúsins út á við í árslok.
(Í m.kr. á meðalgengi hvers árs)

	Löng erlend lán	Nettó-skuld við útlönd	Í hlutfalli (%) af vergri landsframleiðslu			
			Löng lán	Nettó-skuld	Viðskipta-jöfnuður	Nettó-vextir
1977	1.219	1.219	29,6	29,6	-2,3	-2,1
1978	1.971	1.873	30,8	29,3	1,2	-2,5
1979	2.930	2.721	31,0	28,8	-0,7	-2,6
1980	4.623	4.233	29,8	27,3	-2,0	-2,6
1981	7.521	6.549	31,4	27,4	-4,3	-3,4
1982	14.904	15.022	40,4	40,7	-8,4	-4,0
1983	32.127	31.141	51,3	49,7	-2,0	-4,9
1984	42.559	43.470	52,1	53,2	-5,1	-5,6
1985	60.857	62.899	54,8	56,6	-4,3	-5,0
1986 ¹⁾	75.076	71.743	50,8	48,6	0,4	-4,2

¹⁾ Bráðabirgðatölur.



Tafla III.11. Gjaldeyrisstaða Seðlabankans í árslok.
(Í m.kr. á gengi í árslok 1986)

	1983	1984	1985	1986
Gjaldeyrisforði	7.438	6.474	8.947	12.531
Gull	83	83	83	83
Innstæður í SDR	2	18	19	8
Gjaldeyrisstaða við IMF	198	198	198	198
Bankainnstæður og verðbréf	7.155	6.175	8.647	12.242
Gjaldeyris-skuldir	2.570	3.274	1.151	1.258
Nettóstaða	4.868	3.200	7.796	11.273

Nettóstaða þjóðar- búsins út á við

Nettóstaða þjóðarbúsins út á við samanstendur af öllum skuldum Íslands við önnur lönd að frádregnum kröfum landsmanna á útlönd. Erlendri fjárfestingu í atvinnurekstri á Íslandi og íslenski fjárfestingu í atvinnurekstri erlendis er sleppt. Tafla III.10. sýnir, að nettóskuldir við útlönd námu 71.743 m.kr. í árslok 1986 reiknað á meðalgengi ársins, sem jafngildir 48,6% af VLF á móti 56,6% árið áður. Af þessari 8,0 prósentustiga lækkun má rekja 3,3 prósentustig til hagvaxtar á árinu, 2,7 prósentustig til lækkunar skulda á föstu verðlagi, 1,3 prósentustig til lækkunar raungengis krónunnar og 0,7 prósentustig til alþjóðlegra gengisbreytinga, einkum lækkunar gengis Bandaríkjadollars og sterlingspunds. Tafla III.10. sýnir einnig stöðu langra erlendra lána í hlutfalli af VLF. Þá sýnir taflan einnig viðskiptajöfnuð og vaxtagreiðslur nettó í hlutfalli af VLF.

Gjaldeyrisstaða



Tafla III.11. sýnir gjaldeyrisstöðu Seðlabankans sl. fjögur ár, en þar eru tölur umreiknaðar úr erlendri mynt í íslenskar krónur á skráðu gengi í árslok 1986. Í 10. töflu í töfluviðauka hér aftan við er hins vegar að finna yfirlit yfir gjaldeyrisstöðu sl. tíu ár á því gengi, sem gildi á hverjum tíma. Í 10. töflu III.11. kemur fram, að gjaldeyrisforði Seðlabankans nam 12.531 m.kr. í árslok 1986, sem svarar til 34% af fob.-verði almenns vöruinnflutnings og hafði hækkað úr 27,5% í árslok 1985. Á árinu jókst gjaldeyrisforði Seðlabankans um 3.585 m.kr. reiknað á gengi í árslok samanborið við 2.473 m.kr. 1985. Gjaldyris-skuldir Seðlabankans jukust um 107 m.kr., þannig að nettóstaða Seðlabankans batnaði um 3.478 m.kr. reiknað á árslokagengi 1986.

Tafla III.12. Gjaldyrisviðskipti bankanna.
(Í m.kr. á gengi í lok hvers mánaðar 1986)

	Keyptur gjaldeyris		Seldur gjaldeyris		Gjaldyriskaup bankanna, nettó	
	1985 ¹⁾	1986	1985 ¹⁾	1986	1985 ¹⁾	1986
Janúar ..	4.585	4.776	4.947	5.152	-362	-376
Febrúar ..	4.669	4.757	4.758	5.778	-89	-1.021
Mars	4.444	5.070	4.608	5.271	-164	-201
Apríl	6.019	6.387	4.508	5.476	1.511	911
Mái	5.632	7.340	4.406	5.775	1.226	1.565
Júní	5.755	6.009	5.272	6.831	483	-822
Júlí	8.370	6.932	4.925	6.689	3.445	243
Ágúst	5.825	6.898	6.276	5.611	-451	1.287
Sept.	5.314	5.459	6.585	5.865	-1.271	-406
Okt.	4.810	7.064	5.048	6.924	-238	140
Nóv.	6.459	8.121	6.846	6.748	-387	1.373
Des.	9.542	9.044	8.084	7.910	1.458	1.134
Samtals ..	71.424	77.857	66.263	74.030	5.161	3.827

¹⁾ Umreiknað til gengis viðkomandi mánaðar 1986 samkvæmt vísitölu viðskiptavogar.


Á árinu 1986 endurgreiddi Seðlabankinn Alþjóðagjaldeyrissjóðnum 10,75 milljónir SDR af 21,5 milljóna SDR jöfnunarláni, sem tekið var í desember 1982.

Gjaldeyriviðskipti

Tafla III.12. sýnir gjaldeyriviðskipti bankanna, það er gjaldeyriskaup þeirra og gjaldeyrissölu í hverjum mánuði 1985 og 1986, og hafa tölur hvers mánaðar 1985 verið færðar til sambærilegs gengis viðkomandi mánaðar 1986. Á árinu í heild jukust gjaldeyriskaup bankanna um 9% miðað við árið áður og gjaldeyrissala um 11,7%.

IV. FJÁRMÁL RÍKISSJÓÐS

Verulegur tekjuhalli varð á A-hluta ríkissjóðs árið 1986, þó nokkru minni en árið áður. Innheimtar tekjur urðu 38,2 milljarðar króna samkvæmt bráðabirgðatölum, en greidd gjöld 40,1 milljarður. Hallinn varð því 1,9 milljarðar króna eða 1,3% af vergri þjóðarframleiðslu ársins, en var 2,4 milljarðar eða 2,3% af þjóðarframleiðslu árið 1985. Tekjur ríkissjóðs hækkuðu um 41,0% miðað við árið á undan, en útgjöld um 36,0%. Þessar tölur gefa þó til kynna meiri aukningu ríkisumsvifa en efni standa til, þar sem tekjur og gjöld af ýmissi lánastarfsemi eru nú færðar hjá A-hluta ríkissjóðs, en voru í B-hluta áður. Tekjur aðrar en vaxtatekjur hækkuðu um 35,6%, og gjöld önnur en vaxtagjöld hækkuðu um 29,8%. Til samanburðar hækkaði nafnvirði þjóðarframleiðslu um 33,6% milli ára, atvinnutekjur á mann um 35%, vísitala framfærslukostnaðar um 21,3% og verðvísitala þjóðarframleiðslu um 25,8%.



Ríkissjóður innheimti á árinu 0,3 milljörðum króna meira af úti-standandi lánum en veitt var af nýjum. Framlagt stofn- og hlutafé nam 117 m.kr., en á móti voru seld hlutabréf fyrir 28 m.kr. Helstu hlutafjárframlögin voru 25 m.kr. til Þróunarfélags Íslands, 10 m.kr. til Steinullarverksmiðjunnar hf., 20 m.kr. til Áburðarverksmiðju ríkisins og 39 m.kr. til Alþjóðaþróunarstofnunarinnar. Seld voru hlutabréf í Iðnaðarbankanum hf. fyrir 10 m.kr. og hlutabréf í Norðurstjórnunni hf. fyrir 17 m.kr.

Útstreymi á skammtímalíðum varð 1 milljarður króna. Þannig hækkuðu skammtímaskuldir lækkuðu um 0,9 m.kr., en skammtímaskuldir lækkuðu um 0,1 milljarð. Hrein lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs varð því 2,6 milljarðar króna eða 1,8% af vergri þjóðarframleiðslu í stað 3,9% árið áður. Gjaldfallnar afborganir af skuldum utan Seðlabankans námu 3,0 milljörðum króna, og varð verg lánsfjárbörf ríkissjóðs því 5,6 milljarðar króna. Lántökur utan Seðlabanka námu 8,6 milljörðum króna, og var því greiðslujöfnuður gagnvart bankakerfinu jákvæður um 3 milljarða króna. Þar af var greiðslujöfnuður við Seðlabankann jákvæður um 2,8 milljarða. Nánara yfirlit um fjármál ríkissjóðs á árunum 1980–1986 er að finna í töflu IV.1.

Tafla IV.1. Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs á greiðslugrunni.¹⁾
(Í milljónum króna)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986 ²⁾
1 Tekjur	3.681	5.993	9.577	15.100	20.747	27.110	38.235
2 Gjöld	3.766	6.075	9.379	16.263	19.964	29.497	40.111
3 Tekjuafgangur/ halli (1-2)	-85	-82	198	-1.163	783	-2.387	-1.876
4 Lánveitingar, nettó (-41+42)	-8	-56	-532	-376	-598	-228	234
41 Lánveitingar og hlutafjárframlög ..	10	61	586	758	750	577	1.728
42 Innkomnar afborganir og hlutafjárþala ..	2	5	55	382	151	349	1.952
5 Skammtímalíðir, nettó	72	144	-152	-1.135	-353	-1.492	-964
6 Hrein lánsfjárbörf (-3-4-5)	21	-6	486	2.674	168	4.107	2.606
7 Lántökur utan Seðlabanka, nettó (71-72)	83	179	652	1.484	809	1.686	5.642
71 Lántökur	137	334	926	2.659	3.352	2.718	8.621
72 Afborganir	54	155	274	1.175	2.543	1.032	2.979
8 Greiðslujöfnuður (7-6)	62	185	166	-1.190	641	-2.421	3.036
81 Gagnvart Seðlabanka	45	164	124	-1.258	446	-2.478	2.828
82 Bankainnst. og sjóður	17	21	42	68	195	57	208
Verg lánsfjárbörf ³⁾ (6+72)	75	149	760	3.849	2.711	5.139	5.585
Hlutfall af vergri þjóðar- framleiðslu hvers árs (%)							
1 Tekjur	24,4	25,9	27,0	25,3	26,9	25,7	27,1
án vaxta	24,1	25,6	26,7	24,7	26,1	25,0	25,3
2 Gjöld	25,0	26,3	26,5	27,3	25,9	28,0	28,5
án vaxta	24,4	25,6	25,8	25,9	24,8	26,5	25,7
3 Tekjuafgangur/halli ..	-0,6	-0,4	0,6	-2,0	1,0	-2,3	-1,3
6 Hrein lánsfjárbörf	0,1	0,0	1,4	4,5	0,2	3,9	1,8
8 Greiðslujöfnuður	0,4	0,8	0,5	-2,0	0,8	-2,3	2,2
9 Verg lánsfjárbörf	0,5	0,6	2,1	6,5	3,5	4,9	4,0

¹⁾ Skv. ríkisreikningi 1981-1985.

²⁾ Bráðabirgðatölur skv. mánaðaryfirlitum Ríkisbókhalds.

³⁾ Án afborgana af samningsbundnum lánnum í Seðlabanka.


Mikilvæg breyting var gerð á árinu á uppsetningu fjárlaga og ríkisreiknings. Tryggingastofnun ríkisins og lánastarfsemi ríkissjóðs eru nú talin í A-hluta með fjárreiðum ríkissjóðs og ríkisstofnana, en voru áður höfð í B-hluta með ríkisfyrirtækjum og sjóðum í ríkiseign. Breyting á reikningsfærslum Tryggingastofnunar hefur lítil áhrif á rekstrarafkomu A-hlutans. Á færslum þessara ríkisútgjalda verður því lítið annað en nafnbreyting í ríkisreikningi. Breytt meðferð endurlánastarfsemi ríkissjóðs veldur því, að umsvif virðast meiri en áður. Vaxtatekjur af veittum lánnum til aðila utan A-hluta ríkissjóðs

færast nú ríkinu til tekna, og útgjöld hækka að sama skapi, þótt samanlögð umsvif A- og B-hluta breytist ekki. Af þessum sökum er hlutur ríkistekna og útgjalda í þjóðarframleiðslunni sýndur bæði með vaxtafærslum og án þeirra í töflu IV.1. Vaxtabyrði ríkisins hefur að sönnu aukist jafnt og þétt hin síðari ár vegna skuldaföfnunar, en aukinn hlutur vaxta á árinu 1986 stafar að verulegu leyti af bókhaldsbreytingum.

Tekjuhalli á ríkissjóði varð í fyrra 1.876 m.kr. á greiðslugrunni. Hætt er við, að endanlegt uppgjör á rekstrargrunni sýni mun meiri halla að forminu til. Þessu veldur yfirtaka ríkisins á skuldum Kröfluvirkjunar, Rafmagnsveitna ríkisins og Orkubús Vestfjarða, sem nema mun alls um 4,5 milljörðum króna. Þessi útgjöld eru í reynd fallin til á undanförunum árum. Þau valda ekki greiðslubyrði við yfirtökuna, en hafa í för með sér auknar vaxtagreiðslur til frambúðar. Vaxtagreiðslan vegna Kröfluvirkjunar fellur raunar á A-hluta ríkissjóðs þegar á árinu 1986. Hliðstæðar yfirtökur áttu sér stað á árinu 1982, þegar ríkið tók á sig skuldir vegna byggðalína.


A-hluti ríkissjóðs hefur verið rekinn með halla undanfarin tvö ár þrátt fyrir verulegan uppgang í efnahagslífinu. Þar má þó nefna til afbötunar, að lagt hefur verið í verulega uppbyggingu á lánasjóðum ríkisins, einkum þó byggingarsjóðunum og Lánasjóði íslenskra námsmanna. Framlög til þessara sjóða námu alls 2,1 milljarði króna á árinu 1985 og 2,2 milljörðum á liðnu ári, og hafa undanfarin ár verið langt umfram samtímarekstrarþarfir þeirra. Framlög þessi eru því að verulegum hluta opinber sparnaður og ávísun á lægri ríkisútgjöld í framtíðinni, og er tekjuhalli ársins ofátlaður sem þessu nemur.

Þróun innan ársins



Fjárlög ársins voru afgreidd með 163 milljóna króna tekjuafgangi og 200 milljóna hreinni lánsfjárförf. Afskipti ríkisins af kjarasamningum í febrúar og mars leiddu til gagnerrar endurskoðunar á fjárlögum og lánsfjárlögum. Afgangurinn breyttist í átlaðan halla, sem nam 1,5 milljörðum króna. Hrein lánsfjárförf hækkaði í 1,9 milljarða. Tekjur og gjöld urðu talsvert hærri en gert var ráð fyrir í mars. Sökum þess að tekjur á árinu 1985 voru vanmetnar, þegar gengið var frá álagningarreglum fyrir árið 1986, urðu beinir skattar 1,1 milljarði króna eða 25% hærri en áætlað var í mars. Óbeinir skattar urðu 1,6 milljörðum eða 5,6% hærri en áætlað var, og stafar það einkum af aukningu þjóðartekna og innflutnings. Hækkun gjalda frá marsáætlunum varð 3,1 milljarður eða 8,9%. Þar stafar 1,1 milljarður af hækkun launagreiðslna, 1 milljarður af hækkun annarra rekstrargjalda, 0,4 milljarðar af vaxtagjöldum umfram áætlun og 1,1 milljarður af hækkun á rekstrar- og tekjutilfærslum. Greitt framlag til Byggingarsjóðs ríkisins varð 0,5 milljörðum króna lægra en áætlað var, enda var greiðslustaða sjóðsins með besta móti.

Fyrirgreiðsla Seðlabankans




Seðlabankinn fjármagnar árstíðabundinn halla ríkissjóðs samkvæmt sérstökum samningi, og er gerð áætlun um fyrirgreiðslu í upphafi hvers árs. Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð er gjarnan mæld með meðaltali skuldastöðu umfram það, sem var í ársbyrjun. Fyrirgreiðslan nam samkvæmt þessum mælikvarða um 1,9 milljörðum króna eða 1,33% af vergri þjóðarframleiðslu, sem er helmingi minna en árið 1985. Yfirdráttur á viðskiptareikningi var mikill framan af árinu og komst í 2,5 milljarða í mars og apríl. Á seinni hluta ársins dró verulega úr fyrirgreiðslu, bæði vegna batnandi hags ríkissjóðs og hins, að erlend lán voru tekin til að greiða upp skuldir við Seðlabankann. Í árslok hafði staðan á viðskiptareikningum þannig batnað um 517 m.kr. frá ársbyrjun. Í ágúst var greitt upp skammtímalán að upphæð 1.677 m.kr., en aðrar lánaafborganir urðu 909 m.kr.

Tafla IV.2. Fyrirgreiðsla Seðlabankans við ríkissjóð.
(Meðaltal á árinu)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
Í milljónum króna ...	68	182	256	1.059	708	2.773	1.865
Hlutfall af VPF, % ...	0,45	0,79	0,72	1,78	0,92	2,63	1,32

Seðlabankinn hafði á árinu milligöngu um lántöku ríkisins hjá innlánsstofnunum. Stefnit var að því, að þessi lántaka næmi 850 m.kr. á árinu. Í árslok höfðu innlánsstofnanir keypt skuldabréf Seðlabankans fyrir 574 m.kr. vegna þessa láns. Seðlabankinn hafði þegar afgreitt alla lánsfjárhæðina til ríkissjóðs, en það, sem á milli bar, fjármagnaði bankinn til bráðabirgða. Afgreiðsla þessa láns frá innlánsstofnunum hélt áfram á árinu 1987, og 7. janúar höfðu alls verið afgreiddar um 750 m.kr. frá bönkum og sparisjóðum. Seðlabankinn keypti auk þess á árinu spariskírteini og happdrættisskuldabréf ríkissjóðs af ýmsum öðrum aðilum. Átti bankinn í árslok 564 m.kr. í þessum bréfum, en 278 milljónir í lok ársins 1985, og er aukningin tæplega 220 m.kr. umfram endurmat samkvæmt lánskjaravísitölu. Hér er ekki um að ræða lántöku ríkissjóðs hjá Seðlabankanum, heldur ráðast þessi viðskipti af stefnunni í peningamálum og aðstæðum á verðbréfamarkaði. Búast má við vaxandi beitingu slíkra markaðstækja á komandi árum.



Skuldir við Seðlabankann

Nettóskuld A-hluta ríkissjóðs við Seðlabankann nam 2,1 milljarði króna í árslok 1986, en var 4,1 milljarður í árslok 1985. Skuldin var 1,4% af vergri þjóðarframleiðslu miðað við meðalverðlag ársins, en var 3,4% í árslok 1985 og 1,4% í árslok 1984. Meðfylgjandi línurit sýnir árslokaskuld ríkisins við Seðlabankann á föstu verðlagi síðustu áramóta.

Þróun tekna og gjalda

Innheimtar tekjur ríkissjóðs urðu alls 38,2 milljarðar króna á árinu, og eru það 27,1% af vergri þjóðarframleiðslu. Gjöld urðu á greiðslugrunni 40,1 milljarður eða 28,5% af þjóðarframleiðslu. Sem fyrr segir eru þessar tölur ekki sambærilegar við tölur undanfarinna ára, þar sem lánastarfsemi ríkissjóðs hefur bæst við A-hlutann. Tafla IV.3. sýnir nokkra þætti gjalda og tekna A-hluta ríkissjóðs undanfarin ár sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu. Þar sést glöggst stóruaukinn þáttur vaxta í tekjum og gjöldum á liðnu ári. Önnur gjöld og tekjur hafa vaxið minna en þjóðarframleiðsla frá árinu 1985, þar sem hlutfall þeirra hefur minnkað. Einnig sést, að innheimta beinna skatta var mjög lítil á árinu 1985, en var á síðasta ári lík því, sem var árin 1980-1984.


Tafla IV.3. Tekjur og gjöld ríkissjóðs á greiðslugrunni, sem hlutfall af vergri þjóðarframleiðslu (%).¹⁾

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
Beinir skattar	4,0	3,9	4,2	4,0	3,7	3,1	3,9
Tekjuskattar	2,9	3,0	3,4	3,1	2,8	2,2	3,1
Eignaskattar	0,5	0,6	0,6	0,7	0,6	0,6	0,6
Aðrir beinir skattar	0,5	0,3	0,3	0,2	0,3	0,3	0,3
Óbeinir skattar	20,0	21,6	22,3	20,5	22,0	21,6	20,9
Aðflutningsgjöld	4,6	5,1	5,0	4,3	4,6	4,0	3,6
Veltuskattar ²⁾	11,9	12,8	13,4	12,5	13,3	13,5	13,4
Skattar af launagreiðslum ³⁾	1,9	1,9	2,0	1,7	2,0	1,9	1,9
Aðrir óbeinir skattar	1,7	1,8	2,0	2,0	2,1	2,1	2,0
Vaxtatekjur	0,3	0,3	0,3	0,7	0,7	0,7	1,8
Aðrar tekjur	0,0	0,1	0,2	0,1	0,5	0,2	0,5
Tekjur alls	24,4	25,9	27,0	25,4	26,9	25,7	27,1
Tekjur án vaxta	24,1	25,6	26,7	24,7	26,2	25,0	25,3
Gjöld:							
Almenn stjórn og löggæsla ..	2,3	2,3	2,5	2,5	2,2	2,4	2,4
Utanríkismál	0,3	0,2	0,3	0,3	0,3	0,3	0,3
Félagsmál	13,8	14,8	15,0	16,0	15,0	16,5	16,4
Mennta-, menningar- og kirkjumál	4,0	4,0	4,3	4,5	4,1	4,7	4,6
Heilbrigðismál	2,0	2,2	2,3	3,0	2,7	2,8	3,0
Tryggingamál	6,8	7,6	7,4	7,4	7,2	7,3	7,4
Húsnæðis- og félagsmál ..	0,9	1,0	0,9	1,1	1,1	1,6	1,4
Atvinnumál	6,9	6,9	7,2	7,5	6,8	6,5	6,1
P.a. niðurgreiðslur	1,8	1,6	2,3	1,7	1,1	1,0	1,0
Vaxtagjöld	0,6	0,7	0,6	1,4	1,1	1,5	2,8
Önnur útgjöld	0,5	0,6	0,7	0,2	0,5	0,5	0,6
Gjöld alls	24,4	25,5	26,3	27,9	25,9	27,8	28,5
Gjöld án vaxta	23,8	24,9	25,7	26,5	24,8	26,2	25,7

¹⁾ Tekjur 1980-1985 skv. ríkisreikningi, annað skv. mánaðaryfirlitum Ríkisbókhalds.

²⁾ Söluskattur, húsnæðisgjald, orkujöfnunargjald, vörugjald og hagnaður ÁTVR.

³⁾ Launaskattur og tryggingagjöld.



Lánsfjáráætlun

Tekjur af aðflutningsgjöldum lækkuðu hlutfallslega á síðasta ári þrátt fyrir mikinn innflutning, og má rekja það til breytinga á tollalöggjöf. Hlutfall aðflutningsgjalda á móti þjóðarframleiðslu er nú tæplega helmingur á við það, sem var á árunum kringum 1970. Á sama tímabili hefur heildarhlutur óbeinna skatta vaxið úr liðlega 17% í 22,3% af þjóðarframleiðslu árið 1982, en hefur síðan minnkað heldur. Á gjaldahliðinni má benda á, að niðurgreiðslur hafa hraðminnkað, en útgjöld til heilbrigðismála og húsnæðis- og félagsmála farið vaxandi. Það kemur líka fram í töflunni, að á liðnu ári voru ríkisútgjöld án vaxta sama hlutfall af þjóðarframleiðslu og árið 1984, en tekjurnar nokkru minni. Þá var hins vegar tekjuafgangur á ríkissjóði sem nam 0,2% af þjóðarframleiðslu, en halli á síðasta ári nam 1,3% af þjóðarframleiðslu. Hallinn á ríkissjóði nú stafar eftir þessu af aukinni vaxta-byrði og minni tekjuöflun.


Í lánsfjárlögum fyrir árið 1986 voru heimildir fyrir lántökum ríkissjóðs að upphæð 6.150 m.kr., 4.050 m.kr. erlendis og 2.100 m.kr. með sölu spariskírteina á innanlandsmarkaði. Auk þess voru í lánsfjárlögum heimildir til lántöku vegna tiltekinna eignakaupa. Í mars var gerð rækileg endurskoðun á lánsfjáráætlun í kjölfar kjarasamninga og versnandi afkomuhorfa ríkissjóðs. Áætlaðar heildarlántökur voru hækkaðar um 1.475 m. kr. vegna aukins ríkissjóðshalla og urðu

Tafla IV.4. Lánsfjáráætlun ríkisins 1980–1986.
(Í milljónum króna)

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
Ríkissjóður alls	396	652	1.259	1.890	2.892	3.725	8.705
A-hluti	128	239	317	535	1.937	2.547	7.895
B-hluti	268	413	942	1.355	955	1.178	810
Byggðalínur	52	68	112	–	–	–	–
Aðrar orkuframkvæmdir ..	100	188	304	233	195	216	110
Fjármagnskostn. v/ Kröflu ..	42	56	277	743	328	454	–
Lánasjóður ísl. námsmanna	12	33	65	138	258	340	400
Flugstöðin í Keflavík	–	–	–	–	–	89	300
Annað	62	68	184	241	174	79	–
Fjármögnun	396	652	1.259	1.890	2.892	3.725	8.705
Innlend	250	318	459	673	239	1.160	3.893
Sala spariskírteina	70	50	132	101	374	1.485	2.127
Innheimta mínus innlausn ¹⁾	98	110	114	360	–517	–960	–
Verðbréfa kaup innlánsst. ..	37	76	70	19	–	–	574
Verðbréfa kaup Seðlabk. ..	–	–	–	–	–	–	276
Verðbréfa kaup lífeyrissjóða	12	57	55	87	127	–	782
Önnur innlend fjármögnun	33	26	88	106	255	635	134
Erlend lán	146	334	800	1.217	2.653	2.565	4.812

¹⁾ Innifalið í lánsfjárbörf A-hluta ríkissjóðs 1985.

nú 7.625 m.kr. Verg lánsfjárförf varð 1.427 m.kr. hærri en áætlað var í mars eða 8.172 m.kr. Er þá talin með fjárförf til að greiða 2.586 m.kr. í afborganir af skuldum við Seðlabankann. Vergar lántökur ríkissjóðs urðu alls 8.897 m.kr. auk lántöku til skuldbreytingar á óhagstæðum lánnum, sem ekki voru fallin í gjalddaga. 5.004 m.kr. voru teknar að láni erlendis, 3.617 m.kr. á innlendum lánamarkaði og 276 m.kr. í Seðlabankanum. Bati á greiðslufjárreikningum varð því alls 725 m.kr., þar af 517 m.kr. á viðskiptareikningum í Seðlabankanum.



Tafla IV.4. sýnir útkomu þeirra liða lánsfjáráætlunar, sem að ríkissjóði snúa, fyrir árin 1980-1986. Nokkurn vara verður að taka við samanburði á útkomu liðins árs við hin fyrri. Lántaka á árinu 1986 er að hluta til vegna endurfjármögnunar skammtímaláns, sem ríkissjóður tók í Seðlabankanum til að fjármagna greiðsluhalla á árinu 1985, og nemur sú upphæð 1.677 m.kr. Auk þess eru nú endurlán ríkissjóðs færð með A-hluta ríkissjóðs. Nú valda allar afborganir af lántökum til endurlána fjárförf samkvæmt lánsfjáráætlun, en áður var t. d. innlausn spariskírteina færð til lækkunar á lánsfjármögnun. Innheimtar afborganir af veittum endurlánnum eru nú færðar með öðrum innheimtum afborgunum og hafa sömu áhrif og fyrr til lækkunar á lánsfjárförf. Þar fyrir utan hefur fjármögnun B-hlutans á lánsfjáráætlun dregist verulega saman, frá því sem var á árunum 1980-1983. Þá komst hún í 942 m.kr. eða 2,7% af þjóðarframleiðslu árið 1982, en var 810 m.kr. eða 0,6% af þjóðarframleiðslu í fyrra. Mestu

Tafla IV.5. Lánsfjáráætlun ríkisins 1986. (Í milljónum króna)

	Fjárlög	Endurskoðun í mars	Útkoma (bráðabirgðat.)
Ráðstöfun:			
Ríkissjóður alls	6.150	7.625	8.621
A-hluti	5.148	6.623	7.619
B-hluti	810	810	810
Lánasjóður ísl. námsmanna	400	400	400
Orkuframkvæmdir	110	110	110
Flugstöðin í Keflavík	300	300	300
Aðrir ¹⁾	192	192	192
Fjármögnun:			
Lántökur alls:	6.150	7.625	8.621
Innlendar lántökur	2.100	3.575	3.617
Sala spariskírteina	2.100	2.100	2.127
Verðbréfakaup lífeyrissjóða	—	625	782
Verðbréfakaup innlánsstofnana	—	850	574
Önnur innlend fjármögnun	—	—	134
Erlendar lántökur	4.050	4.050	5.004

¹⁾ Byggingarsjóður ríkisins og atvinnufyrirtæki. Þeim eru gerð skil í kaflanum um lánamarkaðinn.

munar um minnkandi orkuframkvæmdir og yfirtöku A-hlutans og Landsvirkjunar á greiðslum af skuldum Kröfluvirkjunar og byggðalína.


Tafla IV.5. sýnir þátt ríkisins í framkvæmd lánsfjáráætlunar á árinu 1986. Einnig eru sýndar áætlanir samkvæmt fjárlögum og endurskoðun ríkisfjármála í mars. Svo sem sjá má eru Lánasjóður námsmanna og flugstöðin á Keflavíkurflugvelli stærstu lántakendurnir í B-hluta með samtals 700 m.kr. af 810. Engar breytingar urðu frá áætlunum lánveitingum til B-hlutans.

Lánsfjáröflun

Innlend lánsfjáröflun ríkissjóðs var mjög mikil á liðnu ári. Spariskírteini ríkissjóðs seldust alls fyrir 2.127 m.kr. eða 27 m.kr. meira en áætlað var. Innlausn varð 1.274 m.kr., en 1.721 m.kr. með uppsöfnuðum vöxtum. Vextir á nýjum spariskírteinum voru í upphafi árs 7-9% og binditími þrjú til sex ár. Í júní voru vextir lækkaðir í 7,5-8%, en í ágústlok var ákveðið að hætta sölu spariskírteina það sem eftir var ársins. Þó voru handhöfum gamalla skírteina boðin skiptiskírteini með 6,5% vöxtum og föstum gjalddaga í ársbyrjun 1989. Þessi ákvörðun var tekin til að greiða fyrir samningum um skuldabréfa kaup lífeyrissjóða af húsbýggingasjóðum ríkisins. Bein lántaka ríkissjóðs hjá lífeyrissjóðunum varð 782 m.kr., og fór hún 157 m.kr. fram úr áætlun. Hins vegar tókst einungis að afla 574 m.kr. fyrir áramót af þeim 850 milljónum, sem áætlað var að taka að láni frá innlánsstofnunum. Mismunurinn, 276 m.kr., var brúaður með bráðabirgðaláni frá Seðlabankanum svo sem áður var greint. Lántökur með sérheimildum vegna eignakaupa urðu alls 134 m.kr. Lánsfjáröflun á innlendum markaði varð því alls 3.617 m.kr. eða 2,6% af vergri þjóðarframleiðslu. Sambærileg lánsfjáröflun var 0,1% af vergri þjóðarframleiðslu árið 1985, en neikvæð um 0,6% árið 1984.

Erlendar lántökur urðu alls 5.004 m.kr. eða 3,5% af þjóðarframleiðslu á liðnu ári, en 2,4% árið 1985 og 3,5% árið 1984. Heildarlánsfjáröflun utan Seðlabanka varð því 8.621 m.kr. eða 6,1% af vergri þjóðarframleiðslu árið 1986, en sambærileg lánsfjáröflun var 1,8% árið 1985 og 3,6% árið 1984.

V. PENINGAMÁL



Grunnfé



Reikningar bankakerfisins 1986 sýna að ýmsu leyti hagstæða þróun peningamála. Innlán jukust mun meira en útlán, og endurspeglast sú þróun í bættri gjaldeyrisstöðu og bættri stöðu innlánsstofnana gagnvart Seðlabanka og útlöndum. Ráðstöfunarfé bankakerfisins af innlendum toga (peningamagn og sparifé) jókst nú í hlutfalli við landsframleiðslu áttunda árið í röð. Að meðaltali nam peningamagn og sparifé að meðtöldum áföllnum vöxtum 32,1% af landsframleiðslu árið 1986 samanborið við 30% árið á undan. Verulegur endurbati hefur átt sér stað, síðan þetta hlutfall var liðlega 20% árið 1978, enda þótt enn sé langt í það, að það nái yfir 40% eins og var á sjöunda áratugnum. Á meðan hlutfall þetta hefur ekki náð fyrra jafnvægi, er búist við mikilli aukningu peningamagns og sparifjár við skilyrði eins og þau, sem mynduðust á árinu, er raunvextir urðu háir og hagvöxtur mikill. Aukningin varð hins vegar talsvert meiri en reiknað hafði verið með og má e. t. v. greina hér viðvörðunarkerki, að svo miklu leyti sem mikil aukning peningamagns er undanfari aukinnar eftirspurnar. Á það er einnig að líta, að mest hefur aukningin verið á óbundnum innlánnum. Peningamagn, þ.e. samtala veltiinnlána, seðla og myntar, jókst um 43%, en peningamagn og sparifé í heild um 35%.

Skal nú vikið að nokkrum liðum í reikningum Seðlabankans og aðgerðum á sviði peningamála á árinu. Breyting grunnfjár ræðst af breytingum gjaldeyrisstöðu Seðlabankans og kröfum hans á ríkissjóð og aðra innlenda aðila, og þykir hún gefa vísbendingu um áhrif af viðskiptum Seðlabankans á peningamyndun. Aukning grunnfjár nam 33% yfir árið. Greiðsluhalli ríkissjóðs, sem mætt var með lánum frá Seðlabankanum, var meginástæða mikillar aukningar grunnfjár fyrsta fjórðung ársins. Er líða tók á árið, aflaði ríkissjóður annarra lána og breyttist við það myndin, sem reikningar Seðlabankans sýna. Meðfylgjandi yfirlit sýnir, að bætt gjaldeyrisstaða bankans hefur valdið mestu um grunnfjárukninguna yfir árið í heild. Hagstæð þróun gjaldeyrisstöðunnar skýrist bæði af miklum erlendum lánum og betri jöfnuði í viðskiptum við útlönd en verið hefur um árabil. Innlánsstofnanir nýttu sér það svigrúm, sem myndaðist vegna ríkisfjármála og gjaldeyrisviðskipta, til að bæta stöðu sína gagnvart Seðlabanka og útlöndum. Lausafjárstaðan batnaði um 858 m.kr. Enn

Tafla V.I. Úr reikningum Seðlabankans 1985 og 1986.
(Í milljónum króna)

Staða 31.12. 1986	Hreyfingar						
	1985	1986	1. árs- fjórð.				4. árs- fjórð.
			1986	1986	1986	1986	
Gjaldeyrisstaða (þar af endurm.)	11.273	5.480	3.633	-1.924	1.844	931	2.534
		(616)	(271)	(101)	(129)	(99)	(-58)
Endurlánuð löng erl. lán	798	-36	740	-	-3	-34	777
Innlendir liðir, nettó	2.316	-3.469	-1.033	2.272	-1.495	-73	-1.736
Kröfur á ríkissj. og ríkisst.	2.604	2.007	-524	3.101	-1.534	-516	-1.574
A-hluti	2.699	2.873	-1.430	2.578	-1.854	-170	-1.984
Gjaldeyrisinnst. ríkisst.	-89	-655	1.015	608	414	-389	382
Aðrar kröfur á ríkisst.	-6	-211	-109	-85	-94	43	28
Kröfur á fjárfestingarl.sj.	856	92	208	53	21	807	-673
Endurkaup	322	-6.361	-125	-	-1	-48	-76
Aðrar kröfur á innlánsst.	5.047	1.779	-180	-508	-283	-211	823
Kröfur á aðra aðila	214	30	154	48	24	-37	119
Sjóðir í opinberri vörslu (-) ¹⁾	-922	-42	-391	-184	552	-194	-566
Innstæður fjárfesting- arlánasjóða (-) ¹⁾	-1.432	-273	384	158	37	413	-224
Annað, nettó	-4.373	-701	-558	-396	-311	-287	436
Samtals	14.387	1.975	3.340	349	592	826	1.574
Grunnfé	14.031	2.080	3.484	352	640	877	1.616
Sjóður og innstæða innlánsstofnana	12.339	1.800	3.019	273	561	883	1.302
Skyldubundnar innst.	9.176	-185	2.220	190	643	588	799
Sjóður og aðrar innst.	3.163	1.985	797	83	-82	295	503
Seðlar og mynt í umferð	1.692	281	465	79	79	-6	314
Erl. lánsfé til langs tíma	356	-105	-144	-3	-48	-51	-42


	Hreyfingar í % ²⁾						
Grunnfé	24,6	33,0	30,6	14,7	55,9	32,5	
Skyldubundnar innstæður	-2,6	31,9	37,5	55,6	21,6	15,5	
Seðlar og mynt í umferð	29,7	38,0	63,5	7,0	41,7	47,2	

1) Innstæður og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki.


2) Árgildi hreyfinga á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðréttum tölum.

meiri bati varð á heildarstöðu innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum á árinu eða um 3,7 milljarðar króna, sem kom einkum fram í auknum innstæðum þeirra í Seðlabanka, bæði vegna bindiskyldu og sölu innstæðubréfa vegna ríkishallans.


Er ljóst varð, að aðgerðir í efnahagsmálum í tengslum við kjarasamningana í febrúar myndu auka hallann á rekstri ríkissjóðs, var leitast við að mæta því með lántökum ríkissjóðs innanlands, en utan Seðlabankans. Með því var stefnt að því að fyrirbyggja óhóflega peningaþenslu, sem stefnt gæti árangri efnahagsaðgerðanna í hættu. Farið



var fram á það við banka og sparissjóði, að þeir keyptu sérstök verðbréf af Seðlabankanum, sem síðan endurlánaði féð ríkissjóði. Í júní-byrjun hóf Seðlabankinn sölu bréfanna, og námu þau í árslok 620 m.kr. Eru þetta 5 ára lán með svonefndum skiptikjörum, þ.e.a.s. kjörin ráðast af því, hvort hærra er á hverjum þremur mánuðum, hækkun lánskjaravísitölu og 7% ársvextir eða vextir almennra skuldabréfa að viðbættum 2%. Einnig var samið við lífeyrissjóði um, að þeir tækju þátt í fjármögnun ríkishallans með því að kaupa af ríkissjóði sérstök skuldabréf fyrir 625 m.kr. Þar sem þátttaka banka og sparissjóða í fjármögnun ríkishallans varð fyrir milligöngu Seðlabankans, kom hún fram í grunnfé, sem hún hefði ekki gert, ef lánin hefðu gengið beint á milli aðila. Sé grunnfjárukningin leiðrétt fyrir þessu, nam hún 23,6% árið 1986 í stað 33% sem áður var getið.





Vextir



Í febrúar var ljóst, að verðbólga myndi lækka mikið í kjölfar kjarasamninga og efnahagsráðstafana, er þeim fylgdu. Voru vextir óverðtryggðra innlána og útlána því lækkaðir þegar hinn 1. mars, t.d. af almennum skuldabréfum úr 32 í 20% að undangengnu samráði Seðlabankans og innlánsstofnana. Verðmælingar staðfestu fljótlega mikinn árangur og voru vextir lækkaðir á ný hinn 1. apríl, er skuldabréfavextir fóru í 15,5%. Við það var miðað, að raunvextir héldust jákvæðir, og varð sú raunin eins og meðfylgjandi línurit sýna. Raunvextir skuldabréfa eru þar reiknaðir á tvennan hátt. Annars vegar út frá meðaltalshækkunum verðvísitalna í tveimur undangengnum mánuðum og tveimur mánuðum framundan hverju sinni, en hins vegar er litið yfir lengri tíma, þ.e. yfir tvo ársfjórðunga fram og aftur. Ný bankalöggjöf, sem greint er frá í annál og sérstökum kafla um lagabreytingar hér aftar í heftinu, setti svip sinn á vaxtamál undir lok ársins, en 1. nóvember færðist ákvörðun um vexti banka og sparissjóða að fullu í þeirra hendur. Hækkðu þá vextir nokkuð, einkum verðtryggðra innlána og útlána, en hins vegar lækkaði ávöxtun svo-

nefndra viðskiptavíxla og viðskiptaskuldabréfa. Er nær dró áramótum, fór verðbólga vaxandi, og hafa bankar og sparisjóðir mætt því með hækkun vaxta óverðtryggðra innlána og útlána. Virðast raunvextir þeirra þó hafa orðið neikvæðir um skamma hríð, þegar miðað er við hækkanir vísitalna í fjóra mánuði eins og áður er lýst. Meðalvextir almennra óverðtryggðra skuldabréfa yfir árið voru 21,2%, sem fela í sér 5,6% raunvexti, sé miðað við hækkun lánskjaravísitölu og er það hærra en verið hefur í 15 ár. Hér aftur í ársskýrslunni er gerð nánari grein fyrir vaxtabreytingunum.

Tafla V.2. Úr reikningum innlánsstofnana 1985 og 1986.
(1 milljónum króna)




	Hreyfingar						
	Staða		1. árs- 2. árs- 3. árs- 4. árs-				
	31.12. 1986	1985	1986	fjórð. 1986	fjórð. 1986	fjórð. 1986	fjórð. 1986
Lausafjárstaða	-1.151	77	858	1.044	-808	16	606
Gagnvart Seðlabanka	-1.666	215	487	733	-562	-107	423
Gagnvart útlöndum	515	-138	371	311	-246	123	183
Skyldubundnar innst.	9.176	-185	2.220	190	643	588	799
Aðrar innst. í Seðlab.	1.602	1.029	571	-38	342	88	179
Útlán	46.881	9.029	8.129	1.874	1.868	1.571	2.816
Gengisbundin afurðalán	4.353	-1.090	-1.455	-23	-651	-644	-137
Önnur útlán	42.528	10.119	9.584	1.897	2.519	2.215	2.953
Endurlánað erlent lánsfé	13.954	2.551	1.091	-80	-341	788	724
Samtals	70.462	12.501	12.869	2.988	1.703	3.055	5.123
Heildarinnlán	51.129	12.365	13.127	2.927	3.274	2.565	4.361
Veltiinnlán	7.989	1.169	2.460	359	963	563	575
Óbundin spariinnlán	31.583	10.097	8.120	1.694	2.203	1.226	2.997
Bundin spariinnlán	11.556	1.100	2.547	875	107	777	788
Lánafyrirgreiðsla Seðlab.	2.142	-5.322	-45	104	-424	-570	846
Endurkaup	322	-6.361	-125	-	-1	-48	-76
Verðbréf	1.059	416	-58	-293	-89	-27	351
Erlendir lánakvótar	762	623	138	397	-334	-495	571
Erlend lán v/afurðalána	2.655	2.572	-1.291	-824	223	-136	-554
Önnur erlend lán	13.667	2.174	1.543	-218	-495	687	1.569
Eigið fé og annað, nettó	869	712	-465	999	-875	509	-1.099

	Hreyfingar í % ¹⁾						
Útlán	30,4	21,0	27,7	15,3	18,6	22,2	
Heildarinnlán	48,2	34,5	39,0	27,3	39,7	32,5	
Veltiinnlán	26,8	44,5	34,0	46,6	56,9	39,5	
Óbundin spariinnlán	75,5	34,6	40,8	36,0	37,3	26,4	
Bundin spariinnlán	13,9	28,3	38,1	3,0	28,1	48,7	

Útlán

Útlán innlánsstofnana jukust um 21% árið 1986 samanborið við um 30% aukningu árið 1985. Skýrist þetta að nokkru leyti af því, að lán út á útflutningsafurðir lækkuðu verulega annað árið í röð. Birgðir og ógreiddur útflutningur sjávarafurða lækkuðu t.d. um 33% árið 1986 á föstu gengi reiknað og höfðu lækkað um 26% árið á undan. Snemma á árinu lagði Seðlabankinn á það áherslu við banka og sparisjóði, að útlánaaukning hjá þeim yrði hófleg. Voru dregnir upp viðmiðunarferlar fyrir almenn útlán hverrar stofnunar mánuð fyrir mánuð, sem miðuðust við hjöðnun útlánaaukningar líkt og verðlagsbreytinga, sem þá voru áætlaðar 8-9% yfir árið. Lýsti Seðlabankinn sig reiðubúinn til að veita innlánsstofnunum lánaþyrirgreiðslu í skamman tíma, ef lausafjárerfiðleikar steðjuðu að, að því tilskildu, að þeir héldu útlánnum sínum á eða innan við slíkan viðmiðunarferil. Gerðir voru samningar við flesta banka og sparisjóði um þessa stefnu og áðurgreinda verðbréfasölu til þeirra. Miðað var við mjög litla aukningu almennra útlána eða 12-13% yfir árið, og var með því í senn stefnt að aðhaldi útlána og bættri lausafjárstöðu innlánsstofnana, en hún hefur verið neikvæð um árabíl. Ekki tókst að ná þessu, því að almenn útlán, þ.e. útlán að frádregnum gengisbundnum afurðalán-um, jukust um 29% yfir árið samanborið við 14,7% hækkun lánskjaravísitölunnar á sama tíma. Að vísu varð veruleg hjöðnun útlánaaukningarinnar frá fyrra ári, er almenn útlán jukust um 44%, en svo sem sjá má varð aukningin mun meiri en að var stefnt og einnig verulega umfram verðlagshækkanir. Lausafjárstaða innlánsstofnana batnaði nokkuð eins og áður segir, en staðan var þó enn neikvæð í lok ársins um 1.151 m.kr. Sýna þessar tölur, að innlánsstofnanir hafa nýtt svigrúmið, sem innlánsaukningin veitti þeim, í ríkum mæli til útlána, enda mun lánsfjáreftirspurn hafa verið mikil, einkum er leið á árið. Þegar þróun útlána er skoðuð eftir lánaflokkum, kemur í ljós, að aukningin var hlutfallslega mest á útlánnum til einstaklinga, en þau jukust um 39,4%. Útlán til einstaklinga vegna fjárfestingar í íbúðarhúsnæði jukust um 21%, en önnur lán til einstaklinga jukust um 53,8%. Miklu skiptir hér aukning á innflutningi, sérstaklega einkabifreiða, en jafnframt er farin að gera vart við sig aukin eftirspurn vegna fjárfestingar í íbúðarhúsnæði í kjölfar breytinganna á húsnæðislánakerfinu. Útlán til fyrirtækja jukust um 15,1% eða minna en heildarútlán innlánsstofnana, aðallega vegna þess að útlán til sjávarútvegs drógust saman um 11% vegna minnkandi útflutningsvörubirgða eins og áður er getið. Aukning var á útlánnum til annarra atvinnugreina, ef frá eru talin olúfélög, mest til samgöngufyrirtækja og þjónustustarfsemi. Aukning útlána til samgöngufyrirtækja varð 65,8% og til þjónustufyrirtækja 44,7%. Aukning útlána til iðnaðar var 29,6% og byggingarverktaka 35,6%.

Tafla V.3. Úr reikningum bankakerfisins 1985 og 1986.
(Í milljónum króna)





	Hreyfingar						
	Staða		1. árs- 2. árs- 3. árs- 4. árs-				
	31.12. 1986	1985	1986	fjórð. 1986	fjórð. 1986	fjórð. 1986	fjórð. 1986
Gjaldeyrisstaða	11.787	5.341	4.002	-1.613	1.844	1.055	2.716
(þar af endurm.)		(616)	(271)	(101)	(129)	(99)	(-58)
Endurlánað erlent lánsfé	14.166	2.515	1.245	-80	-344	754	915
Innlendir liðir, nettó	42.959	9.430	7.866	3.653	1.532	1.250	1.431
Lán Seðlabanka	3.674	2.129	-162	3.202	-1.489	254	-2.129
Lán innlánsstofnana	46.881	9.029	8.129	1.874	1.868	1.571	2.816
Ýmsir sjóðir (-) ¹⁾	-2.354	-314	-8	-26	588	220	-790
Annað, nettó	-5.242	-1.414	-93	-1.397	565	-795	1.534
Samtals	68.912	17.286	13.113	1.960	3.032	3.059	5.062
Peningamagn og sparifé	52.820	12.646	13.592	3.006	3.353	2.558	4.675
Sparifé á uppsagnarr.	11.556	1.100	2.547	875	107	777	788
Peningamagn og óbundið sparifé (M2)	41.264	11.547	11.045	2.131	3.245	1.782	3.887
Óbundið sparifé	31.583	10.097	8.120	1.693	2.203	1.226	2.997
Peningamagn (M1)	9.681	1.450	2.926	438	1.042	556	890
Erlend lán v/afurðalána	2.655	2.572	-1.291	-824	223	-136	-554
Erl. lánsfé til langs t.	13.437	2.069	813	-222	-542	636	941

	Hreyfingar í % ²⁾						
Endurlánað erlent lánsfé	24,2	9,6	22,9	3,7	14,6	-0,3	
Innlendir liðir, nettó	36,4	22,4	49,2	9,8	22,2	11,6	
Peningamagn og sparifé (M3)	47,6	34,6	39,6	27,1	40,9	31,3	
Peningamagn og óbundið sparifé (M2)	61,8	36,5	37,9	37,8	46,1	25,0	
Peningamagn (M1)	27,3	43,3	39,9	40,0	55,6	37,1	

- 1) Auk sjóða í opinberri vörslu eru hér innstæður fjárfestingarlánasjóða í Seðlabanka. Innstæður og innstæðuaukning eru merktar með mínusmerki.
2) Árgildi hreyfinga á hverjum ársfjórðungi eru reiknuð af árstíðaleiðrétum tölum.

Innlán

Innlán í innlánsstofnunum jukust um 34,5% árið 1986 samanborið við 48,2% árið á undan. Eins og áður er getið varð mest aukning óbundinna innlána. Veltiinnlán jukust um 44,5%, óbundin spariinnlán um 34,5%, en bundin spariinnlán um 28,3%. Með óbundnum spariinnlánum teljast ýmsir sérkjarareikningar, sem njóta mikilla vinsælda, enda eru kjör þeirra eigendum hagstæð, einkum ef innstæða er óhreyfð um nokkurn tíma. Í lok ársins var um þriðjungur heildarinnlána á slíkum reikningum, en hlutdeild almennra spari-bóka hefur lækkað á tveimur árum úr 32% í um 22%. Samtímis því,




Millibankamarkaður

sem hlutdeild óbundins sparifjár hefur farið vaxandi, hefur hlutur bundins sparifjár minnkað. Í árslok 1983 var hlutdeild bundins sparifjár í heildarinnlánum 39,3% og var þá í hámarki, en í árslok 1986 var hún komin niður í 22,6%. Vinsældir bundinna verðtryggðra reikninga á tímabilinu 1980 til 1983 ollu mestu um aukningu bundins sparifjár á þessu tímabili.

Jöfnuður milli verðtryggðra liða á efnahagsreikningi innlánsstofnana raskaðist talsvert á árinu. Í ársbyrjun var nánast um jafnvægi að ræða milli verðtryggðra eigna og skulda, en á árinu jukust verðtryggðar skuldir meira en verðtryggðar eignir. Í árslok 1986 voru verðtryggðar skuldir um 3,5 milljarðar króna umfram verðtryggðar eignir. Í þessum samanburði eru skiptikjarareikningar taldir með verðtryggðum skuldum, en aukning þeirra er aðalástæða þessarar þróunar. Verðtryggð útlán hafa einungis vaxið um 11%, en óbundið sparifé, annað en innstæður á almennum sparibókum, hefur aukist um 58%. Innlánsstofnanir hafa á árinu ráðstafað fé í auknum mæli til óverðtryggðra útlána eða kaupa á viðskiptaverðbréfum. Vegna breyttra aðstæðna, hvað varðar ákvörðun vaxta, felur þetta misvægi ef til vill í sér minni hættur en oft áður, þar sem innlánsstofnanir geta með sveigjanlegri stýringu vaxta varist því, að misvægi myndist milli ávöxtunar verðtryggðra og óverðtryggðra kjara.

Millibankaviðskipti færðust enn í vöxt á árinu. Framseldur víxilkvóti á fyrsta ársfjórðungi svaraði til 24 millj. kr. að meðaltali á dag, sem er þreföldun frá undangengnum ársfjórðungi. Á öðrum ársfjórðungi voru framsöl kvóta heldur minni, en jukust á ný síðari helming ársins. Yfir árið jafngiltu þau um 32 m.kr. láni að meðaltali. Bein lán milli innlánsstofnana eru þó enn þýðingarmeiri. Áætlað er, að lán á þessum markaði hafi numið um 300 m.kr. að meðaltali árið 1986, sem



Nýmæli

er fimmföldun frá fyrra ári. Ávöxtun framseldra kvótavíxla var um 40% í janúar og febrúar, en lækkaði í um 30% í mars og 25% frá 1. apríl. Ávöxtun beinna millibankalána hefur verið heldur lægri en þetta þar til í október, er hún hækkaði í um 27%. Undanfarin ár hefur Seðlabankinn stefnt að því, að bankar jafni sveiflur í lausafjárstöðu með viðskiptum sín á milli fremur en með beinum viðskiptum við Seðlabankann. Þróunin, sem ofangreindar tölur lýsa, bendir til þess, að millibankamarkaður hafi nú þegar mikla þýðingu, en ætla má, að viðskipti á honum muni enn aukast á næstunni.

Auk þeirrar grundvallarbreytingar, sem að framan er lýst varðandi ákvörðun vaxta, hafa að undanfögnu verið gerðar breytingar, sem ætla má að hafa muni nokkur áhrif á gang peningamála. Skulu nokkrar nefndar hér. Í nýjum lögum um banka og sparisjóði er t.d. kveðið á um lágmarkshlutfall eigin fjár, en innlánsstofnunum hefur ekki verið sett slíkt skilyrði áður. Þá hafa verið felldar úr gildi reglur um, að stofnun útibúa sé háð samþykki ráðherra, en í þess stað sett sú regla, að fasteignir og búnaður í eigu banka eða sparisjóðs skuli vera að hámarki 65% af eigin fé. Snemma árs 1986 lauk sölu á hlutabréfum ríkisins í Iðnaðarbankanum, sem hófst á árinu 1984. Bar þessi sala vott um vilja stjórnvalda til að draga úr beinni ríkisaðild að bankakerfinu. Loks skal þess getið, að gjaldeyrisreglur voru rýmkaðar árið 1985, er útflytjendur fengu heimild til að geyma gjaldeyrisandvirði seldrar vöru og þjónustu á innlendum gjaldeyrisreikningum. Ekki er að sjá, að þessi breyting hafi valdið mikilli röskun, því að innstæður á innlendum gjaldeyrisreikningum jukust aðeins um 9% á árinu 1986. Í árslok nam hlutdeild þeirra í heildarinnlánum 5,7% samanborið við 7% í árslok 1985 og 6,8% 1984.


VI. LÁNAMARKAÐURINN

Í síðustu ársskýrslu var í fyrsta sinn birt heildaryfirlit yfir stöðustærðir á hinum hefðbundna lánamarkaði, en með honum er átt við bankakerfi, fjárfestingarlánasjóði, lífeyrissjóði, tryggingarfélög og lánasjóði ríkisins auk þess sem með eru taldar skráðar fjárkröfur útlanda á innlenda aðila að frádregnum gagnkvæmum kröfum. Í töflu VI.1 birtist hliðstætt yfirlit fyrir árin 1980-1986. Rétt er að taka fram, að lánamarkaðurinn eins og hann er skilgreindur hér nær ekki til alls verðbréfamarkaðarins. Meðtalin hér eru spariskírteini og happdrættisskuldabréf ríkissjóðs svo og verðbréfaútgáfur veðdeilda og annarra stofnana, sem taldar eru með ofangreindum lánastofnunum. Auk þess eru nú talin önnur bréf, sem skráð hafa verið á Verðbréfaþingi Íslands. Inn í myndina vantar hins vegar verðbréf ýmissa fyrirtækja og einstaklinga, sem seld hafa verið á markaði. Leigukaupa-samningar koma inn í þessa mynd sem erlend lán og lán til fyrirtækja og er þetta í fyrsta skiptið, sem þessi viðskipti koma við sögu.

Hér á eftir verður fjallað um heildarstærðir lánakerfisins, en síðan vikið sérstaklega að viðskiptum á verðbréfamarkaði svo og fjárfestingarlánasjóðum og lífeyrissjóðum. Bankakerfinu eru gerð skil í kaflanum hér á undan.

Lánnum lánakerfisins er hér skipt eftir fjórum flokkum lánþega, sem eru ríki, bæjarfélög, fyrirtæki og heimili samkvæmt skýrslum lánastofnana og sjóða. Uppruna fjármagns er skipt í innlendan sparnað, frjálsan og kerfisbundinn, og erlend lán, bæði stutt og löng. Varðandi ýtarlegri skilgreiningar á ýmsum hugtökum í þessu sambandi vísast til samsvarandi kafla í ársskýrslu 1985. Að einu leyti hefur skilgreiningu verið breytt, sem rétt er að minnst á. Eigið fé lánasjóða ríkisins í eigu ríkisins, sem áður var talið vera lánað til sama aðila, er nú tekið út, þar sem um innbyrðis viðskipti er að ræða. Við þessa aðgerð lækka bæði lán til ríkis og kerfisbundinn sparnaður.

Ekki er unnt að skipta peningalegum sparnaði í heild eftir eigendum. Þó hafa verið gerðar athuganir á skiptingu innlána í bönkum og sparisjóðum og benda síðustu upplýsingar til þess, að einstaklingar eigi nú um 66% innstæðna, fyrirtæki 22%, opinberir aðilar um 4% og





peningastofnanir 8%. Árið 1982 er hins vegar talið að einstaklingar hafi átt um 80%, fyrirtæki um 13%, opinberir aðilar um 2% og peningastofnanir um 5%.

Í töflu VI.1 hér á eftir, þar sem helstu liðir lánakerfisins eru sýndir frá árinu 1980, og töflu VI.2, sem sýnir hlutföll af landsframleiðslu fyrir helstu liði lánakerfisins nokkur valin ár, má sjá í stórum dráttum, hvers eðlis lánamarkaðurinn er svo og hver þróunin hefur verið að undanfögnu.

Á árinu 1980 voru um 62% alls fjármagns, sem ráðstafað var, af innlendum toga spunnin og um 38% því fjármögnuð með erlendu lánsfé. Á árinu 1981 jókst innlendi hlutinn á kostnað hins erlenda í 66%. Næstu þrjú ár þar á eftir jókst hins vegar erlenda fjármögnunin og var í lok ársins 1984 nánast helmingur þess fjár, sem lánamarkaðurinn hafði til ráðstöfunar. Síðustu tvö árin hefur þróunin hins vegar snúist til betri vegar með auknum innlendum sparnaði í formi fjáreigna. Samkvæmt bráðabirgðatölum 1986 er erlenda fjármögnunin talin vera tæp 38% og innlendum sparnaður því um 62% af heildarráðstöfunarfé. Hér er um mikil umskipti að ræða frá síðustu árum og er þetta merki um það, að fjármagnsmarkaðurinn sé nú í meira jafnvægi en áður með markaðsvexti, sem eru sambærilegir við erlenda vexti. Enn er þó langt í land, að fjármögnunarhlutföllin verði þau sömu og í byrjun áttunda áratugarins, þegar erlenda fjármögnunin var einungis 23% af heildarráðstöfunarfé.

Sem hlutfall af landsframleiðslu er innlendum peningalegur sparnaður nú 80% í samanburði við 47% árið 1980, þegar hann varð hvað lægstur. Síðan hefur hlutfall peningalegs sparnaðar af landsframleiðslu farið stöðugt vaxandi. Erlent lánsfé nettó sem hlutfall af lands-






framleiðslu jókst nokkuð stöðugt frá árinu 1980 þar til á síðasta ári, að hlutfallið lækkaði í tæp 49% úr 56% árið 1985.

Svonefndur kerfisbundinn sparnaður hefur aukist mjög að undanfögnu, einkum í lífeyrissjóðum. Þeir leggja nú til um 55% kerfisbundins sparnaðar á móti 48% árið 1980 og einungis 22% árið 1970. Árin 1984 og 1985 skiptist sparnaðurinn nánast að jöfnu milli kerfisbundins og frjáls sparnaðar, en á árinu 1986 er hlutdeild frjálsa sparnaðarins orðin tæp 52%. Til samanburðar nam frjálsi hlutinn 57% árið 1980. Af öllum frjálsnum sparnaði eru um 78% innstæður og seðlar. (Sjá myndir, bls. 47, um samsetningu peningalegs sparnaðar frá 1975.)

Á ráðstöfunarhlið lánakerfisins sést, að stærstur hluti fjármagnsins fer til fyrirtækja eða nú um 42%. Hlutur þeirra hefur þó farið minnkandi eins og sést á myndum hér á síðunni um skiptingu lána lánakerfisins frá árinu 1975. Jafnframt sést, að lán til einstaklinga eða heimila gera nú um 29% og hafa aukist stöðugt frá árinu 1980, þegar þau námu um 20%. Lán til opinberra aðila gera um 30% af heildarfjármagni og hafa verið hlutfallslega jafnmikil allt frá árinu 1975.

Af heildarfjármagni lánakerfisins koma um 32% frá bankakerfinu, 25% frá fjárfestingarlánasjóðum (um helmingur frá íbúðalánasjóðum), 16% frá lífeyrissjóðum, 20% frá lánasjóðum ríkisins, 2% frá tryggingarfélagum og um 43% erlendis frá. Til frádráttar koma innbyrðis viðskipti lánastofnana og sjóða, um 11%, og erlend lán til lánastofnana og sjóða, um 28%.

Lausleg athugun á skiptingu lána lánakerfisins í árslok 1986 bendir til þess, að um 44% séu gengistryggð lán, 38% verðtryggð og aðeins um 18% óverðtryggð. Þessar tölur ber þó að taka með fyrirvara, þar sem þær eru að nokkru leyti áætlaðar. Þá má ætla, að bein afskipti stjórnvalda af vöxtum nái nú aðeins til um 20% lána lánakerfisins, og eru



það einkum lán byggingarsjóða og hluti lána annarra fjárfestingarlánasjóða. Vextir annarra lána ráðast hins vegar af markaðsaðstæðum innanlands og erlendis.

*Tafla VI.1. Lánakerfið.
(Stöðutölur í árslok í millj. kr.)*

	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
<i>Eignir:</i>							
Útlán	15.114	23.578	47.510	86.842	121.728	166.997	203.949
Ríkissj. og ríkisst. . .	3.918	5.730	12.150	22.899	32.339	43.504	49.606
Bæjar- og sveitarf. . .	1.041	1.634	3.666	6.225	7.937	9.585	9.556
Atvinnufyrirtæki	7.431	11.252	22.180	38.656	53.889	70.240	86.300
Heimili	2.724	4.962	9.514	19.062	27.563	43.668	58.487
<i>Eignir=skuldir</i>	15.114	23.578	47.510	86.842	121.728	166.997	203.949
<i>Skuldir:</i>							
Peningalegur sparnaður	9.308	15.576	26.301	48.249	63.405	94.901	126.640
Frjáls	5.358	8.912	14.252	25.073	31.769	47.213	65.328
Innlán og seðlar . . .	4.097	6.972	11.069	19.539	26.052	38.229	51.174
Spariskírteini og happdrættisbréf	905	1.385	2.220	3.950	3.700	5.475	8.470
Markaðsbréf, ót.a. . .							260
Annar	356	555	963	1.584	2.017	3.509	5.424
Kerfisbundinn	3.950	6.664	12.049	23.176	31.636	47.688	61.312
Eignir Lífeyrissjóða	1.922	3.502	6.613	12.651	16.987	26.396	34.250
Skyldusparnaður í fjárfestingarlánasj.	251	321	554	985	1.096	1.493	1.736
Eigið fé lánast. o.fl.	1.778	2.841	4.882	9.540	13.555	19.799	25.326
Erlent lánsfjármagn . .	5.806	8.002	21.209	38.593	58.323	72.096	77.309
Löng erlend lán	5.858	8.470	19.866	36.335	52.248	66.118	75.947
Stutt lán	985	1.291	3.084	4.756	8.658	13.688	13.062
Stuttar kröfur á útlönd	-1.037	-1.759	-1.741	-2.498	-2.583	-7.710	-11.700

Fjárfestingar- lánasjóðir


Í hagskýrslum eru nú taldir 18 fjárfestingarlánasjóðir og starfa flestir eftir sérstökum lögum. Þeir lána til lengri tíma en innlánsstofnanir og sinna flestir afmörkuðum verkefnum. Hin síðari ár hafa veðdeildir einkabanka bæst í hóp fjárfestingarlánasjóða, og 1986 bættist Veðdeild Verslunarbankans í hópinn.

Heildareignir sjóðanna 1986 eru áætlaðar um 53 m.kr. og hafa þá hækkað um 27% á árinu samanborið við 48% á árinu 1985 og 45% 1984. Þarna ræður mestu þróun verðlags, en eignir sjóðanna eru að yfirgnæfandi hluta verðtryggðar eða bundnar gengi erlendra gjaldmiðla.

Það, sem einkum einkennir fjárfestingarlánasjóðina hin síðari ár, er, að útlán frá þeim fara í auknum mæli til einstaklinga, en hlutur fyrir-

Tafla VI.2. Lánakerfið.
(Stöðutölur í árslok á meðalverðlagi ársins
sem hlutfall af landsframleiðslu)

	1975	1980	1984	1985	1986
<i>Ráðstöfun:</i>					
Útlán					
Ríkissjóður og ríkisstofnanir	20,6	19,8	34,7	33,9	31,4
Bæjar- og sveitarfélög	5,0	5,3	8,5	7,5	6,0
Fyrirtæki	47,3	37,6	57,8	54,8	54,6
Heimili	15,7	13,8	29,6	34,0	37,0
Samtals	88,6	76,5	130,6	130,2	128,9
<i>Uppruni:</i>					
Peningalegur sparnaður	52,4	47,1	68,1	74,0	80,0
þ.a. frjáls	32,2	27,1	34,1	36,8	41,3
Erlent lánsfé, nettó	36,2	29,4	62,5	56,2	48,9
Til samanburðar:					
Erlent lánsfé, á meðalgengi	(36,8)	(27,3)	(53,3)	(56,6)	(48,8)



tækja og opinberra aðila fer minnkandi að sama skapi. Skýringin felst í þeirri áherslu, sem lögð hefur verið á aukin lán út á íbúðir frá Byggingarsjóði ríkisins, sérstaklega árin 1985 og 1986. Bæði þessi ár lækkaði hlutdeild erlendra lána hjá sjóðunum, en hlutur eigin fjár jókst á ný, þar eð sjóðunum voru lögð til framlög án endurgjalds. Innlend lán eru stærstur hluti á upprunahlíð efnahagsreiknings sjóðanna og hafa numið nær helmingi heildarlána umrædd ár.

Lánskjör fjárfestingarlánasjóða eru sem fyrr segir byggð á verðtryggingu í einhverri mynd. Flestir tryggja þeir verðgildi útlána sinna með viðmiðun við lánskjaravísitölu. Veigamiklir lánaflakkar miðast þó við gengi erlendra gjaldmiðla svo sem lán Fiskveiðisjóðs og Iðnþróunarsjóðs. Vaxtakjör taka í flestum tilvikum mið af almennum vöxtum í landinu, en nokkrir atvinnuvegasjóðir hafa lánað með hærri

Tafla VI.3. Hlutfallsleg skipting lána fjárfestingarlánasjóða
í lok hvers árs.

	1982	1983	1984	1985	1986
<i>Ráðstöfunarhlíð</i>					
Opinberir aðilar o.fl.	8,6	7,5	7,7	5,6	4,9
Fyrirtæki	54,7	53,3	52,8	50,2	49,8
Einstaklingar	36,7	39,2	39,5	44,2	45,3
Útlán alls	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
<i>Upprunahlíð</i>					
Innlend lán	51,9	50,5	47,8	48,3	48,1
Erlend lán	17,9	18,8	25,1	24,0	22,7
Eigið fé o.fl., nettó	30,2	30,7	27,1	27,7	29,2

Lífeyrissjóðir

vöxtum til þess að hafa vaxtamun til eigin rekstrar. Byggingarsjóður ríkisins hefur um þessar mundir nokkra sérstöðu varðandi vaxtakjör, þar sem útlán hans bera miklum mun lægri vexti en hann þarf að greiða af lántökum. Þessi tilhögun skerðir eigið fé sjóðsins eða þau framlög, sem hann fær, og mun að óbreyttu eyða upp eigin fé sjóðsins með tímanum.


Verulegar breytingar áttu sér stað á högum lífeyrissjóðanna á árinu 1986. Breytingar þessar eiga rætur að rekja til samkomulags aðila vinnumarkaðarins, ASÍ og VSÍ, frá því í febrúar 1986. Helstu atriði samkomulagsins fólust í breytingum á iðgjaldastofni lífeyrissjóðanna og húsnæðislánakerfinu.

Ákveðið var, að iðgjöld skyldu greiðast af öllum launum, en hingað til hafa iðgjöld eingöngu verið greidd af grunnlaunum og vaktaálagi. Breyting þessi tekur gildi í fjórum jöfnum árlegum áföngum, og kom fyrsti áfanginn til framkvæmda hinn 1. janúar sl. Talið er, að þessi breyting muni hafa mikil áhrif á innstreymi fjár til lífeyrissjóðanna næstu árin, þar sem verulegur hluti heildarlauna er til kominn vegna annarra þátta en grunnlauna. Breytingin eykur jafnframt skuldbindingar lífeyrissjóðanna, en áhrif hennar á útstreymi fjár frá sjóðunum koma fram síðar.

Annað atriði samkomulagsins, sem snertir lífeyrissjóðina, er sú breyting á lögum um Húsnæðisstofnun, að lánsréttur félaga lífeyrissjóðanna er háður kaupum viðkomandi sjóðs á skuldabréfum frá Húsnæðisstofnun. Lífeyrissjóðir þurfa að kaupa skuldabréf fyrir 55% af ráðstöfunarfé sínu til að tryggja félögum sínum hámarkslánsrétt hjá Húsnæðisstofnun. Ef kaup lífeyrissjóðsins eru minni en 20% af ráðstöfunarfé, fellur lánsréttur sjóðfélaga niður. Kaup á bilinu frá 20% til 55% tryggja sjóðfélögum hlutfallslegan lánsrétt. Jafnframt er lánsréttur hjá Húsnæðisstofnun háður aðild að lífeyrissjóði. Til að hafa lánsrétt hjá stofnuninni þarf umsækjandi að hafa greitt í lífeyrissjóð síðastliðin tvö ár. Kjör bréfanna, sem lífeyrissjóðirnir kaupa af Húsnæðisstofnun, skulu ekki vera lakari en á öðrum lántökum ríkis-

Tafla VI.4. Fjárstreymi lífeyrissjóða.

	Bráðab. 1985		Áætlun 1986	
	M.kr.	Breyt. frá f. ári %	M.kr.	Breyt. frá f. ári %
Fjármagnshreyfingar og rekstur, nettó ...	2.700	62	3.700	37
Iðgjöld að frádregnum lífeyrisgreiðslum .	2.100	54	2.900	38
Ráðstöfunarfé, alls	4.800	58	6.600	37
Ný útlán	4.100	28	6.300	54
Innstæðu- og sjóðsbreytingar	700	.	300	.



Verðbréfamarkaður

sjóðs á innlendum markaði hverju sinni, og skulu lífeyrissjóðirnir gera samkomulag við Húsnæðisstofnun til tveggja ára í senn um kjör og fjárhæð lána. Nú hafa náðst samningar fyrir árin 1987 og 1988. Vextir bréfanna verða 6,25% 1987 og 5,9% 1988. Flestir sjóðirnir hafa skuldbundið sig til að kaupa fyrir 55% af ráðstöfunarfé þessi tvö ár.

Ráðstöfunarfé lífeyrissjóðanna á árinu 1986 er áætlað um 6.600 m.kr., og er það um 37% hærra en á árinu 1985. Sem hlutfall af landsframleiðslu er ráðstöfunarféð hærra á árinu 1986 en nokkru sinni fyrr eða um 4,5% eins og sjá má á mynd frá árinu 1985. Samkvæmt sérstakri lánakönnun Sambands almennra lífeyrissjóða fækkaði lánunum til sjóðfélaga milli árana 1985 og 1986. Á móti hækkuðu fjárhæðir einstakra lána, þannig að heildarfjárhæð nýrra lána frá lífeyrissjóðum til sjóðfélaga varð svipuð bæði árin. Allt bendir því til þess, að ný lán til fjárfestingarlánasjóða og fyrirtækja hafi aukist mikið á árinu 1986. Í töflusafninu aftast í þessari skýrslu eru nánari tölur sýndar um fjárreiður fjárfestingarlánasjóða og lífeyrissjóða.

Verðbréfamiðlun hefur farið ört vaxandi hér á landi. Frá árinu 1964 hefur ríkissjóður gefið út spariskírteini á hverju ári, og árið 1976 hafði þróast vísir að eftirmarkaði með þessi skírteini, og auglýsingar tóku að birtast í dagblöðum um verð skírteinanna á slíkum markaði. Einhver viðskipti hafa átt sér stað með skuldabréf einkaaðila fyrir þennan tíma, en opinberar heimildir um þau eru ekki handbærar. Síðari ár hafa verðbréfamiðlarar auglýst gengi skuldabréfa einkaaðila í auknum mæli og með frjálsari vaxtastefnu í landinu er fullvíst, að viðskiptin hafa aukist verulega. Sem dæmi má nefna, að fyrir um tveim árum tóku stór fyrirtæki að gefa út skuldabréf til sölu á almennum markaði og seldu þau í samkeppni við sparnaðarform, sem fyrir voru á fjármagnsmarkaði. Um líkt leyti voru stofnaðir verðbréfasjóðir, sem seldu hluti og vörðu andvirðinu til kaupa á hvers kyns verðbréfum eftir ákvörðun stjórnenda sjóðanna. Bankar og sparissjóðir eru nú í auknum mæli að taka upp þessa starfshætti bæði með stofnun verðbréfasjóða eða veðdeilda og með því að starfrækja eigin verðbréfamiðlun.

Lög um verðbréfamiðlun tóku gildi á árinu 1986. Samkvæmt þeim verða allir, sem stunda verðbréfaviðskipti, að hafa tilskilið leyfi frá yfirvöldum. Samkvæmt ákvæðum í lögum skulu þau fara fram með faglegum hætti, enda kveða lögin á um réttindi og skyldur verðbréfamiðlara og ábyrgð þeirra gagnvart viðskiptavinum. Bankaeftirliti Seðlabanka Íslands er ætlað að fylgjast með, hvort ákvæði laganna eru í heiðri höfð svo sem fram kemur í skýrslu þessari, þar sem fjallað er um starfsemi bankaftirlitsins. Enn skortir opinberar tölur um verðbréfamarkaðinn. Engrar skráningar er t.d. krafist varðandi

**Starfsemi Verðbréfa-
þings Íslands 1986**

*Skráð bréf á
Verðbréfaþingi Íslands
(Millj. kr.)*

	<i>Fjöldi flokka</i>	<i>Úti- standandi fjárhæð m.kr.</i>
Sparisk. ríkissj. Bréf Veðd.	36	9.968
Iðnaðarb. Skuldabr. SÍS	2	356
Skuldabr. Fjárf. SS	3	188
	1	72

nýjar skuldabréfaútgáfur eins og víða er í nágrennalöndunum. Að undanteknum viðskiptum, sem fram fara á Verðbréfaþingi Íslands, skortir enn áreiðanlegar heimildir um verðbréfavíðskipti, en gískað hefur verið á, að veltan gæti hafa numið um 4-5 milljörðum króna á árinu 1986.

Viðskipti milli þingaðila með skráð verðbréf á Verðbréfaþingi Íslands hófust í mars 1986. Seðlabankinn hafði þá tekið að sér að greiða fyrir viðskiptum með spariskírteini ríkissjóðs. Þingaðilar auk Seðlabankans eru Landsbankinn, Iðnaðarbankinn (Verðbréfa-
markaður Iðnaðarbankans frá 23/2 '87), Fjárfestingarfélag Íslands og Kaupþing. Þingaðilarnir fimm hafa komið sér upp upplýsingakerfi í samtengdu tölvuneti, þar sem þeir sýna og skoða kaup- og sölutilboð í skráð verðbréf. Spariskírteini ríkissjóðs eru uppistaðan í skráðum bréfum á þinginu, en auk þeirra eru skráðir hjá þinginu nokkrir verðbréfaflokkar, útgefnir af bönkum og stórum fyrirtækjum.

Í fyrstu fóru viðskiptin hægt af stað og voru einungis í því fólgin, að Seðlabankinn keypti spariskírteini af öðrum þingaðilum. Síðar á árinu urðu viðskiptin fjölbreyttari, með því að Seðlabankinn seldi spariskírteini á þinginu og þingaðilar versluðu sín í milli án þátttöku Seðlabankans, nær eingöngu með spariskírteini ríkissjóðs. Í ágúst-
mánuði jókst verslunin á þinginu og var eftir það um og yfir 20 m. kr. á mánuði. Raunávöxtun í þessum viðskiptum er breytileg eftir aðstæðum hverju sinni og mismunandi eftir því, hve langur lánstími er eftir af bréfum, sem skipt er með. Má segja, að í flestum tilvikum hafi raunávöxtun verið á bilinu 7,5-9,5%.

*Tafla VI.5. Viðskipti milli þingaðila á verðbréfaþingi.
(Millj. kr.)*


	<i>Seðlabankinn</i>			<i>Aðrir</i>	<i>Alls</i>
	<i>Kaup</i>	<i>Sala</i>	<i>Samtals</i>		
1986:					
Mars	2,0	—	2,0	—	2,0
Apríl	0,2	—	0,2	—	0,2
Mái	3,9	—	3,9	—	3,9
Júní	6,5	—	6,5	—	6,5
Júlí	1,4	1,7	3,1	—	3,1
Ágúst	17,5	3,4	20,9	—	20,9
September	3,4	19,0	22,4	0,8	23,2
Október	10,6	0,3	10,9	8,3	19,2
Nóvember	18,9	0,3	19,2	7,8	27,0
Desember	36,1	0,2	36,3	17,6	53,9
Samtals	100,5	24,9	125,4	34,5	159,9

Geta má þess, að í efnahagsreikningi Seðlabankans hér aftast í skýrslunni er nú birt sérstaklega, hve mikið bankinn á af markaðs-skráðum verðbréfum. Í lok ársins 1986 nam fjárhæðin 558 m.kr. og eru það spariskírteini, sem bankinn hefur eignast undanfarin ár.


Alþjóðleg gengisþróun

VII. GENGISMÁL

Alþjóðleg gengisþróun hefur síðan snemma á árinu 1985 einkennst af meira eða minna stöðugu gengisfalli Bandaríkjadollars. Í árslok mældist vegið meðalgengi dollars næstum 29% lægra en í mars 1985, en þá varð mánaðarlegt meðalgengi hans hæst. Þessi mikla lækkun Bandaríkjadollars stafar m. a. af miklum halla á viðskiptajöfnuði Bandaríkjanna á undanförunum árum og tilraunum stærstu iðnríkjanna til að stuðla að betra jafnvægi í heimsbúskapnum. Á fundi fjármálaráðherra og seðlabankastjóra fimm stærstu iðnríkjanna í september 1985 varð það að samkomulagi, að slíkt jafnvægi krefðist lægra gengis Bandaríkjadollars. Lækkun gengis Bandaríkjadollars hafði um áramótin 1986 enn ekki náð að vinda ofan af allri fyrri hækkun hans á árunum 1981-1985. Þannig var meðalgengi hans um 16% hærra í árslok en á árinu 1980 eða svipað og árið 1972. Vegið meðalgengi japansks yens, þýsks marks og franka hefur hækkað samfara gengislækkun Bandaríkjadollars, en breska pundið fylgdi dollarnum niður á við á árinu 1986. Þannig hækkaði meðalgengi yens um 15,7% frá desember 1985 til desember 1986, meðalgengi marks hækkaði um 10,3% og fransks franka um 1,8%, en meðalgengi breska pundis féll um 13,6% á sama tímabili. Línuritið hér til hliðar sýnir ársfjórðungslega þróun vegins meðalgengis fimm helstu gjaldmiðla heimsins á árunum 1984-1986. Innbyrðis gengisbreytingar helstu gjaldmiðla á árinu urðu þær, að gengi dollars féll um 21% gagnvart bæði yeni og þýsku marki yfir árið eða úr 200,50 yen í 159,10 yen dollarinn og úr 2,4613 mörk í 1,9408 mörk. Gengi dollars féll um 15% gagnvart frankanum og um 2% gagnvart sterlingspundi. Gengi dollars gagnvart franka var 6,445 í árslok, en gengi pundisins var 1,4745 dollarar. Gengi marksins gagnvart yeni hækkaði um 0,6% á árinu og varð 81,977 yen í árslok.



Hinni alþjóðlegu gengisþróun hefur hér að ofan verið lýst með tilliti til þróunar nafngengis gjaldmiðla. Þegar litið er yfir lengri tímabil, getur slíkur samanburður gefið villandi mynd, m. a. vegna þess að hann tekur ekki tillit til mismunandi verðbólguþrusts í einstökum löndum. Gengi gjaldmiðils þess lands, sem hefur meiri verðbólgu en



Gengi íslensku krónunnar

viðskiptalöndin, verður að falla, ef gjaldmiðillinn á að halda raunverulegu kaupmáttarjafnvægi gagnvart öðrum gjaldmiðlum, og öfugt í þeim löndum, sem hafa minni verðbólgu en í umheiminum. Til að leiðrétta fyrir þessu er reiknað svokallað raungengi gjaldmiðla. Myndin hér til hliðar sýnir þróun raungengis Bandaríkjadollars, yens og þýsks marks á árunum 1977-1986 samkvæmt mælingum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins. Myndin sýnir meðaltal hvers árs nema 1986, þar sem um er að ræða meðaltal annars og þriðja ársfjórðungs. Nokkuð vantaði upp á, að öll hækkun raungengis dollars á árunum 1981-1985 væri gengin til baka.


Gengi krónunnar var stöðugra á árinu 1986 en nokkru sinni síðan 1973. Gengi krónunnar hækkaði einnig gagnvart Bandaríkjadollar í fyrsta skipti síðan 1973. Gengi krónunnar seig nokkuð jafnt yfir árið, og alls varð lækkun þess 5,5%, sem samsvarar 5,8% hækkun á verði erlendra gjaldmiðla. Lækkun dollars og sterlingspunds á alþjóðlegum gjaldeyrismörkuðum varð til þess, að meðalverð gjaldmiðla, vegið með hlutdeild landa í vöruútflutningi, varð lægra en vegin hækkun innflutningsgjaldmiðla eða 4,1% annars vegar og 7,5% hins vegar. Meðalgengi krónunnar lækkaði um 13% á milli ára, sem jafngildir 15% hækkun á verði erlendra gjaldmiðla. Eins og tafla VII.1. sýnir hækkaði gengi krónunnar á árinu gagnvart Bandaríkjadollar, sterlingspundi og norskrí krónu, en lækkaði gagnvart öðrum helstu myntum.

Tafla VII.1. Verð erlendra gjaldmiðla 1986.

	Kaupgengi í árslok		Breytingar (%) 1986.	
	1985	1986	Milli ára	Yfir árið
Bandaríkjadollar	42,00	40,180	-1,0	-4,3
Sterlingspund	60,449	59,346	11,7	-1,8
Dönsk króna	4,6823	5,4704	28,9	16,8
Norsk króna	5,5413	5,4334	14,3	-1,9
Sænsk króna	5,5446	5,9241	18,9	6,8
Finnskt mark	7,7491	8,3761	20,2	8,1
Franskur franki	5,5731	6,2537	27,3	12,2
Þýskt mark	17,0923	20,7300	33,4	21,3
Japanskt yen	0,20919	0,25136	39,7	20,2
SDR	46,1336	49,1480	14,2	6,5
Meðalverð erlendra gjaldmiðla	15,0	5,8

Raungengi krónunnar

Raungengi krónunnar er hlutfall verðlags eða framleiðslukostnaðar á Íslandi og í umheiminum, mælt í sömu mynt. Raungengið sem slíkt er ekki mælt hér á landi, heldur þróun þess í formi vísitölu. Þróun raungengisins ræðst af þróun gengis krónunnar og mun verðbólgu hér á landi og í viðskipta- og samkeppnislöndum. Raungengi krónunnar



er grófur mælikvarði á samkeppnisstöðu útflutnings- og samkeppnisgreina hér á landi gagnvart erlendum keppinautum. Því hærra sem raungengið er, því verri er samkeppnisstaðan að öðru jöfnu, og öfugt. Seðlabankinn reiknar reglulega þrjá mælikvarða á raungengi krónunnar. Reiknaðir eru tveir mælikvarðar á hlutfallslegt verðlag, þ. e. hlutfall verðlags landsframleiðslu hér á landi og í samkeppnislöndunum, mælt í sömu mynt, t. d. dollar, og hlutfall framfærslukostnaðar hér á landi og í samkeppnislöndunum, einnig mælt í sömu mynt. Fyrri verðlagsmælikvarðinn gefur árlegar mælingar á raungenginu, en sá síðari getur einnig gefið ársfjórðungslegar eða mánaðarlegar mælingar. Þriðji raungengismælikvarðinn er svo hlutfall launakostnaðar á framleidda einingu (þ. e. launakostnaður, deildur með framleiðni) hér á landi og í samkeppnislöndunum, einnig mælt í sömu mynt. Bæði ársmeðaltöl og ársfjórðungsmeðaltöl hlutfallslegs launakostnaðar eru mæld.

Tafla VII.2. sýnir þróun raungengis krónunnar. Taflan og meðfylgjandi línurit sýna, að raungengið hækkaði á síðasta ári, bæði yfir árið

Tafla VII.2. Raungengi krónunnar.
(Meðaltal tímabils 1978=100)


	Hlutfallslegt verðlag ¹⁾	Hlutfallsleg breyting ³⁾	Hlutfallslegur launakostnaður ²⁾	Hlutfallsleg breyting ³⁾
1979	95,0	-5,0	95,7	-4,3
1980	95,0	0,0	96,1	0,4
1981	99,9	5,2	104,3	8,5
1982	93,0	-6,9	100,3	-3,8
1983	85,4	-8,2	85,0	-15,3
1984	87,5	2,5	85,4	0,5
1985	86,3	-1,4	87,4	2,3
1986 ⁴⁾	88,2	2,2	87,6	0,2
<i>Ársfjórðungar:</i>				
1985 I	85,8	-1,2	85,9	3,5
1985 II	85,6	-3,6	85,9	-0,9
1985 III	87,1	-3,4	88,2	-0,2
1985 IV	86,7	2,9	89,6	4,2
1986 I	87,3	1,7	85,5	-0,5
1986 II	88,3	3,2	88,6	3,1
1986 III	88,6	1,7	87,3	-1,0
1986 IV	91,0	4,9	90,9	1,5

1) Hlutfall verðlags landsframleiðslu hér á landi og í viðskiptalöndunum, mælt í erlendra mynt. Ársfjórðungstölur byggjast á hlutfallslegum framfærslukostnaði, og ársmeðaltal þeirra þarf ekki að vera nákvæmlega það sama og bein mæling árstalna. Framfærslukostnaður er hækkaður um 2,6% frá og með apríl vegna áhrifa niðurfærsluáðgerða, sem ekki nýtast framleiðendum.

2) Hlutfall launakostnaðar á framleidda einingu á Íslandi og í viðskiptalöndunum, hvorttveggja mælt í erlendra mynt. Ársfjórðungstölur þurfa ekki að stemma nákvæmlega við árstölur, þar sem um sjálfstæðar mælingar er að ræða.

3) Miðað við sama tímabil fyrra árs.

4) Bráðabirgðatölur.



og frá árinu áður. Þessi þróun á rætur að rekja til þess, hve lítið gengi krónunnar lækkaði á síðasta ári miðað við mun innlendrar og erlendrar verðbólgu. Raungengið á mælikvarða hlutfallslegs verðlags vergrar landsframleiðslu hækkaði um 2,2% frá árinu áður. Verðlag landsframleiðslu hér á landi hækkaði um 24,7% í íslenskum krónum og um 8,4% í erlendri mynt, en hækkanir erlendis voru um 6,1% í erlendri mynt (m. v. meðalverð erlendra gjaldmiðla skv. íslensku landavoginni). Þrátt fyrir töluverða hækkun raunlauna hér á landi á árinu virðist hlutfallslegur launakostnaður lítið hafa hækkað á milli ára. Ástæðurnar liggja í mikilli framleiðniaukningu, niðurfellingu launaskatts í útflutnings- og samkeppnisgreinum og raunlaunahækkunum erlendis. Greitt meðaltímakaup landverkafólks í ASÍ virðist hafa hækkað um 29% og launakostnaður á framleidda einingu um 22,5% í íslenskum krónum, en þá er tillit tekið til niðurfellingar launaskatts og rúmlega 3% framleiðniaukningar. Hækkun launakostnaðar á framleidda einingu í erlendri mynt varð því 6,5% samanborið við 6,2% erlendis. Raungengi krónunnar var enn nokkuð lágt á sögulegan mælikvarða á síðasta fjórðungi ársins. Hlutfallslegt verðlag var þá að vísu hærra en á árunum 1983-1985, en rúmlega 2% lægra en 1982 og rúmlega 4% lægra en bæði 1979 og 1980. Hlutfallslegur launakostnaður var hærri en 1983-1985, en rúmlega 9% lægri en 1982 og 5,4% lægri en 1980. Reynslan sýnir, að raungengið sveiflast með ytri stöðu þjóðarbúsins. Þetta samhengi sést á meðfylgjandi línuriti, sem sýnir þróun raungengis m. v. verðlag landsframleiðslu og kaupmáttar útflutnings vöru og þjónustu gagnvart innflutningi, en viðskiptakjör landsins og útflutningsmagn ráða þróun hans. Kaupmáttur útflutnings er hér sýndur sem frávik frá jöfnum vexti. Reynslan sýnir, að raungengið hækkar jafnan í góðærum, en hækkun þess er ein af leiðunum til að dreifa ytri ávinningum þjóðarbúsins til landsmanna án þess að kynda undir verðbólgu.

VIII. ERLEND MÁL OG SAMNINGAR

Alþjóðastofnanir

Seðlabankinn annast fyrir hönd íslenskra stjórnvalda margvísleg samskipti á sviði efnahags- og fjármála við alþjóðastofnanir og erlendar peningastofnanir. Á bankinn samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF), Alþjóðabankann og systurstofnanir hans (World Bank Group), Efnahags- og framfarastofnunina í París (OECD), Fjárhagsnefnd Norðurlanda, norrænu seðlabankana og Alþjóðlega greiðslubankann (BIS) auk margra annarra banka.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Á árinu 1985 var Jóhannes Nordal, seðlabankastjóri, aðalfulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Jón Sigurðsson, forstjóri Þjóðhagstofnunar, varafulltrúi. Aðalfulltrúi í bankaráði Alþjóðabankans var Matthías Bjarnason, viðskiptaráðherra, og Þorsteinn Pálsson, fjármálaráðherra, varafulltrúi hans. Hans Lundström frá Svíþjóð var aðalfulltrúi Norðurlandanna í sjóðsstjórn Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Henrik Fugmann frá Danmörku varafulltrúi. Ulrik Haxthausen frá Danmörku var aðalfulltrúi Norðurlandanna í bankastjórn Alþjóðabankans á árinu 1985, og Per Taxell frá Svíþjóð gegndi stöðu varafulltrúa til 1. ágúst, er Veikko Kantola frá Finnlandi tók við. Fulltrúar Norðurlandanna hjá þessum stofnunum hafa aðsetur sitt í höfuðstöðvum stofnananna í Washington, D.C. Ársfundir Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans voru haldnir í Washington, D.C., í lok september og byrjun október, og sóttu þá Þorsteinn Pálsson, Jóhannes Nordal, Ingimundur Friðriksson, Jón Sigurðsson, Sigurgeir Jónsson og Þórhallur Ásgeirsson.

Starfsemi sjóðsins

Starfsemi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins ræðst ætíð nokkuð af framvindu efnahagsmála í heiminum. Starfsár sjóðsins, sem lauk í apríllök 1986, einkenndist m. a. af því, að verðbólga hélt áfram að hjaðna, hagvöxtur jókst og vextir lækkuðu á helstu fjármagnsmörkuðum heimsins. Framleiðsluaukningin var þó fremur dræm í iðnríkjunum, milliríkja-viðskipti jukust lítið og verndarstefnu í alþjóðaviðskiptum óx fiskur um hrygg. Hagur skuldugra þróunarríkja vænkaðist nokkuð, einkum vegna aðhaldssamrar stefnu heima fyrir, lægri vaxta á fjármagnsmörkuðum og víðtækra skuldbreytinga, sem víða hefur verið gripið

Skuldir Íslands við sjóðinn

til. Í mörgum tilvikum gegndi Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lykilhlutverki, þar sem hann átti þátt í mótun efnahagsstefnu. Fjármagn það, sem hann hefur til ráðstöfunar, er takmarkað, en þátttaka hans er oft á tíðum forsenda þess, að bankar og opinberar lánastofnanir leggi nokkuð af mörkum til einstakra landa. Eftirspurn eftir lánnum hjá sjóðnum var minni á síðasta starfsári en á árunum næst á undan, enda höfðu mörg skuldugustu ríkja heims þegar samið við sjóðinn. Heildarútlán sjóðsins í lok fjárhagsársins námu tæpum 35 milljörðum SDR, sem var heldur lægra en ári áður.

Ísland hefur ekki tekið nein lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum síðan 1982, er tekið var svokallað jöfnunarlán að fjárhæð 21,5 milljónir SDR. Sú lántaka tengdist samdrætti útflutningsteknanna, sem varð á því ári. Í lok ársins 1986 voru eftirstöðvar lánsins 10,8 milljónir SDR.

Norrænt samstarf

Árlegur fundur seðlabanka Norðurlanda var haldinn í Jakobshavn á Grænlandi dagana 25.-29. ágúst 1986. Fjallað var um samstarf norrænu seðlabankanna á breiðum grundvelli og alþjóðleg gjaldeyris- og efnahagsmál með tilliti til Norðurlandanna. Fjárhagsnefnd Norðurlanda hélt nokkra fundi á árinu og fjallaði m. a. um verkefni Alþjóðagjaldeyrissjóðsins, en einnig starfar hún í tengslum við Norðurlandaráð með verkefni á sviði gjaldeyris- og fjármála. Þá tók Seðlabankinn einnig þátt í fundum þeirra norrænu aðila, sem annast erlendar lántökur fyrir opinbera aðila á Norðurlöndum.

Mat á lánshæfni

Á fyrri hluta ársins tilkynnti bandaríska fyrirtækið Standard & Poor's, sem sérhæfir sig í að meta lánshæfni stórra lántakenda, ríkissjóða jafnt sem fyrirtækja, að það hygðist meta lánshæfni landa, sem ekki höfðu verið metin að eigin ósk, og birta þetta mat í ritum sínum. Ísland hefur aldrei verið formlega metið af þeim fyrirtækjum, sem sérhæfa sig í einkunnagjöf af þessu tagi, og var því á lista yfir þau lönd, sem Standard & Poor's ætlaði að líta sérstaklega á. Í tengslum við þetta verkefni var komið á sérstöku einkunnakerfi, sem byggist á sex flokkum. Í efsta flokki lenda þau lönd, sem ætla má að reynist afar auðvelt að standa við erlendar skuldbindingar sínar, og í þeim neðsta lönd, sem ætla má að muni eiga í miklum erfiðleikum með að standa við þær.

Standard & Poor's komst að þeirri niðurstöðu, að Ísland ætti heima í næstefsta flokknum. Lönd, sem skipað er í þann flokk, fá eftirfarandi umsögn: "Traust geta til þess að inna af hendi greiðslur af opinberum erlendum langtímalánum í samræmi við ákvæði lánssamninga, og lítil hætta á óhagstæðri þróun" („Standard & Poor's judges that Iceland has a strong capacity to meet its long-term, senior, publicly held, external

debt service obligations on a timely basis, with only slight susceptibility to adverse developments“). Matið byggist einkum á styrk og stöðugleika efnahagslífsins, efnahagsstefnunni, umfangi og greiðsluþyrði erlendra skulda og horfum um framleiðslu og greiðslujöfnuð. Mat þetta var tilkynnt í desember 1986, og í ársbyrjun 1987 birti Standard & Poor's að auki grein um íslensk efnahagsmál í riti sínu, Credit Week. Í febrúar 1987 hafði Standard & Poor's birt mat sitt á átta ríkjum. Í fyrsta flokki eru Belgía, Ítalía og Singapore, í öðrum flokki Ísland og Írland, Hong Kong og Suður-Kórea í þriðja flokki og Ísrael í fjórða flokki.

Ríkisábyrgðasjóður

IX. UMSJÁ SJÓÐA OG ÝMIS STARFSEMI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Á árinu voru afgreiddar nokkru fleiri ríkisábyrgðir en árið áður, og fjárhæð þeirra hækkaði verulega. Nýjar ábyrgðir voru 38, flestar vegna skipasmíða, samtals að fjárhæð 1.354,6 m.kr. Ábyrgðir vegna samgöngumála voru vegna flugfélaganna Arnarflugs hf. og Flugleiða hf. Ábyrgðir vegna hitaveitna voru vegna Fjarhitunar Vestmannaeyja og Hitaveitu Akraness og Borgarfjarðar.

Tafla IX.1. Ríkisábyrgðir 1985 og 1986.
(Í millj. króna)

	1985		1986	
	Fjöldi	M.kr.	Fjöldi	M.kr.
Iðnaður	9	111,4	24	203,9
Samgöngur	1	40,2	2	360,9
Hitaveitur	1	418,0	12	789,8
	11	569,6	38	1.354,6

Heildarfjárhæð ríkisábyrgða nam í árslok 22.745,5 m.kr. og hækkaði á árinu um 4.618,5 m.kr. Þar af námu nýjar ábyrgðir 1.354,6 m.kr. Af heildarfjárhæð ábyrgða eru um $\frac{3}{4}$ eða 16.631,9 m.kr. vegna gengisbundinna lána og um $\frac{1}{4}$ eða 5.769,9 m.kr. vegna verðtrygðra lána.

Heildarfjárhæð krafna, sem Ríkisábyrgðasjóður varð að leysa til sín á árinu 1986, nam 635,8 m.kr., og er það hærri fjárhæð en sjóðurinn hefur áður orðið að innleysa. Stærstur hluti þessarar fjárhæðar er vegna Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins eða 201,3 m.kr. Jafnframt

Tafla IX.2. Innleystar kröfur og endurgreiðslur til
Ríkisábyrgðasjóðs 1981–1986.
(Í millj. kr.)

	1981	1982	1983	1984	1985	1986
Innleystar kröfur	60,6	89,1	193,1	248,1	238,2	635,8
Endurgreiðslur skuldara	60,6	66,6	91,1	121,5	204,5	356,3
	0,0	22,5	102,0	126,6	33,7	279,5

Lánaumsjá fyrir ríkissjóð

Því sem greiðslur úr sjóðnum jukust eins og áður segir, jukust einnig endurgreiðslur frá skuldurum. Nettógreiðslur urðu þó miklu hærrí árið 1986 en nokkru sinni fyrr. Hér á undan er yfirlit yfir greiðslur úr sjóðnum vegna vanskila árin 1981-1985.

Seðlabankinn hefur með höndum ýmsa fyrirgreiðslu og ráðgjöf fyrir ríkissjóð í sambandi við innlendar og erlendar lántökur. Bankinn annast innlenda verðbréfaútgáfu ríkissjóðs svo sem útgáfu spari-skírteina. Ríkisábyrgðasjóður annast afgreiðslu og vörslu lána, sem ríkissjóður hefur veitt af eigin fé eða af andvirði lána, sem hann hefur tekið til endurlána. Á árinu voru veitt ný lán að fjárhæð 4.359,9 m.kr. Höfuðstóll endurlána nam við árslok 17.585,2 m.kr. og lækkaði á árinu um 15.938,8 m.kr. Ástæða lækkunarinnar er sú, að á árinu voru afskrifuð lán A-hluta ríkissjóðs hjá Endurlánum ríkissjóðs. Endurlán ríkissjóðs tilheyrðu áður B-hluta ríkissjóðs, en færðust hinn 1. janúar 1986 yfir í A-hluta. Af því leiddi, að afskrifaðar voru kröfur á hendur ríkissjóði, A-hluta.

Spariskírteini

Eins og áður afluði ríkissjóður fjár til framkvæmda með sölu spari-skírteina. Alls var ætlunin að afla 380,0 m.kr. með þessum hætti, og er þetta 23. árið, sem spariskírteini eru seld. Spariskírteini voru í raun boðin til sölu í 8 flokkum með mismunandi kjörum, og samtals seldust skírteini að nafnverði 3.421,2 m.kr. Þar af nam almenn sala 2.060,4 m.kr., en sala til lífeyrissjóða 1.360,8 m.kr. Sala spariskírteina til lífeyrissjóða fór fram fyrir milligöngu Byggingarsjóðs ríkisins og Byggingarsjóðs verkamanna. Samkomulag var gert við lífeyrissjóði um, að þeir verðu hluta af ráðstöfunarfé sínu til kaupa á skulda-bréfum byggingarsjóðanna, en heimilað var, að þeir fullnægðu þessari kaupskyldu með kaupum á spariskírteinum. Söluverð þeirra skírteina rann þó til byggingarsjóðanna.

Kjör spariskírteina, seldra 1986, voru hliðstæð kjörum skírteina, sem seld voru 1985, en vextir þó aðrir. Skírteinin eru verðtryggð miðað við breytingu á lánskjaravísitölu eða kaupgengi SDR. Kjör einstakra flokka voru sem hér segir:

1. flokkur A.

Skírteini með 3 ára binditíma, vextir 7% á ári.

Skírteini með 4 ára binditíma, vextir 8,5 % á ári.

Skírteini með 6 ára binditíma, vextir 9% á ári.

Skírteini þessi geta lengst verið til 14 ára. Vextir eru fastir á binditíma skírteina, en að honum liðnum geta eigendur innleyst þau, og jafnframt getur ríkissjóður sagt upp skuldbindingum sínum hvenær sem er eftir að binditíma lýkur. Uppsögn miðast þó við fasta gjald-daga, sem eru 2 á ári. Sala þessara skírteina hófst 10. janúar. Sölu

skírteina með 4 og 6 ára binditíma lauk 16. júní, en skírteina með 3 ára binditíma 31. ágúst.

1. flokkur B, skírteini með vaxtamiðum. Skírteini þessi eru lengst til 14 ára, en innleysanleg eftir 4 ár. Frá þeim tíma getur ríkissjóður sagt upp skuldbindingum samkvæmt skírteinunum eða breytt vöxtum á þeim. Vextir eru 8,16% á ári. Sala þessara skírteina hófst 10. janúar og lauk 31. ágúst.

1. flokkur SDR, gengistryggð skírteini. Vextir eru 8,5% á ári. Skírteini þessi eru innleysanleg á tímabilinu 10. janúar til 9. apríl 1991. Verðgildi þeirra hækkar í hlutfalli við breytingu á kaupgengi SDR frá 10. janúar 1986 til innlausnardags. Sala þessara skírteina hófst 10. janúar og lauk 31. ágúst.

1. flokkur D, skiptiskírteini. Skírteini þessi bera 6,5% vexti á ári og falla í gjalddaga 10. janúar 1989. Þau voru eingöngu seld eigendum eldri spariskírteina með gjalddaga 1986. Sala þeirra hófst 10. september og lauk 31. desember.

2. flokkur A.

Skírteini með 4 ára binditíma, vextir 7,5% á ári.

Skírteini með 6 ára binditíma, vextir 8% á ári.

Kjör þessara skírteina eru hliðstæð kjörum skírteina í 1. fl. A að frátöldum vöxtum. Sala hófst 18. júní og lauk 31. ágúst.

Á yfirlitinu hér á eftir er sýnd sala einstakra flokka spariskírteina árið 1986.

*Tafla IX.3. Sala spariskírteina 1986.
(Nafnverð í millj. kr.)*

	<u>1. flokkur</u>	<u>2. flokkur</u>	<u>Alls</u>
1. Hefðbundin skírteini:			
3 ára binding	88,0		88,0
4 ára binding	498,3	34,1	532,4
6 ára binding	1.894,8	589,3	2.484,1
2. Skírteini með vaxtamiðum	13,6		13,6
3. Skiptiskírteini (til 18 mánaða)	292,0		292,0
4. SDR-skírteini	11,1		11,1
	<u>2.797,8</u>	<u>623,4</u>	<u>3.421,2</u>

Rétt er að geta þess, að meginhluti þeirra skírteina, sem lífeyrissjóðir keyptu, var með 6 ára binditíma.

Á árinu komu til lokainnlausnar 3 flokkar spariskírteina, þ. e. 2 flokkar frá 1972 og 1 frá 1985. Alls nam innlausnarverð þessara

flokka á gjalddaga 866,0 m.kr. Heildarinnlausn spariskírteina varð 1.721,5 m.kr. á árinu, sem er nokkru meira en árið áður.

Við árslok 1986 höfðu alls verið seld spariskírteini að nafnverði 6.311,6 m.kr. Í árslok 1986 nam nafnverð óinnleystra spariskírteina 5.874,3 m.kr., en með áreiknuðum vöxtum og verðbótum nam verðmæti þeirra 10.109,8 m.kr. Innlausnarverð innleysanlegra skírteina var þá 1.736,1 m.kr.

Happdrættis- skuldabréf

Á árinu komu til innlausnar 2 flokkar happdrættisskuldabréfa, sem út voru gefin árið 1976. Innlausnarverð þessara bréfa var alls 199,3 m.kr. Nafnverð óinnleystra skuldabréfa úr þeim 11 flokkum happdrættis-skuldabréfa, sem út voru gefin árin 1972–1981, var alls 4,8 m.kr. við árslok 1986, en að meðtöldum verðbótum nam verðmæti þeirra 148,7 m.kr.

Erlend lán

Ríkissjóður tók á árinu eitt stórt erlent lán, og að auki voru endurskoðaðir 2 samningar um veltilán. Hinn 15. maí 1986 var undirritaður lánsamningur að fjárhæð ECU 50.000.000, sem jafngilti 1.949,2 m.kr. á lántökudegi. Lánið var tekið fyrir milligöngu ýmissa banka undir forystu Kredietbank International Group o.fl. Það er til 10 ára og endurgreiðist í einu lagi í lok lánstíma. Heimilt er að greiða lánið að hluta eða að fullu fyrir gjalddaga gegn álagi. Vextir eru 6% á ári. Lánsandvirði var varið til fjármögnunar samkvæmt lánsfjáráætlun. Hinn 29. apríl var undirritaður samningur við Citicorp Investment Bank um veltilán að fjárhæð 75 millj. Bandaríkjadollara. Þarna var um að ræða endurskoðun á samningi frá 1982. Samningur þessi er til 7 ára. Hann er í raun þríþættur. Samkvæmt honum má gefa út skammtímaskuldabréf, sem bera markaðsvexti hverju sinni. Draga má á hann nánast fyrirvaralaust til allt að 10 daga, og greiðast þá „prime“-vextir af slíkum ádrætti. Loks má nota hann sem venjulegan veltilánssamning, þ. e. á hann má draga til 1, 3, 6, 9 eða 12 mánaða í senn. Vextir af slíkum ádráttarlánum eru ½% yfir millibankavöxtum í London. Fari notkun lánsamningsins fram yfir ákveðin mörk, greiðist viðbótarálag á vexti. Vegna lánsamnings þessa greiðist fast samningsgjald, 0,1% á ári. Útistandandi lán samkvæmt þessum láns-samningi námu 63 millj. Bandaríkjadollara við árslok 1986. Árið 1984 var gerður samningur um veltilán við Morgan Guaranty Trust Co. í London. Samningsfjárhæð var 90 millj. Bandaríkjadollara. Samningur þessi var tekinn til endurskoðunar á sl. ári, og var endurskoðaður samningur undirritaður hinn 18. nóvember 1986. Samningurinn er til 10 ára, en endurgreiðsla (lækkun samningsfjárhæðar) hefst 1992. Draga má á samning þennan til 3, 6 eða 12 mánaða í senn. Af lánum greiðast vextir, sem eru ½% hærri en millibankavextir í

Orkusjóður

London á hverjum tíma. Viðbótarálag greiðist á vexti, fari notkun lánessamnings fram yfir ákveðin mörk. Af lánessamningi þessum greiðist fast samningsgjald, 0,1% á ári. Samkvæmt þessum samningi voru útistandandi 20 millj. Bandaríkjadollara við árslok 1986. Á árinu jukust skammtímalán (Euro Commercial Paper) um 23 millj. Bandaríkjadollara og námu alls 78 millj. dollara við árslok 1986. Heimild til slíkrar útgáfu er 100 millj. dollara. Líta má á fyrrgreinda veltilánasamninga m.a. sem stuðning við útgáfu þessara skammtímalána.

Orkusjóði voru á fjárlögum 1986 ætluð framlög að fjárhæð 200,4 m.kr. Að auki átti sjóðurinn óhafið framlag frá fyrra ári að fjárhæð 30,1 m.kr. Alls námu því framlagsgreiðslur ríkissjóðs til sjóðsins 230,5 m.kr. á árinu. Lántökur sjóðsins urðu alls 20,0 m.kr., en lánveitingar 22,3 m.kr. og skiptust þannig:

*Tafla IX.4. Lánveitingar Orkusjóðs 1986.
(Í millj. kr.)*

Lán til hitaveitna	4,1
Lán til jarðhitaleitar	16,9
Lán til einkarafstöðva	1,3
Samtals	22,3

Vaxtatekjur Orkusjóðs námu samkvæmt bráðabirgðatölum 304,1 m.kr., en vaxtagjöld 363,3 m.kr. Styrkveitingar úr Orkusjóði urðu alls 40,7 m.kr. og skiptast þannig:

*Tafla IX.5. Styrkveitingar Orkusjóðs 1986.
(Í millj. kr.)*

<i>Samkvæmt 71. gr. orkulaga:</i>		
Til sveitarafvæðingar	10,0	
Til styrkingar rafdreifikerfa í sveitum	30,0	40,0
Hólsfjallaáætlun		0,7
Samtals		40,7

Hafnabótasjóður

Hafnabótasjóður veitti á árinu lán til 8 hafnarsjóða, samtals að fjárhæð 3,3 m.kr., auk þess voru bráðabirgðalán veitt 5 hafnarsjóðum, samtals 9,5 m.kr. Þarna er um mun minni lánveitingar að ræða en árið áður, en þá voru veitt föst lán og bráðabirgðalán samtals að fjárhæð 25,7 m.kr. Styrkveitingar námu 12,1 m.kr., en voru 8,4 m.kr. árið áður. Framlag til sjóðsins úr ríkissjóði var 12,0 m.kr. Samkvæmt bráðabirgðatölum námu vaxtatekjur Hafnabótasjóðs 19,2 m.kr., en vaxtagjöld 7,1 m.kr.

Verðjöfnunarsjóður fiskiðnaðarins

Aukið líf færðist í starfsemi Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins á árinu 1986, en dauft hafði verið yfir starfseminni um hríð. Deildir sjóðsins eru alls fimm, og afurðategundir hafa lengst af verið 17. Á liðnu ári var ákveðið að taka upp verðjöfnun á óskelflettri rækju, eru því afurðategundir, sem heyra undir Verðjöfnunarsjóð, samtals 18.

Árið 1986 einkenndist af miklum verðhækkunum flestra af helstu sjávarafurðum. Þessi þróun var þó ef til vill mest áberandi, hvað snerti rækju og hörpuskel, en einnig hækkaði verð allmjög á saltfisk-afurðum. Verðhækkun varð og á flestum tegundum freðfisks.

Verðbreytingar á öðrum afurðum urðu annaðhvort engar eða á þann veg, að ekki gaf tilefni til verðjöfnunar. Sumar deildir eru og þannig settar, að greiðsluþrot hefur orðið. Ber þar sérstaklega að nefna deild fyrir mjöl- og lýsisafurðir. Sú deild hefur ekki getað staðið í skilum gagnvart Seðlabanka Íslands á láni, sem Verðjöfnunarsjóður fékk frá bankanum árið 1981. Hefur Ríkisábyrgðasjóður sem ábyrgðaraðili í þessu máli leyst þetta lán til sín alls að upphæð 201,3 m.kr. með áfallinni gengistryggingu og vöxtum.

Í ársbyrjun 1986 var ekki að fullu lokið við að greiða verðbætur til vinnsluáðila hörpuskelfisks vegna framleiðslu ársins 1985. Sú upphæð, sem sjóðurinn greiddi út, nam 21,3 m.kr.

Svokölluð inngreiðsla við gjaldeyrisskil var sett á rækju þann 4. apríl 1986 eða 5% af cif-verðmæti. Inngreiðsluþrósentan var síðan tvívegis hækkuð, í 15% í ágústmánuði og upp í 17,5% í október. Mun það vera með allra hæstu verðjöfnunarinnheimtu fyrirfram í hartnær 18 ára sögu sjóðsins. Inngreiðsla var jafnframt sett á hörpuskelfisk í nóvemberbyrjun sl. eða 15%.

Eins og fyrr er sagt hækkaði markaðsverð á freðfiski nokkuð á liðnu ári. Lá því við um sl. áramót, að til verðjöfnunar kæmi á freðfiski.

Í septembermánuði lauk stjórnskipuð nefnd, svokölluð sjóðanefnd, umfjöllun um Verðjöfnunarsjóð. Meirihluti nefndarinnar var þeirrar skoðunar, að sjóðurinn hefði yfirleitt þjónað því hlutverki, sem honum var ætlað að gegna, og að sjóðurinn skuli starfa áfram.

Endanlegt uppgjör liggur nú fyrir um greiðslur úr og í sjóðinn á framleiðsluárinu 1985. Uppgjöri vegna framleiðslu síðastliðins árs er ekki enn lokið, en birtar eru hér áætlaðar tölur um inngreiðslur og inngreiðslutilfelli vegna framleiðslu á því ári:

Tafla IX.6. Verðhækkunartekjur og verðbætur í
Verðjöfnunarsjóð eftir framleiðsluárum.
(Í millj. kr.)

	Framleiðsla 1985		Framleiðsla 1986	
	Verðhækkunar- tekjur	Verðbætur	Verðhækkunar- tekjur ¹⁾	Verðbætur
Frystar afurðir ...	–	36,8	447,8	–
Rækja	–	12,0	370,0	–
Hörpudiskur	–	24,8	70,0	–
Humar	–	–	7,8	–
Saltfiskafurðir	1,2 ¹⁾	7,9	198,7	–
Óverkaður	–	7,9	190,9	–
Söltuð ufsaflök ..	1,2	–	7,8	–
Skreiddarafurðir ..	–	15,3	–	–
Samtölur deilda ..	1,2	60,0	646,5	–
Samtölur VJS nettó	–	58,8	646,5	–

¹⁾ Að hluta til óinnheimtar.

Heildarinnstæða Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabanka Íslands nam 156,6 m.kr. í árslok 1985, en 370,9 m.kr. í árslok 1986. Átti frystiafurða-deildin mest bæði árin eins og sést af meðfylgjandi töflu (IX.7.). Þar af voru á humarreikningnum 117,9 m.kr. og á rækjureikningnum 217,3 m.kr. í árslok 1986. Eftirfarandi yfirlit sýnir innstæður í árslok 1985 og 1986 ásamt breytingum á árinu 1986, skipt eftir deildum.

Tafla IX.7. Innstæður Verðjöfnunarsjóðs í Seðlabankanum.
(Í þús. kr.)

	Stofn- fjár- deild	Frysti- afurða- deild	Salt- sildar- deild	Salt- fisk deild	Skreiddar deild	Mjöl- og lýsis deild ²⁾	Alls
Innstæður 31/12 1985	1.254	131.612	693	1.197	8.913	12.975	156.644
Inngr./útgreiðslur ...	-554	202.733	–	60	–	–	202.239
Gengisniðurfærsla ..	–	-3.523	–	–	–	–	-3.573
Vextir ¹⁾	87	13.443	59	104	758	1.103	15.554
Innstæður 31/12 1986	787	344.265	752	1.361	9.671	14.078 ²⁾	370.914

¹⁾ Vextir voru 8,5% p.a., þ.e. meðalvextir ríkisvixla í Bandaríkjunum og Bretlandi.

²⁾ Lán að upphæð 42 m.kr., sem tekið var á árinu 1981 í þeim tilgangi að gera sjóðnum kleift að standa undir greiðslum verðbóta á loðnumjöli og -lýsi, framleiddu á tímabilinu frá 1. október 1981 til loka vetrar-loðnuvertíðar 1982, stóð framreiknuð ásamt vöxtum í 230,4 m.kr. um áramótin 1986/1987.

X. ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI BANKANS OG LAGABREYTINGAR

Seðlabankinn 25 ára

Hinn 7. apríl 1986 voru rétt tuttugu og fimm ár liðin, síðan Seðlabanki Íslands hóf starfsemi sína sem sjálfstæð stofnun. Rætur bankans verða þó raktar lengra aftur, þar sem hann var áður hluti Landsbanka Íslands, en síðar á árinu voru liðin hundrað ár frá stofnun hans. Landsbankinn hafði frá upphafi rétt til takmarkaðrar útgáfu Landsjóðsseðla. Með setningu nýrra Landsbankalaga árin 1927 og 1928 var Landsbankinn gerður að seðlabanka með einkarétt til seðlaútgáfu. Jafnframt var bankanum skipt í tvær bókhaldslega aðskildar deildir, seðlabanka og sparisjóðsdeild, auk veðdeildar. Með lögum nr. 63/1957 var Landsbankanum skipt í tvær fjárhagslega sjálfstæðar stofnanir, seðlabanka og viðskiptabanka, sem hvor laut sinni framkvæmdastjórn, en tengsl bankanna voru síðan algjörlega slitin með setningu laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands.

Afmælissýning

Á árinu var með ýmsum hætti minnst 100 ára afmælis íslenskrar seðlaútgáfu og bankastarfsemi í landinu, en það var hinn 1. júlí 1886, sem Landsbanki Íslands tók til starfa og setti í umferð fyrstu íslensku peningaseðlana. Landsjóður hafði árið áður fengið heimild til seðlaútgáfu að fjárhæð hálf milljón króna, er skyldi vera starfsfé bankans. Ákveðið var að efna til sýningar á miðju ári 1986, er yrði á vegum Landsbankans, en haldin í samvinnu við Seðlabankann. Upphaflega var ætlunin að halda sýninguna á Kjarvalsstöðum, en horfið frá því, þegar sýningaraðstaða bauðst á fyrstu hæð nýbyggingar Seðlabankans. Var hún síðan haldin þar frá 20. júní til 20. júlí. Sýningunni var skipt í nokkra þætti. Saga verðmæta var sýnd frá landnámi til nútímans, skipt eftir tímaskeiðum og öldum í Íslandssögunni. Þá voru sýndar allar íslenskar myntir og seðlar, sem gefnir hafa verið út, í samræmi við tilefni sýningarinnar. Mikið skrifstofuvélasafn í eigu bankanna var einnig sýnt. Sett var upp nákvæm eftirlíking af fyrstu afgreiðslu Landsbankans við Bakarabrekku, og andspænis henni voru sýnd nýjustu afsprengi tölvualdar í þjónustu Landsbankans.

Lög um verðbréfamiðlun

Samkvæmt lögum nr. 27 frá 2. maí 1986, um verðbréfamiðlun, sem tóku gildi 1. júní 1986, skal bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafa eftirlit með, að ekki sé starfrækt verðbréfamiðlun eða verðbréfasjóður nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra, og gæta þess, að slík starfsemi fullnægi ætíð að öðru leyti skilyrðum laga þessara. Um efni umræddra laga skal að öðru leyti vísað í frásögn af starfsemi banka-
eftirlitsins hér á eftir.

Ný lög um Seðlabanka Íslands, nr. 36 frá 5. maí 1986, tóku gildi 1. nóvember 1986. Helstu breytingar og nýmæli laganna eru sem hér segir:

Ný lög um Seðlabankann

1. Settar eru ákveðnari reglur um viðskiptaaðila Seðlabankans. Þannig er við það miðað, að sú aðalregla gildi, að innlánsstofnanir og ríkið verði einu viðskiptaaðilar Seðlabankans, en ráðherra geti með reglugerð kveðið svo á, að aðrar peningastofnanir en innlánsstofnanir skuli eiga viðskipti við bankann. Væri þá einkum um þau tilvik að ræða, þar sem geyma þyrfti erlent lánsfé með þeim hætti, að það yrði ekki notað til tímabundinnar lánafærslu, eða þar sem réttmætri lánsfjárbörf tiltekinna peningastofnana yrði ekki mætt nema með lánum úr Seðlabankanum.
2. Ákvæðum eldri laga um bindiskyldu innlánsstofnana gagnvart Seðlabankanum er breytt verulega, m. a. með hliðsjón af þeim breytingum, sem orðið hafa á endurkaupum Seðlabankans á afurðalánum viðskiptabanka og sparisjóða. Samkvæmt lögnum er gert ráð fyrir, að þessu stjórnþæki Seðlabankans verði framvegis beitt, þegar sérstaklega standi á, til þess að stuðla að jafnvægi á peningamarkaði. Þannig ákveði Seðlabankinn bindiskyldu af heildarinnlánsfé innlánsstofnana eða ráðstöfunarfé samkvæmt nánari skilgreiningu í reglugerð, en ákvarðanir bankans verði ætíð háðar samþykki ráðherra.
3. Seðlabankinn getur sett innlánsstofnunum reglur um lágmark og meðaltal lauss fjár, sem þeim beri ætíð að hafa yfir að ráða.
4. Almenn heimild Seðlabankans samkvæmt eldri lögum til þess að ákveða innláns- og útlánsvexti innlánsstofnana er felld niður. Sú meginregla gildir nú, að innlánsstofnanir ákveða sjálfar innláns- og útlánsvexti sína. Engu að síður er sleginn sá varnagli, að við tiltekna aðstæður geti Seðlabankinn bundið ákvarðanir viðskiptabanka í þessu efni takmörkunum (sjá frásögn um vaxtamál). Dráttarvexti ákveður Seðlabankinn áfram, þar til að sett verða lög um dráttarvexti.
5. Reglur um endurgreiðslur ríkissjóðs á lánum úr Seðlabankanum eru hertar. Eiga slík lán að greiðast upp innan þriggja mánaða frá lokum hvers fjárhagsárs með lántöku eða annarri fjáröflun utan Seðlabankans.

6. Innlánsstofnanir hafa sjálfstæðan ákvörðunarrétt um stofnun útibúa og verslun með erlendan gjaldeyri, en Seðlabankinn getur þó sett þessum rétti viss mörk. Af þeim sökum fellur niður það hlutverk, sem Seðlabankinn hefur haft fram til þessa varðandi umsagnir um leyfi til stofnunar útibúa og réttindi til gjaldeyrisverslunar.
7. Mun ýtarlegri reglur eru settar um starfsemi bankaeftirlitsins eins og fram kemur hér á eftir.
8. Heimild bankastjóra og aðstoðarbankastjóra Seðlabankans til að sitja í stjórn annarra stofnana og atvinnufyrirtækja eða taka þátt í atvinnurekstri að öðru leyti er þrengd. Eftir gildistöku laganna má ekki ráða bankastjóra til lengri tíma en 6 ára í senn.
9. Það nýmæli var tekið upp, að Seðlabankinn greiðir nú hluta hagnaðar síns ár hvert til ríkissjóðs.

Vaxtamál

Seðlabankinn lýsti því yfir opinberlega í ársbyrjun 1986, að hann liti svo á, og var það staðfest af viðskiptaráðherra, að vextir yrðu ákveðnir með óbreyttu fyrirkomulagi þrátt fyrir gildistöku laga um viðskiptabanka og sparisjóði, þar til að ný lög um Seðlabankann tækju gildi, sem varð á árinu.

Innlánsstofnanir bjuggu því við óbreytt fyrirkomulag í þessum efnunum, sem tekið var upp í ágúst 1984.

Í febrúar 1986 voru gerðir tímamótasamningar á vinnumarkaðinum, þar sem nýtt var það lag, sem gafst til að stuðla að enn frekari og viðvarandi lækkun verðbólgu en þekkst hafði um langa hríð. Þetta leiddi til ákvarðana Seðlabankans og innlánsstofnana um verulega lækkun vaxta óverðtryggðra inn- og útlána, en óbreyttra vaxta af verðtryggðum útlánunum. Þannig lækkuðu vextir almennra skuldabréfa úr 32% í 20% hinn 1. mars 1986, og var það hið fyrra af tveimur vaxtalækkunarskrefum, sem tekin voru sl. vor. Hið síðara varð hinn 1. apríl sl., en þá lækkuðu vextir almennra skuldabréfa úr 20% í 15,5% á ári. Þess skal getið hér, að Seðlabankinn ákvað hinn 1. mars sl. að hafa með höndum ákvörðun vaxta allra skuldabréfa, bæði verðtryggðra og óverðtryggðra, en innlánsstofnanir tóku við ákvörðun vaxta af sparisjóðsbókum innan þess ákvarðanaramma, sem að framan er lýst og gildi allt þar til að ný Seðlabankalög tóku gildi hinn 1. nóvember 1986.

Við gildistöku Seðlabankalaganna auglýsti bankinn miðað við nýjar og breyttar aðstæður þær ákvarðanir í vaxtamálum, sem í hans hlut féllu, og felldi jafnframt úr gildi auglýsingar sínar um vexti og verðtryggingu sparifjár og lánsfjár, sem í gildi voru á þessum tímamótum. Þær skyldur, sem aðallega hvíla á Seðlabankanum í vaxtamálum eftir gildistöku hinna nýju laga um bankann, fyrir utan hina almennu eftirlits- og upplýsingaskyldu, eru tíundaðar í 9. gr. laganna svo og í

ákvæði nr. IV til bráðabirgða með lögunum. Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 9. gr. getur bankinn, að fengnu samþykki ráðherra, bundið vaxtaákvæðanir innlánsstofnana takmörkunum til að tryggja, að raunvextir útlána innlánsstofnana verði eigi hærrí en þeir að jafnaði eru í helstu viðskiptalöndum Íslands, svo og til að draga úr óhæfilegum vaxtamun milli inn- og útlána. Ekki hefur reynt á þessi ákvæði frá gildistöku laganna.

Samkvæmt ákvæði nr. IV til bráðabirgða með lögunum ákveður Seðlabankinn hæstu leyfilegu dráttarvexti, sbr. 5. gr. laga nr. 58/1960, um bann við okri, dráttarvexti o.fl., uns sett hafa verið sérstök lög um dráttarvexti o.fl. Í samræmi við þetta hefur bankinn auglýst, á hvern hátt dráttarvextir eru ákveðnir, svo og mánaðarlega hæstu leyfilegu dráttarvexti, sem voru óbreyttir frá 1. apríl 1986 til áramóta, 27% á ári eða 2,25% fyrir hvern byrjaðan mánuð.

Auk þess auglýsti bankinn mánaðarlega vexti nýrra, almennra skuldabréfa (lægstu, hæstu og meðaltal) miðað við hinn 21. dag hvers mánaðar svo og vaxtakjör verðtryggðs lánsfjár miðað við sömu tíma-mörk í mánuði. Síðastgreindu auglýsingarnar eru birtar til viðmiðunar fyrir þá aðila, sem samið hafa um breytanlega vexti í skuldabréfum, eða ef skuldabréf hafa að geyma viðlíka ákvæði.

Það er vart hægt að skilja svo við efni þetta að þessu sinni, að ekki sé vikið að umræðum um dóm Hæstaréttar Íslands í málinu Ákærvaldið gegn Birni Pálssyni í desember 1986 og því, hvernig Seðlabankinn dróst inn í þá umræðu. Þykir því eðlilegt að rekja hér aðdraganda þess ákvarðanaramma, er gildi um vexti frá því í ágúst 1984 fram að því, er hin nýju Seðlabankalög tóku gildi 1. nóvember 1986.

Hinn 30. júlí 1984 tilkynnti ríkisstjórnin um viðtækar aðgerðir í peningamálum vegna rekstrarvanda útgerðar og fiskvinnslufyrirtækja. Sama dag gaf Seðlabankinn út fréttatilkynningu um sinn þátt í framkvæmd þessara aðgerða.

Í upphafi viðræðna Seðlabankans og ríkisstjórnarinnar um þessi vandamál hafði af hálfu Seðlabankans verið lagt til, að almennir vextir yrðu hækkaðir tímabundið um 2%. Ennfremur væri innlánsstofnunum heimilt að hækka útlánsvexti af tilteknum lánnum um allt að 3%, þar á meðal lánnum til lengri tíma en eins og hálfis árs og af neyslulánnum. Einnig var lagt til að hækka vexti af vanskilalánnum. Niðurstaða þessara viðræðna varð hins vegar sú, að ríkisstjórnin ákvað að fallast á tillögu Seðlabankans um 2% hækkun spariinnlána-vaxta ásamt svigrúmi til handa innlánsstofnunum til sjálfstæðra vaxtaákvæðana, en um þetta segir orðrétt í tilkynningu ríkisstjórnarinnar:

„3. Vextir.

Ríkisstjórnin vill hvetja til aukins sparnaðar og er því samþykk,

að Seðlabankinn hækki vexti af almennum sparisjóðsbókum tímabundið um 2%. Jafnframt veitir Seðlabankinn innlánsstofnunum svigrúm til sjálfstæðrar ákvörðunar annarra innlánsvaxta og útlánsvaxta, en þess verði þó gætt, að þetta leiði ekki til hækkunar á vaxtamismun.“

Í þessu efni gekk því ríkisstjórnin allmiklu lengra en Seðlabankinn hafði lagt til í þá átt að gefa innlánsstofnunum svigrúm til sjálfstæðrar ákvörðunar vaxta. Á grundvelli þessarar ákvörðunar og að höfðu samráði við bankaráðið gaf Seðlabankinn síðan út nýja vaxta-ákvörðun 2. ágúst, þar sem aðeins vextir af sparisjóðsbókum, afurðalánvextir, dráttarvextir og vextir af skuldabréfum, útgefnum fyrir 11. ágúst 1984, voru fastbundnir. Aðra vexti var innlánsstofnunum heimilað að ákveða sjálfar, en þær skyldu þó tilkynna Seðlabankanum um slíkar ákvarðanir þremur dögum áður en þær tækju gildi. Gat þá Seðlabankinn hafnað breytingu, ef hann taldi ástæðu til. Í þessu fólst í raun, að frumkvæði vaxtabreytinga var í höndum innlánsstofnana í samræmi við ákvörðun ríkisstjórnarinnar, en þó í reynd áskilið samþykki Seðlabankans með þeim hætti, sem að framan er lýst.

Fyrstu vaxtaákvörðanir bankans samkvæmt þessum nýju reglum gengu í gildi 13. ágúst, og samþykkti Seðlabankinn þá yfirleitt allar tillögur, sem innlánsstofnanir gerðu, en hafði um það áður samráð við viðskiptaráðuneytið.

Í þessu kerfi, þar sem frumkvæði að vaxtabreytingum er komið í hendur innlánsstofnana, var ekki eðlilegt, að Seðlabankinn auglýsti gildandi hámarksvexti, sem þá hefði sjálfkrafa tekið þetta ákvörðunarvald til baka og úr höndum innlánsstofnana. Í stað þess komu hámarksvextir þeir, sem innlánsstofnanir ákváðu með samþykki Seðlabankans. Í vaxtatilkynningu bankans frá 2. ágúst segir síðan, að þær vaxtaákvörðanir, sem teknar séu í samræmi við þessa tilkynningu, gildi einnig sem hámarksvextir í hliðstæðum og sambærilegum lánsviðskiptum og skuldaskiptum utan innlánsstofnana, sbr. lög nr. 58/1960 (okurlögin) og VII. kafla laga nr. 13/1979 o.s.frv. Með þessum hætti var lögð áhersla á það í tilkynningunni, að hámarksvextir innlánsstofnana, þannig samþykktir af Seðlabankanum, skyldu um leið gilda sem hámarksvextir samkvæmt okurlögum. Var þessi frágangur málsins talinn tryggur af hálfu lögfræðinga bankans, sem höfðu um þetta efni m. a. samráð við Benedikt Sigurjónsson, fyrrv. hæstaréttardómara, jafnframt því sem viðskiptaráðuneytið fylgdist með frágangi málsins og hafði ekkert við hann að athuga.

Þegar í upphafi lagði Seðlabankinn áherslu á, að innlánsstofnanir skyldu auglýsa inn- og útlánskjör og lántökukostnað á áberandi og skilmerkilegan hátt í afgreiðslum sínum og geta nafnvaxta og árs-

ávöxtunar. Einnig birtir bankinn reglulega skýrslur um helstu vexti, sem gilda hjá innlánsstofnunum.

Samhliða þessu var unnið að því að samræma reglur um það vaxtafrelsi, sem var orðið staðreynd, og ganga þannig frá málum, að ákvarðanir innlánsstofnana gætu verið grundvöllur nægjanlegra refsheimilda skv. okurlögum. Í þessu sambandi skal nefnt, að Seðlabankinn ákvað að gefa út og birta sérstaklega meðaltal vaxta nýrra, almennra skuldabréfa mánaðarlega. Var það gert með auglýsingu í Lögbirtingablaði frá og með 1. janúar 1985. Auglýsingin bar með sér, hverjir voru lægstu og hæstu vextir almennra skuldabréfa hinn 21. dag hvers mánaðar hjá bönkum og sparisjóðum og vegið meðaltal þeirra.

Þessar aðgerðir Seðlabankans við nýjar og breyttar aðstæður voru taldar fullgildar af lögfræðingum bankans, sérfræðingum í viðskiptaráðuneyti og lögfræðingum utan bankans, sem leitað var til í þessu efni eins og getið er hér að framan. Þess skal og getið hér, að dómur undirréttar í máli Björns Pálssonar véfengdi ekki refsheimildir frá ársbyrjun 1985 við gildistöku auglýsinga bankans um meðaltal vaxta nýrra, almennra skuldabréfa, sem birtust mánaðarlega frá og með janúar 1985, né heldur áfrýjaði ákærði dóminum. Niðurstaða Hæstaréttar í máli ákærvaldsins gegn Birni Pálssyni kom því Seðlabankanum algerlega í opna skjöldu sem og öðrum, sem um málið hafa fjallað á vegum bankans.

Framangreind skipan vaxtamála hélst til 1. nóvember sl., er ný lög tóku gildi um Seðlabankann. Hin nýju lög Seðlabankans gera ráð fyrir víðtæku frelsi innlánsstofnana í vaxtamálum og er sá háttur tekinn upp í beinu framhaldi af þeim breytingum, sem urðu í ágúst 1984 að frumkvæði stjórnvalda og staðfestar voru fyrst í lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og nr. 87/1985, um sparisjóði, og endanlega með gildistöku laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands, hinn 1. nóvember 1986. Með þessari lagasetningu um mun fyllra vaxtafrelsi en áður gildi samfara óbreyttum okurlögum voru raunar tekin af öll tvímæli um, að skilningur ríkisstjórnar og Alþingis var hinn sami og Seðlabankans um óskert gildi okurlaga þrátt fyrir svo rúmt frjálsræði í vaxtamálum. Dómur Hæstaréttar kemur þannig fram með nýtt viðhorf í þessum efnum, um strangari kröfur fyrir gildi refsheimilda en áður lágu fyrir og unnt var að ráða í. Með þessu er þó engan veginn staðhæft, að hin ströngu skilyrði fyrir refsíabyrgð kunni ekki að vera réttmæt með hliðsjón af réttarþróun héraendis sem erlendis, heldur aðeins, að sú niðurstaða varð ekki séð fyrir, þegar ákvarðanir voru teknar og framkvæmd ákveðin í júlílok 1984.

Að lokum er rétt að taka þetta fram:

1. Ríkisstjórn tók ákvarðanir 30. júlí 1984 um víðtækar aðgerðir í peningamálum.

2. Bankastjórn Seðlabankans tók síðan ákvarðanir í vaxtamálum á grundvelli ákvörðunar ríkisstjórnar, að höfðu samráði við bankaráð, og framkvæmdi vaxtaákvarðanir sínar þar á eftir í nánu samráði við viðskiptaráðuneytið.
3. Með tilvísun til 16. gr. laga nr. 63/1957, um Landsbanka Íslands, og 13. gr. laga nr. 10/1961, um Seðlabanka Íslands, er það mat bankastjórnar Seðlabankans, m. a. með tilliti til athugasemda með frumvarpi til laga nr. 10/1961, að bankinn hafði ótvíræða heimild, en ekki skyldu til ákvörðunar hámarksvaxta.
4. Í framkvæmdinni tók Seðlabankinn fullt tillit til fyrirvara ríkisstjórnar í fréttatilkynningu hennar frá 30. júlí 1984 um hæfilegan vaxtamun. Hann er reyndar ekki ákvarðandi um það, hvort vaxtastig er hátt eða lágt.
5. Á því er vakin athygli, að hin nýja vaxtastefna var staðfest í greinargerðum með frumvörpum ríkisstjórnarinnar til núgildandi laga um viðskiptabanka og sparisjóði eigi síðar en í byrjun þinghalds 1985.

Hinn 19. mars 1987 voru samþykkt á Alþingi ný vaxtalög.

Seðlar og mynt

Í árslok 1986 námu seðlar og mynt í umferð 1.896,5 m.kr. og höfðu aukist um 40,4% á árinu. Árið áður var aukningin 25,8% og árið 1984 30,3%.

Hinn 10. júní var nýr 5000 kr. seðill settur í umferð, og í árslok var hann 43,7% af fjárhæð seðla í umferð.

Auglýsingastofa Kristínar hf. hannaði seðilinn eins og aðra seðla í núgildandi seðlaröð. Aðallitur seðilsins er blár og stærð hans 7×15,5 cm eða ½ cm lengri en 1000 króna seðillinn. Á framhlið seðilsins er andlitsmynd af Ragnheiði Jónsdóttur (1646–1715), biskupsfrú á Hólum, og er þetta í fyrsta skipti, sem konumynd birtist á íslenskum peningaseðli. Á bakhlið er mynd af Ragnheiði ásamt tveimur nemendum hennar í hannyrðum.

Afmælispeningur

Í tilefni 100 ára afmælis seðlaútgáfu í landinu gaf Seðlabankinn út 500 króna afmælispening úr silfri, og hófst sala hans 9. apríl. Minnispeninginn teiknaði Pröstur Magnússon, teiknari FÍT. Á framhlið peningsins er mynd fjallkonunnar, en fjallkonumynd var á bakhlið 50 króna seðils 1886 og oft síðan á íslenskum seðlum. Á bakhlið er mynd af áraskipi undir seglum, en slík skip voru algeng fyrir um 100 árum, og er útgáfa peningsins þannig tengd aðalatvinnuvegi þjóðarinnar. Ágóði af sölu peninganna rennur til Þjóðhátíðarsjóðs eins og ágóði af fyrri minnispeningaútgáfum, en sjóðurinn veitir árlega styrki til varðveislu íslenskra menningarminja.

Minnispeningur

Í tilefni aldarafmælis Landsbankans og íslenskrar seðlaútgáfu var sleginn sérstakur minnispeningur úr bronsi. Á framhlið hans er mynd af gamla Landsbankahúsinu við Austurstræti, er tekið var í notkun árið 1899. Á bakhlið er drekamynstur af fyrstu Landsbankaseðlunum frá 1928. Pröstur Magnússon teiknaði peninginn, og var hann sleginn hjá Ísspori hf. Peningurinn var aðeins seldur á afmælis-sýningunni, og upplagið miðaðist við söluna þar.

Starfsemi bankaeftirlitsins

Hinn 1. nóvember 1986 tóku gildi ný lög um Seðlabanka Íslands nr. 36/1986. Í IV. kafla laganna eru ákvæði um starfsemi bankaeftirlitsins, stjórnunarlega uppbyggingu, skyldur til eftirlits með innlánsstofnunum og heimildir til athugasemda og til hverra ráða bankaeftirlitið getur gripið, ef athugasemdum og/eða kröfum um úrbætur í starfsemi eða rekstri einstakra innlánsstofnana er ekki sinnt. Ákvæði þessa kafla koma í stað 10. gr. eldri laga um Seðlabanka Íslands nr. 10/1961.

Samkvæmt lögnum starfar bankaeftirlitið sem sérstök deild í bankanum undir yfirstjórn bankastjórnar og bankaráðs. Forstöðumaður bankaeftirlitsins er skipaður af ráðherra til eigi lengri tíma en sex ára í senn. Frá og með gildistöku laganna var Þórður Ólafsson, lögfræðingur, skipaður forstöðumaður bankaeftirlitsins til næstu sex ára. Þá er einnig kveðið svo á, að sérstök samstarfsnefnd ráðuneytis og Seðlabanka skuli fylgjast með starfsemi bankaeftirlitsins. Skal hún skipuð þremur mönnum, fulltrúa ráðuneytis, einum bankastjóra Seðlabankans og forstöðumanni bankaeftirlitsins. Ráðherra skipar formann nefndarinnar. Í nefndinni eiga sæti auk forstöðumanns bankaeftirlitsins dr. Jóhannes Nordal, bankastjóri, formaður, og Baldur Guðlaugsson, hæstaréttarlögmaður, fulltrúi ráðuneytisins.

Skyldur bankaeftirlitsins til eftirlits með innlánsstofnunum skv. nýju lögnum eru í meginatriðum þær sömu og í eldri lögum, þ.e. að sjá til þess, að þessar stofnanir fari að lögum og reglum, sem um starfsemi þeirra gilda á hverjum tíma. Ítarlegri ákvæði eru þó að ýmsu leyti varðandi framkvæmd eftirlitsins, s. s. um athugun á útlánum og öðrum skuldbindingum þessara stofnana, auk þess sem bankaeftirlitinu ber að setja ákveðinn frest til úrbóta, sé einhverju ábótavant í rekstri eða hag innlánsstofnunar. Þá eru og ákvæði um viðurlög, sé kröfum eða athugasemdum bankaeftirlitsins ekki sinnt. Í því tilliti má jafnframt vísa til ákvæða í reglugerð nr. 470/1986, um Seðlabanka Íslands.

Auk ákvæða um starfsemi bankaeftirlitsins í áðurgreindum kafla í lögum um Seðlabanka Íslands eru fjölmörg sérgreind ákvæði í lögum nr. 86/1985, um viðskiptabanka, og lögum nr. 87/1985, um sparisjóði, sem tóku gildi hinn 1. janúar 1986 að meginhluta, þar sem kveðið er á um tiltekin afskipti bankaeftirlitsins af málefnum þessara stofnana.

Á árinu var m. a. gengið frá umsögnum um samþykktir fyrir hlutafélagsbanka og sparisjóði í samræmi við hin nýju lög. Þá gekk bankaeftirlitið einnig eftir því, að innlánsstofnanir settu sér sérstakar útlána-reglur skv. ákvæðum í hinum nýju lögum, sem miða að því m. a. að takmarka áhættu þeirra vegna útlána til eins lánþega eða fleiri lánþega, sem eru svo fjárhagslega tengdir, að með tilliti til útlánaáættu verður að skoða sameiginlega skuldbindingar þeirra við innlánsstofnun. Í því tilliti er bankaeftirlitinu falin rík eftirlitsskylda skv. 15. gr. laga nr. 36/1986, um Seðlabanka Íslands.

Hinn 1. júní 1986 tóku gildi lög nr. 27/1986, um verðbréfamiðlun, og er það fyrsta almenna löggjöfin, sem sett er hér á landi um starfsemi verðbréfamiðlara og verðbréfasjóða. Í V. kafla laganna er kveðið svo á, að bankaeftirlit Seðlabanka Íslands skuli hafa eftirlit með, að ekki sé starfrækt verðbréfamiðlun eða verðbréfasjóður nema að fengnu leyfi viðskiptaráðherra, og gæta þess að öðru leyti, að starfandi verðbréfamiðlarar og verðbréfasjóðir fullnægi ætíð skilyrðum laganna. Hefur bankaeftirlitið í því tilliti aðgang að öllum gögnum og upplýsingum hjá verðbréfamiðlara og verðbréfasjóði, sem varða starfsemi og nauðsynlegar eru við framkvæmd eftirlitsins.

Starfandi verðbréfamiðlurum við gildistöku laganna var heimilt að halda áfram starfsemi án leyfis viðskiptaráðherra til 1. ágúst 1986. Að loknum þeim fresti skrifaði bankaeftirlitið bréf til fjölmargra aðila, sem hugsanlega stunduðu verðbréfamiðlun án tilskilinna leyfa, þar sem hlutaðeigandi aðilum var gerð grein fyrir hinum nýju lögum og skilyrðum, sem þar eru sett fyrir starfrækslu verðbréfamiðlunar og/eða verðbréfasjóða. Í allmörgum tilvikum var ekki um að ræða starfsemi, sem var í andstöðu við lögin um verðbréfamiðlun. Aðrir hættu starfsemi. Í árslok 1986 voru alls 23 aðilar, sem höfðu fengið leyfi viðskiptaráðuneytisins til starfrækslu verðbréfamiðlunar og/eða verðbréfasjóða, þar af voru 13 viðskiptabankar og sparisjóðir.

Auk eftirlits með verðbréfamiðlurum skv. áðurgreindum lögum er bankaeftirlitið stjórn Verðbréfaþings Íslands til ráðuneytis og aðstoðar við gerð tillagna um nauðsynlegt eftirlit með verðbréfa-markaðinum skv. reglum nr. 268/1985 um þingið. Þær reglur skulu endurskoðaðar fyrir árslok 1987. Með hliðsjón af verulegri aukningu verðbréfaviðskipta hér á landi og væntanlegri skráningu hlutabréfa á Verðbréfaþingi Íslands er nauðsynlegt að endurskoða eftirlitskerfi markaðarins og hlutverk bankaeftirlitsins í því eftirlitskerfi.

Skv. 3. mgr. 24. gr. laga nr. 9/1984, um frádrátt frá skattskyldum tekjum vegna fjárfestingar manna í atvinnurekstri, skal bankaeftirlit Seðlabanka Íslands hafa eftirlit með starfsemi fjárfestingarfélaganna, sem stofnuð eru skv. V. kafla þeirra laga. Um eftirlitið gilda sömu reglur og um eftirlit með bönkum og sparisjóðum, eftir því sem við getur átt. Telji bankaeftirlitið, að starfsemi fjárfestingarfélags brjóti

í bága við lög, reglur eða eðlilega viðskiptahætti, skal það gera fjármálaráðherra viðvart. Í árslok 1986 var starfandi eitt fjárfestingarfélag skv. ákv. V. kafla áðurgreindra laga.

Starfsemi bankaeftirlitsins á árinu var nokkuð mótuð af undirbúningi og framkvæmd eftirlits með hliðsjón af nýrri löggjöf og auknum verk-efnum. Farið var í reglubundið eftirlit í allmargar innlánsstofnanir. Starfsmenn bankaeftirlitsins voru 8 í árslok 1986 í 7½ stöðugildi, er hafði fjölgað um eitt á árinu.

Á árinu 1986 urðu eftirtaldir breytingar á fjölda afgreiðslustaða innlánsstofnana: Eyrasparisjóður opnaði afgreiðslu á Tálknafirði og Sparisjóður vélstjóra afgreiðslu að Síðumúla 1, Reykjavík. Innlánsdeild Kaupfélags Norður-Pingeyinga, Kópaskeri, hætti starfsemi á árinu, og starfsemi Söfnunarsjóðs Íslands var lögð niður skv. lögum nr. 31/1986.

Fjöldi afgreiðslustaða innlánsstofnana var því sem hér segir í árslok 1985 og 1986:

	<i>Árslok 1985</i>	<i>Árslok 1986</i>
Viðskiptabankar	128	128
Sparisjóðir	44	46
Innlánsdeildir samvinnufélaga ...	27	26
Póstgíróstofan	1	1
Söfnunarsjóður Íslands	1	1
	201	201

Vandamál Útvegsbankans

Í ársskýrslu Seðlabankans fyrir árið 1985 var gerð grein fyrir vandamálum Útvegsbanka Íslands vegna taps bankans á útlánum til Hafskips hf., sem var tekið til gjaldþrotaskipta í lok ársins 1985. Ljóst var, að tap Útvegsbankans yrði verulegt og eigið fé bankans nær allt tapað af þeim sökum. Var talið óhjákvæmilegt af þessum ástæðum að grípa til ráðstafana, er sannfærðu viðsemjendur bankans, innlenda og erlenda, um öryggi innstæðna þeirra og annarra krafna á hendur bankanum. Var því gefin út yfirlýsing af hálfu Seðlabankans þess efnis, að bankinn mundi sjá til þess, að Útvegsbankinn geti staðið við skuldbindingar sínar innanlands og utan, á meðan verið væri að leita varanlegra lausna á vandamálum bankans. Í þessu skyni var m.a. gert sérstakt samkomulag við Útvegsbankann um fjárhagslega fyrirgreiðslu, er tryggði greiðslustöðu bankans gagnvart viðsemjendum hans innanlands og utan. Á meðan samkomulagið er í gildi, fylgist Seðlabankinn reglulega með rekstri bankans og fjárráðstöfunum hans.

Á árinu 1986 veitti Seðlabankinn Útvegsbankanum lánafyrirgreiðslu, sem beint og óbeint tengdist þessum sérstöku vandamálum.

Skipta má þeirri fyrirgreiðslu í tvennt: Annars vegar var sérstök fyrirgreiðsla vegna Hafskips hf. til greiðslu á erlendum skuldum Útvegsbankans vegna lána til fyrirtækisins. Í árslok nam þessi fyrirgreiðsla alls 777 m.kr. Hins vegar var sérstök lánafyrirgreiðsla í formi skulda-bréfa- og víxlakaupa, sem nam samtals 1.041 m.kr. í árslok 1986 og hafði aukizt um 227 m.kr. á árinu. Heildarfyrirgreiðsla Seðlabankans til Útvegsbankans nam samtals 1.818 m.kr., og má rekja meira en helming til þessara sérstöku vandamála.

Af hálfu stjórnvalda var það yfirlýst stefna, að unnið yrði að varanlegri lausn á fjárhagsvanda Útvegsbankans með það meginmarkmið í huga, að slík endurskipulagning yrði þáttur í nauðsynlegum skipulagsbreytingum viðskiptabankakerfisins í heild í þá átt, að viðskiptabönkum fækki og rekstrareiningar stækki að sama skapi. Af hálfu ríkisstjórnarinnar var Seðlabankanum í ágúst falið að gera tillögur um leiðir til að ná fram þessu markmiði. Á grundvelli þeirra tillagna fóru fram viðræður um stofnun nýs hlutafélagsbanka með sameiningu Útvegsbanka Íslands og tveggja einkabanka, Iðnaðarbanka og Verzlunarbanka, án þess að samkomulag næðist. Síðan voru aðrar leiðir kannaðar, svo sem samruni Búnaðarbanka Íslands og Útvegsbankans. Þessar viðræður báru ekki heldur þann árangur, sem að var stefnt.

Hinn 18. marz 1987 voru samþykkt á Alþingi lög um stofnun hlutafélagsbanka um Útvegsbanka Íslands nr. 7/1987. Samkvæmt 12. gr. þeirra laga skal hinn nýi hlutafélagsbanki yfirtaka Útvegsbanka Íslands hinn 1. maí 1987, og verður Útvegsbanki Íslands lagður niður frá og með þeim degi.

Starfsemi lánadeildar

Eins og kunnugt er hætti Seðlabankinn endurkaupum á afurðalán-um vorið 1985, en umsjón með endurkaupaviðskiptum Seðlabankans hafði verið eitt helsta verkefni lánadeildar. Urðu því grundvallarbreytingar á starfsemi deildarinnar. Við kerfisbreytinguna vorið 1985 var stofnað til svokallaðs SDR-lánakvóta, sem innlánsstofnunum var heimilt að draga á. Heildarupphæð hans var óbreytt árið 1986 frá árinu áður eða 50 milljónir SDR-eininga.

Tafla X.1. Staða SDR-lánakvóta innlánsstofnana.
(Þús. SDR)

	BANKAR		SPARISJÓÐIR		
	Kvóti	Notað	Kvóti	Notað	Lán umfr. kvóta
Í lok I. ársfj. ¹⁾	44.630,8	18.417,1	5.369,3	2.138,2	769,1
Í lok II. ársfj. . .	44.630,8	14.687,9	5.369,3	2.580,9	1.064,8
Í lok III. ársfj. . .	44.630,8	891,8	5.369,3	2.108,1	830,0
Í lok IV. ársfj. . .	44.630,8	17.146,2	5.369,3	1.723,4	451,1

¹⁾ M.v. seinustu viku hvers tímabils.

Til þess að gera viðskiptabönkum gerlegt að veita afurðalán með sama hætti og áður, sbr. ríkisstjórnarsamþykkt frá 21. mars 1985, keypti Seðlabankinn skammtímaskuldabréf af nokkrum innlánsstofnunum að upphæð 155,0 m.kr. Var hér um að ræða aðstoð við viðskiptabanka vegna þeirrar miklu árstíðasveiflu, sem er í afurðalánum út á sauðfjárafurðir að slátrun lokinni.

Í kjölfar fyrrnefndrar kerfisbreytingar afurðalána vorið 1985 var komið á fót Samráðshóp um afurðalán innan bankakerfisins. Kom Samráðshópurinn saman eftir ástæðum til að samræma afurðalána-veitingar viðskiptabanka og sparisjóða.

Í janúarmánuði 1986 ákvað bankastjórn Seðlabankans að bæta að hluta það tap, sem framleiðendur útflutningsafurða höfðu orðið fyrir á haustmánuðum árið 1985 vegna þess misgengis, sem varð, þegar afurðir voru seldar í Bandaríkjadollurum, en veðsettar í SDR-reikningseiningum. Var ákveðið að verja 70 m.kr. til að mæta hluta af fyrrnefndu tapi. Afgreiðslu á þessum gengisbótum var lokið snemmsumars og skiptust þær þannig, að í hlut fiskiðnaðarins komu 63,3 m.kr., en annars iðnaðar 6,4 m.kr.

Erfiðleikar skreiðarverkenda leystust ekki á liðnu ári. Markaðsbrestur í Nígeríu var viðvarandi og tregar greiðslur á seldum skreiðararafurðum. Hluta endurkeyptra lána Seðlabankans vegna skreiðar var breytt í biðreikningslán á vormánuðum 1985, og skyldu reikningar þessir bera almenna sparisjóðsvexti. Staða þessara lána í ársbyrjun 1986 var 447 m.kr., og greiddust 125,3 m.kr. á árinu inn á þau, þannig að árslokastaðan á skreiðarbiðreikningnum nam 321,7 m.kr. Þann 29. ágúst sl. ritaði bankastjórn Seðlabankans hlutaðeigandi viðskiptabönkum og sparisjóðum bréf, þar sem tilkynnt var, að Seðlabankinn mundi falla frá því að reikna sparisjóðsvexti á skreiðarlánin, og skyldi það gilda allt frá 1. jan. 1985. Þessi vaxtaeftirgjöf vegna ársins 1986 gæti numið um 47,0 m.kr., og eru þá heildareftirgjöf og endurgreiðslur Seðlabankans á fjármagnskostnaði vegna skreiðarbirgða komnar í um 305,0 m.kr. frá árinu 1984.

Samkvæmt venju keypti Seðlabankinn á síðasta ári ýmis skuldabréf. Upphæðin skiptist þannig eftir útgefendum: Ríkissjóður 883,4 m.kr., þar af 850,0 m.kr. vegna fjármögnunar á halla ríkissjóðs 1986, sem fyrr er getið; Framkvæmdasjóður 10,5 m.kr.; bankar 335,0 m.kr. auk 155,0 m.kr. skammtímafyrirgreiðslu vegna landbúnaðar og sérstakrar aðstoðar við Útvegsbankann vegna skulda Hafskips, sem áður hefur verið rakið.

Eins og áður keypti Seðlabankinn kvótavíxla af bönkum og sparisjóðum á árinu 1986.

Tafla X.2. Kvótavíxlar 1986.
(Pús.kr.)

Tímabil	BANKAR			SPARISJÓÐIR		
	Kvóti	Notað	%	Kvóti	Notað	%
11.12.-10.01.86	1.963.412	1.770.000	90,1	934.306	562.800	60,2
11.01.-10.02.86	4.197.491	4.166.599	99,3	1.348.196	837.134	62,1
11.02.-10.03.86	5.103.924	3.972.641	77,8	1.384.567	188.826	13,6
11.03.-10.04.86	5.103.924	2.324.820	45,5	1.364.086	128.080	9,4
11.04.-10.05.86	5.103.924	697.000	13,7	1.421.368	527.605	37,1
11.05.-10.06.86	5.103.924	3.576.250	70,0	1.443.357	302.100	20,9
11.06.-10.07.86	3.421.283	2.594.319	75,8	1.431.504	802.620	56,0
11.07.-10.08.86	2.675.785	644.000	24,1	1.449.313	521.436	36,0
11.08.-10.09.86	3.421.283	3.337.920	97,6	1.443.284	593.822	41,1
11.09.-10.10.86	3.783.547	3.157.500	83,5	1.451.469	859.445	59,2
11.10.-10.11.86	6.786.565	5.980.173	88,1	1.451.469	920.900	63,4
11.11.-10.12.86	6.786.565	6.690.020	98,6	1.451.469	1.155.620	79,6

Reglur um úthlutun kvótans voru óbreyttar, frá því sem áður var ákveðið þann 11. september 1984. Ástæða þess, að kvótaúthlutun viðskiptabankanna er svo sveiflukennd sem raun ber vitni, liggur í óumsömdum yfirdrætti á viðskiptareikningum hlutaðeigandi viðskiptabanka í Seðlabanka og vanefndum á samkomulagi um bráðabirgðalán og útlánamörk, auk þess sem ónotaður kvóti fyrri mánaða getur færst yfir skv. ákveðnum reglum.

Þjóðhátíðarsjóður

Árið 1986 var níunda starfsár Þjóðhátíðarsjóðs, en hann starfar samkvæmt skipulagsskrá nr. 361 frá 30. september 1977. Stjórn sjóðsins ákvað, að úthluta skyldi allt að 4,5 m.kr. á árinu í styrki. Samkvæmt skipulagsskrá rennur fjórðungur úthlutunarfrjár til friðlýsingarsjóðs til náttúruverndar á vegum Náttúruverndarráðs og fjórðungur til varðveislu fornminja, gamalla bygginga og annarra menningarverðmæta á vegum Þjóðminjasafns. Úthlutað var 21 styrk samkvæmt umsóknum samtals að fjárhæð 2,25 m.kr. Höfuðstóll sjóðsins í árslok var 32,5 m.kr.

Nýbygging Seðlabankans

Framkvæmdir við nýbyggingu bankans við Kalkofnsveg héldu áfram með eðlilegum hætti á árinu, þótt þeim miðaði heldur hægar en áætlanir höfðu gert ráð fyrir.

Meginverkefni fyrstu fjóra mánuði ársins var að ljúka innréttingum í húsnæði Reiknistofu bankanna, og tókst það samkvæmt áætlun. Bankastjórn Seðlabankans afhenti húsnæðið formlega þann 18. apríl, og flutti Reiknistofan alla starfsemi sína í húsið 26. og 27. apríl. – Innréttingar og annar frágangur á húsnæði Seðlabankans og Þjóðhagsstofnunar, sem vinna átti að samtímis frágangi á húsnæði Reiknistofunnar, gengu hins vegar framan af árinu nokkru hægar en áætlað hafði verið. Þess vegna og einnig vegna sýningahalds í húsinu

var um mitt ár tekin ákvörðun um að fresta flutningi bankans fram í apríl 1987. Síðan hefur framkvæmdaáætlun verið fylgt við innrétt-ingavinnu og lokafrágang hússins að innan, og hafa allir verkþættir til þessa gengið samkvæmt hinni endurskoðuðu áætlun.

Fyrir 200 ára afmæli Reykjavíkurborgar 18. ágúst var lokið við lóð-arframkvæmdir sunnan hússins á þaki Kolaportsins og tengingu lóð-arinnar við Arnarhól. Síðar á árinu var lögð gangstétt meðfram húsinu við Ingólfsstræti, lokið við plan við norðurenda hússins og verið að leggja síðustu hönd á húsið að utan með gabbróklæðningu lág-bygginga.

Heildarfjárfesting vegna nýbyggingarinnar, að frátöldu kaupverði lóðar, nam í árslok 602,5 m.kr. Þar af nemur framkvæmdakostnaður á árinu 281,3 m.kr. að meðtöldum lóðarfrágangi og ýmsum sérbúnaði að fjárhæð 50,8 m.kr.

Í tengslum við ársfund bankans 6. maí lagði forseti Íslands, Vigdís Finnbogadóttir, hornstein að byggingunni. Athöfnin fór fram að viðstöddum ársfundarfulltrúum, starfsfólki bankans og Reiknistofu bankanna, verk tökum og ýmsum innlendum og erlendum gestum. Jónas G. Rafnar, formaður bankaráðs, stýrði samkomunni og Jóhannes Nordal, formaður bankastjórnar, og Matthías Bjarnason, viðskiptaráðherra, fluttu ávörp. Jafnhliða hornsteinslagningunni var opnuð höggmyndasýning með völdum verkum 5 þekktustu myndhöggvara þjóðarinnar. Sýningin, sem stóð í hálfan mánuð, vakti athygli og var vel sótt, um leið og almenningi gafst tækifæri til að skoða húsið.

Merki bankans

Í byrjun desember samþykkti bankaráðið tillögu bankastjórnar um að taka upp nýtt merki bankans, m. a. í framhaldi af setningu nýrra laga og í tilefni þess, að bankinn væri að flytja í nýtt húsnæði. Nýja merkið er stílfært af Auglýsingastofu Kristínar Þorkelsdóttur og er aðalefni þess landvættir Íslands, eins og þeir koma fram í mynt bankans, sem tekin var í notkun í ársbyrjun 1981 samkvæmt teikningu Þrastar Magnússonar. Nýja merkið kemur í stað merkis bankans, er Ríkarður Jónsson teiknaði og notað hefur verið frá 1961.

ANNÁLL PENINGA- OG GJALDEYRISMÁLA 1986

Janúar

Hinn 1. janúar gengu í gildi ný lög um viðskiptabanka (nr. 86/1985) og sparisjóði (nr. 87/1985). Varðandi peningamál fela lögin í sér mikilvæg nýmæli, einkum varðandi vexti. Heimild til að ákveða vexti færast til banka og sparisjóða, er ný lög um Seðlabanka ganga í gildi hinn 1. nóvember 1986. Með lögunum er bönkum og sparisjóðum gert að hafa eigið fé sem svarar að lágmarki 5% ráðstöfunarfjár, en veittur er 5 ára aðlögunartími að þessu skilyrði. Þá er erlendum bönkum heimilt að setja á stofn umboðsskrifstofu hér á landi, að fengnu samþykki stjórnvalda.

Hinn 10. janúar voru gefin út ný spariskírteini ríkissjóðs í 1. fl. 1986: a) 3 ára verðtryggð skírteini með 7% ársvöxtum; b) 4 ára verðtryggð skírteini með 8,5% ársvöxtum; c) 6 ára verðtryggð skírteini með 9% ársvöxtum; d) 5 ára SDR-skírteini með 8,5% ársvöxtum; e) 4 ára verðtryggð skírteini með 8,16% ársvöxtum til útborgunar á 6 mánaða fresti með útdrætti vaxtamiða.

Hinn 21. janúar var vöxtum gengisbundinna afurðalána breytt (sjá 33. töflu í töflusafni).

Febrúar

Hinn 21. febrúar var vöxtum gengisbundinna afurðalána breytt (sjá 33. töflu).

Mars

Hinn 1. mars lækkaði Seðlabankinn vexti á óverðtryggðum skuldbréfum úr 32% í 20% á ári, vexti á afurðalánnum í krónum úr 28,5% í 19,25% á ári og dráttarvexti úr 45% í 33% á ári.

Sama dag lækkuðu innlánsstofnanir vexti annarra óverðtryggðra inn- og útlána um 10-12%.

Hinn 6. mars áttu sér stað fyrstu viðskipti milli aðila á hinu nýstofnaða Verðbréfaþingi Íslands.

Hinn 21. mars var vöxtum gengisbundinna afurðalána breytt (sjá 33. töflu).

Apríl

Hinn 1. apríl lækkaði Seðlabankinn vexti á óverðtryggðum skulda-
bréfum úr 20% í 15,5% á ári, vexti á afurðalánnum í krónum úr
19,25% í 15% á ári og dráttarvexti úr 33% í 27% á ári.

Sama dag lækkuðu innlánsstofnanir vexti annarra óverðtryggðra inn-
og útlána um 4-6%.

Hinn 21. apríl var vöxtum gengisbundinna afurðalána breytt (sjá
33. töflu).

Mái

Hinn 6. maí setti Viðskiptaráðuneytið í samráði við Seðlabanka
Íslands reglur um erlenda fjármögnunarleigu (leasing) á tækjum og
vélum til nota í atvinnurekstri og lántökur í því sambandi á grundvelli
12. gr. laga nr. 63/1979 og 19. gr. reglugerðar nr. 519/1979, um skipan
gjaldeyris- og viðskiptamála. Ennfremur er innlendum fyrirtækjum,
sem annast fjármögnunarleigu, heimilt að taka lán erlendis til fjár-
mögnunar á sams konar viðskiptum.

Þá setti Seðlabankinn útlánamörk á banka og sparisjóði, þar sem
miðað var við 12,3% aukningu almennra útlána á árinu 1986.

Jafnframt samþykktu innlánsstofnanir að kaupa innstæðubréf í
Seðlabanka að fjárhæð 850 m.kr. til að fjármagna halla ríkissjóðs.
Bera bréfin um 7% raunvexti á ári.

Í samræmi við ný lög nr. 54 frá 7. maí, um Húsnæðisstofnun ríkisins,
er lífeyrissjóðum ætlað að kaupa verðbréf af Byggingarsjóði ríkisins
sem svarar til 55% af ráðstöfunarfé þeirra á hverju ári. Sjóðsfélagar
fá því aðeins hámarkslán hjá Byggingarsjóði ríkisins, að lífeyris-
sjóður þeirra hafi uppfyllt þetta skilyrði.

Hinn 21. maí var vöxtum gengisbundinna afurðalána breytt (sjá
33. töflu).

Júní

Hinn 10. júní setti Seðlabankinn í umferð nýjan seðil að verðgildi
5000 kr.

Hinn 18. júní voru gefin út ný spariskírteini ríkissjóðs í 2. fl. 1986: a)
4 ára verðtryggð skírteini með 7,5% ársvöxtum; b) 6 ára verðtryggð
skírteini með 8% ársvöxtum.

Hinn 21. júní var vöxtum gengisbundinna afurðalána breytt (sjá
33. töflu).

Hinn 25. júní var gengi á evrópsku gjaldmiðilseiningunni ECU fyrst
skráð hjá Seðlabanka Íslands.

Júlí

Hinn 21. júlí var vöxtum gengisbundinna afurðalána breytt (sjá
33. töflu).

Ágúst

Hinn 21. ágúst var vöxtum gengisbundinna afurðalána breytt (sjá 33. töflu).

Hinn 26. ágúst samdi fjármálaráðherra við lífeyrissjóðina um ávöxtunarkjör á skuldabréfum, sem lífeyrissjóðirnir kaupa af Húsnæðisstofnun á árinu 1986. Lífeyrissjóðirnir geta valið á milli skuldabréfa, sem bera fulla verðtryggingu og fasta 6,5% ársvexti í 15, 20 eða 25 ár, eða uppsegjanlegra bréfa af beggja aðila hálfu á þriggja ára fresti í jafnlangan tíma. Í samkomulaginu var einnig miðað við, að gengið yrði frá samningum um skuldabréfakaup á árunum 1987 og 1988 mjög fljótlega.

September

Hinn 1. september var sölu spariskírteina í 2. fl. 1986 hætt.

Frá og með 10. september var hægt að skipta á innleysanlegum spariskírteinum og nýjum spariskírteinum ríkissjóðs með 6,5% ársvöxtum og lokagjalddaga 10. janúar 1989.

Hinn 21. september var vöxtum gengisbundinna afurðalána breytt (sjá 33. töflu).

Október

Hinn 21. október var vöxtum gengisbundinna afurðalána breytt (sjá 33. töflu).

Nóvember

Hinn 1. nóvember gengu í gildi ný lög um Seðlabanka Íslands. Lögin fela í sér, að ákvörðun vaxta flyst frá Seðlabanka til innlánsstofnana. Að öðru leyti verður hlutverk Seðlabankans á vaxtasviðinu fjórþætt. Í fyrsta lagi ákveður Seðlabankinn eigin vexti svo og dráttarvexti, sem gilda bæði innan innlánsstofnana og utan. Í öðru lagi mun bankinn hafa með höndum upplýsingastarfsemi um gildandi vexti. Í þriðja lagi mun bankinn stuðla að samræmingu á vissum vaxtareikningsaðferðum og í fjórða lagi mun Seðlabankinn fylgjast með raunvöxtum og vaxtamun banka og sparissjóða og gæta þess, að vaxtamunur verði ekki óeðlilega mikill. Samkvæmt lögnum fær Seðlabankinn nýtt hagstjórnartæki, þar sem honum verður heimilt að kveða á um lágmarkshlutfall lauss fjár hjá innlánsstofnunum.

Hinn 21. nóvember var vöxtum gengisbundinna afurðalána breytt (sjá 33. töflu).

Desember

Hinn 21. desember var vöxtum gengisbundinna afurðalána breytt (sjá 33. töflu).

TÖFLUR

1. tafla. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun.¹⁾

Á verðlagi hvers árs í m.kr.	Einkaneysla	Samneysla	Fjármunamyndun	Birgðabreytingar	Verðmætaráðstöfun	Útfl. vörur og þjón. ²⁾	Innfl. vörur og þjón. ²⁾	Verg landsframl.	Vergar þáttatekjur nettó	Viðskiptajöfnuður ³⁾	Verg þjóðarframl.
1977	2.345	653	1.090	66	4.154	1.443	1.452	4.145	-88	-97	4.057
1978	3.659	1.074	1.546	-39	6.240	2.482	2.242	6.480	-161	79	6.319
1979	5.514	1.638	2.248	51	9.451	3.810	3.631	9.630	-244	-65	9.386
1980	8.858	2.542	3.927	80	15.407	5.746	5.648	15.505	-411	-313	15.094
1981	13.957	4.026	5.929	253	24.165	8.724	8.936	23.953	-811	-1.023	23.142
1982	21.789	6.586	9.251	913	38.539	12.714	14.329	36.924	-1.495	-3.110	35.429
1983	36.260	11.536	14.127	-1.070	60.853	27.078	25.275	62.656	-3.066	-1.263	59.590
1984	48.185	14.015	18.306	786	81.292	34.295	33.871	81.716	-4.554	-4.130	77.162
1985	67.000	20.079	24.154	-978	110.255	49.819	49.051	111.023	-5.584	-4.816	105.439
1986 ⁴⁾	86.550	26.700	29.740	-2.020	140.970	63.125	56.342	147.753	-6.229	554	141.524

Hlutföll af landsframleiðslu

1977	56,6	15,8	26,3	1,6	100,2	34,8	35,0	100,0	-2,1	-2,3	97,9
1978	56,5	16,6	23,9	-0,6	96,3	38,3	34,6	100,0	-2,5	1,2	97,5
1979	57,3	17,0	23,3	0,5	98,1	39,6	37,7	100,0	-2,5	-0,7	97,5
1980	57,1	16,4	25,3	0,5	99,4	37,1	36,4	100,0	-2,7	-2,0	97,3
1981	58,3	16,8	24,8	1,1	100,9	36,4	37,3	100,0	-3,4	-4,3	96,6
1982	59,0	17,8	25,1	2,5	104,4	34,4	38,8	100,0	-4,0	-8,4	96,0
1983	57,9	18,4	22,5	-1,7	97,1	43,2	40,3	100,0	-4,9	-2,0	95,1
1984	59,0	17,2	22,4	1,0	99,5	42,0	41,4	100,0	-5,6	-5,1	94,4
1985	60,3	18,1	21,8	-0,9	99,3	44,9	44,2	100,0	-5,0	-4,3	95,0
1986 ⁴⁾	58,6	18,1	20,1	-1,4	95,4	42,7	38,1	100,0	-4,2	0,4	95,8

Magnvísitala 1980=100	Einkaneysla	Samneysla	Fjármunamyndun	Verðmætaráðstöfun	Útfl. vörur og þjón.	Innfl. vörur og þjón.	Verg landsframl.	Verg þjóðarframl.	Vergar þjóðartekjur
1977	86,6	86,8	90,3	88,4	79,6	91,4	84,0	84,2	88,3
1978	93,9	93,0	87,4	90,8	91,6	94,8	89,6	89,5	93,8
1979	96,6	98,1	87,6	94,4	97,4	97,1	94,6	94,7	95,7
1980	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0
1981	104,7	107,2	101,0	104,7	101,4	107,2	102,6	102,1	102,4
1982	106,2	113,1	100,5	107,6	91,6	106,0	102,3	101,2	101,3
1983	97,3	119,3	88,1	96,8	101,0	100,0	97,2	95,4	97,0
1984	100,3	119,4	95,9	102,6	104,0	109,3	100,7	98,3	99,9
1985	105,3	126,8	96,9	105,6	115,4	120,0	104,0	101,3	103,4
1986 ⁴⁾	112,1	131,8	96,9	109,6	122,6	120,3	110,5	107,6	112,4

Magnaukning frá fyrra ári í %

1977	12,1	1,2	11,7	13,5	10,2	20,2	8,7	9,0	11,9
1978	8,4	7,1	-3,2	2,7	15,2	3,6	6,7	6,3	6,3
1979	2,9	5,5	0,2	4,1	6,3	2,5	5,5	5,8	2,1
1980	3,5	2,0	14,2	5,9	2,7	3,0	5,7	5,6	4,4
1981	4,7	7,2	1,0	4,7	1,4	7,2	2,6	2,1	2,4
1982	1,4	5,5	-0,5	2,8	-9,7	-1,1	-0,3	-0,9	-1,1
1983	-8,3	5,5	-12,3	-10,1	10,3	-5,7	-5,0	-5,7	-4,2
1984	3,0	0,1	8,9	6,0	3,0	9,3	3,6	3,0	3,0
1985	5,0	6,2	1,0	2,9	11,0	9,7	3,3	3,0	3,5
1986 ⁴⁾	6,5	3,9	0,0	3,8	6,2	0,3	6,3	6,3	8,7

¹⁾ Samkvæmt nýju þjóðhagsreikningakerfi Sameinuðu þjóðanna.

²⁾ Án vaxta og annarra þáttatekna.

³⁾ Útflutningur vöru og þjónustu mínus innflutningur vöru og þjónustu að viðbættum þáttatekjum frá útlöndum nettó (aðallega nettó vaxta- og greiðslur af erlendum lánum).

⁴⁾ Bráðabirgðatölur.

1. tafla, frh. Þjóðarframleiðsla og verðmætaráðstöfun.

Verðhækkanir frá fyrra ári í %	Einka- neysla	Sam- neysla	Fjármuna- myndun	Verðmæta- ráðstöfun alls	Útflutn. vöru og þjónustu	Innflutn. vöru og þjónustu	Verg þjóðar- framleiðsla
1973	25,4	25,6	24,7	25,3	31,3	20,9	31,1
1974	43,0	48,8	42,4	42,9	29,8	41,3	41,1
1975	49,0	33,8	53,7	48,3	47,3	55,5	39,5
1976	30,0	27,4	26,0	30,3	30,8	26,7	34,4
1977	31,1	42,4	25,0	30,5	24,9	18,6	35,3
1978	43,9	53,2	46,0	46,0	49,4	48,9	46,3
1979	47,0	44,4	45,1	45,9	44,5	58,1	40,3
1980	56,1	52,3	52,9	54,6	46,9	51,0	52,8
1981	50,5	47,7	49,4	49,9	49,8	47,6	50,2
1982	54,0	55,0	56,8	55,2	61,4	62,2	54,4
1983	81,5	66,1	74,1	75,6	93,1	90,3	78,4
1984	29,0	22,4	19,0	26,0	23,0	20,5	25,7
1985	32,4	34,9	30,6	31,6	30,9	32,0	32,5
1986 ¹⁾	21,3	28,0	23,0	23,0	19,6	15,3	25,8

¹⁾ Bráðabirgðatölur.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

2. tafla. Framlag atvinnugreina til landsframleiðslunnar.
(Hlutfallstölur)

	1978	1979	1980	1981	1982	1983	1984	1985	1986
								Bráðab.- tölur	
Landbúnaður og vinnsla landbúnaðarvara	7,6	6,9	7,0	7,1	7,3	7,0	5,9	5,8	5,7
Fiskveiðar	8,9	9,5	8,5	8,0	6,0	5,9	7,1	7,5	7,9
Fiskvinnsla	9,0	10,6	11,0	10,9	10,0	8,2	7,5	7,9	8,2
Iðnaður	13,4	14,9	14,5	13,2	14,5	13,8	13,7	13,5	13,4
Rekstur rafmagns-, hita- og vatnsveitna	3,5	3,9	4,5	4,1	4,7	7,0	7,3	7,2	7,1
Byggingarstarfsemi	10,3	9,0	9,0	9,5	10,9	8,9	8,7	8,0	7,6
Verslun, veitinga- og hótellrekstur	11,1	12,3	12,7	12,9	13,2	14,0	13,5	13,4	13,5
Samgöngur	9,5	7,9	8,1	9,2	9,3	9,7	9,6	9,9	9,9
Opinber umsýsla og ýmis þjónustustarfsemi	35,3	36,6	36,9	36,1	40,0	40,2	35,9	36,1	36,0
Annað, nettó ¹⁾	-8,6	-11,6	-12,2	-11,1	-15,9	-14,6	-9,2	-9,2	-9,2
Samtals	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0	100,0

¹⁾ Þar með talin reiknuð bankaþjónusta og endurmat birgða.
Heimild: Þjóðhagsstofnun.

